

verðbréfa- markaður	lánamarkaður
lífeyrismarkaður	vátrygginga- markaður

Íslenskur fjármálamarkaður

Ársskýrsla 2007



EFNISYFIRLIT

1 STARFSEMI FJÁRMÁLAFTIRLITSINS

5

1.1 Áherslur í alþjóðlegu umhverfi

5

1.2 Stefnumótun og skipulag

6

1.3 Rekstrarupplýsingar

9

2 FJÁRMÁLAMARKAÐIR

11

2.1 Framkvæmd og skipulag eftirlits

11

2.2 Lánamarkaður

17

2.3 Verðbréfamarkaður

23

2.4 Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir

26

2.5 Vátryggingamarkaður

31

3 ÍSLENSKUR FJÁRMÁLAMARKAÐUR Í ALÞJÓÐLEGU UMHVERFI

36

3.1 Alþjóðavæðing fjármálakerfisins

36

3.2 Útrásarleiðir fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga

36

3.3 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

37

3.4 Eftirlitsstarfsemi í alþjóðlegu umhverfi

37

3.5 Flóknari áhættustýring - aukið flækjustig

39

3.6 Orðspors- og umræðuáhætta

39

4 EFTIRLITSSKYLDIR AÐILAR

41

4.1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila

41

4.2 Breytingar á starfsleyfum, heitum og fjölda eftirlitsskyldra aðila
á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.

41

4.3 Listi yfir eftirlitsskylda aðila 30.06. 2007

43

5 BREYTINGAR Á LÖGUM OG REGLUM

46

5.1 Almennt

46

5.2 Lánamarkaður

46

5.3 Verðbréfamarkaður

47

5.4 Lífeyrissjóðir

48

5.5 Vátryggingamarkaður

48

6 HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR ÁRSREIKNINGI FJÁRMÁLAFTIRLITSINS FYRIR ÁRIÐ 2006

50

INNGANGUR

Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2007 er gefið yfirlit yfir framkvæmd og skipulag eftirlitsstarfseminnar og þróun og horfur á fjármála-
markaði. Þar er einnig greint frá áherslum í starfi eftirlitsins í alþjóðlegu umhverfi. Efnisumfjöllun skýrslunnar tekur til tímabilsins
1. júlí 2006 til 30. júní 2007 en jafnframt til útgáfumánaðar, þ.e. nóvember 2007, þegar nauðsyn krefur. Í skýrslunni er birtur
listi yfir eftirlitsskylda aðila miðað við 30. júní 2007 og gerð grein fyrir breytingum á starfsleyfum þeirra á tímabilinu. Einnig er í
skýrslunni að finna yfirlit yfir breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði á sama tímabili. Þá eru einnig tilgreind leiðbeinandi
tilmæli Fjármálaeftirlitsins og túlkanir á ákvæðum laga. Helstu upplýsingar úr ársreikningi eftirlitsins fyrir árið 2006 eru birtar aftast
í skýrslunni. Ársskýrslan er sem fyrr jafnframt birt á ensku í sérstöku hefti en báðar útgáfurnar er einnig að finna á heimasíðunni,
www.fme.is. Vakin skal athygli á að þar má einnig finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag
opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins:

Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, formaður,
Sigríður Thorlacius, lögfræðingur, varaformaður,
Ingimundur Friðriksson, bankastjóri Seðlabanka Íslands.

Varamenn í stjórn:

Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti,
Þuríður Jónsdóttir, héraðsdómslögmaður,
Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur Seðlabanka Íslands.

Forstjóri: Jónas Fr. Jónsson

Aðstoðarforstjóri: Ragnar Hafliðason

1.1 Áherslur í alþjóðlegu umhverfi

Þróun og horfur

Markmið reglna á fjármálamarkaði er einkum að tryggja stöðugleika og öryggi í rekstri fyrirtækja í fjármálaþjónustu, gæta að jafnræði viðskiptamanna fjármálaþjónustufyrirtækja og fjárfesta og stuðla almennt að heilbrigðri viðskiptahátsemi.

Fjármálaeftirlitinu er falið það hlutverk að vinna að framgangi þessa markmiðs og stuðla að því að íslenskur fjármálamarkaður sé þekktur fyrir traust og áreiðanleika. Þetta er gert með því að fylgjast með fjárhagsstöðu og áhættu fyrirtækja á markaði, gæta að hæfi og trúverðugleika aðila, þátttöku í skilgreindum samskiptum eftirlitsaðila með alþjóðlegum fjármálamörkuðum, auk eftirfylgni með framkvæmd reglna. Fjármálaeftirlitið er þannig hluti af grunngerð (e. *infrastructure*) markaðarins.

Á síðustu misserum hefur íslenskur fjármálamarkaður einkennst af miklum vexti og þá einkum með aukinni starfsemi erlendis. Slíkt hefur og mun í vaxandi mæli hafa áhrif á verkefni og vinnubrögð Fjármálaeftirlitsins. Á næsta ári má vænta þess að Fjármálaeftirlitið muni einkum leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

Starfsemi erlendis

Fjármálaeftirlitið mun í vaxandi mæli starfa erlendis við eftirlit með útibúum íslenskra fyrirtækja eða í samráðsverkefnum við erlend eftirlit, einkum þar sem umsvif íslenskra fyrirtækja eru mikil. Stefnumótun sem átti sér stað í upphafi árs 2007 varðandi erlenda starfsemi Fjármálaeftirlitsins mun að fullu koma til framkvæmda á árinu 2008.

Samþættingaráhætta

Fjármálaeftirlitið mun leggja áherslu á að fylgjast með því, hugsanlega í samvinnu við erlendar systurstofnanir, að fjármála-fyrirtæki gæti þess að innri ferlar og stoðkerfi, s.s. ferli við mat og samþykki á fyrirgreiðslum, áhættustýring, innra eftirlit og regluvarsla vaxi í samræmi við stækkun fyrirtækjanna og að yfirsýn og eftirlit á samstæðugrunni sé fullnægjandi. Jafnframt þarf að gæta að sjálfstæði eftirlitseininga og stöðu í skipuriti. Mikill vöxtur, á stuttum tíma, sem nær til margra fyrirtækja í nokkrum löndum felur í sér samþættingaráhættu (e. *integration-risk*). Þessi áhætta eykst síðan með þeim breytingum sem orðið hafa á regluumhverfi fyrirtækja síðasta árið með nýjum reglum s.s. Basel 2 og MiFID.

Úrvinnslugreiningar og sjálfsmat

Skýrslur sem eftirlitsskyldir aðilar skila verða greindar með það að markmiði að leita eftir frávikum eða óæskilegri þróun miðað

við fyrirfram gefnar forsendur Fjármálaeftirlitsins. Til að gera slíka greiningu markvissari og skilvirkari fyrir bæði eftirlitið og eftirlitsskylda aðila vinnur Fjármálaeftirlitið stöðugt að endurskoðun skýrslueyðublaða sinna, hvað þörf, tíðni, innihald og leiðbeiningar varðar.

Á ákveðnum sviðum verður eftirlitsskyldum aðilum falið sjálfsmat á framkvæmd tiltekinna þátta.

Þemaskoðanir og viðbrögð

Vettvangsskoðanir (e. *on-site*) munu í vaxandi mæli byggja á þemaskoðunum þar sem einstakir áhættuþættir verða teknir út hjá eftirlitsskyldum aðilum í stað heildarúttekta. Jafnframt verður lögð áhersla á „viðbragðsskoðanir“ þegar ástæða þykir til, s.s. vegna verulegra frávikna í úrvinnslugreiningu eða þegar atvik koma upp á íslenskum eða alþjóðlegum mörkuðum. Sérstök áhersla verður á eftirfylgni með því að úrbætur vegna fyrri úttekta hafi skilað sér.

Hæfi fyrirtækja, eigenda og stjórnenda

Fjármálaeftirlitið mun áfram leggja áherslu á að framfylgja af festu reglum um hæfi fyrirtækja, eigenda og stjórnenda. Þetta er gert við meðferð á starfsleyfisumsóknum, umsóknum um virka eignarhluti í fjármála-fyrirtækjum og viðvarandi eftirliti með hegðun virkra eigenda, hæfisprófi nýrra framkvæmdastjóra og almennu eftirliti með hæfi stjórnenda.

Þröngt eignarhald

Fjármálaeftirlitið mun áfram leggja áherslu á að koma í veg fyrir skaðleg áhrif þröngs eignarhalds í fjármála-fyrirtækjum. Þannig eru gerðar ríkar kröfur til hæfis og hegðunar eigenda virkra eignarhluta. Sérstaklega verður gætt að góðum stjórnarháttum, s.s. hagsmunaárekstrum og reglum um afgreiðslu stjórnar á viðskiptaerindum. Viðskipti venslaðra aðila á að afgreiða á við-eigandi hátt og það þarf að vera sannanlega hægt að sýna fram á að byggt sé á „armslengdarsjónarmiðum“. Gætt skal að reglum um stórar áhættuskuldbindingar, og þá sérstaklega að tengdir aðilar séu taldir sem ein áhætta og þegar vafi leikur á tengslum ber fremur að velja varfærnari kost með tilliti til samþjöppunar-áhættu.

1.2.1 Stefnumótun

Á liðnu starfsári var lögð áhersla á innleiðingu á stefnumiðuðu árangursmati (Balanced Scorecard) hjá Fjármálaeftirlitinu. Árangursmatið byggir á 15 meginmarkmiðum sem sett eru fram í stefnukorti en skilgreindir mælikvarðar mæla árangur af starfi Fjármálaeftirlitsins. Sérstakur stýrihópur hefur umsjón með innleiðingu stefnunnar og mun Fjármálaeftirlitið birta niðurstöður mælinga fyrir árið 2007 fyrri hluta árs 2008.

Stjórnun verkefna

Innan Fjármálaeftirlitsins er unnið að fjölmörgum verkefnum sem snúa að eftirlitsstarfsemi, stefnumótun og upplýsingatækni. Til að stuðla að faglegum vinnubrögðum og skýrri markmiðasetningu tóku starfsmenn Fjármálaeftirlitsins þátt í námskeiði í verkefnastjórnun á árinu 2006 og í kjölfarið var innleitt nýtt vinnulag þar sem umsvifameiri verkefni, markmið þeirra, afurð og kostnaður eru skilgreind strax í upphafi og þau unnin samkvæmt fyrirfram skilgreindu verkferli. Þessi nálgun hefur gefist vel og er það stefna Fjármálaeftirlitsins að nýta frekar aðferðafræði verkefnastjórnunar.

Stefna Fjármálaeftirlitsins um alþjóðlega eftirlitsstarfsemi

Mikill og ör vöxtur íslenskra fjármálafyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum hefur umbreytt íslenskum fjármálamarkaði á stuttum tíma. Í lok október 2007 hafa íslensk fjármálafyrirtæki tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins um 56 starfseiningar í 21 landi. Þessi auknu umsvif á erlendum vettvangi hafa veruleg áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins og hefur verið mótuð sérstök stefna um starfsemi í alþjóðlegu umhverfi. Stefnan tekur á eftirliti með útibúum, dótturfélögum og umboðsskrifstofum fjármálaþjónustufyrirtækja. Aukin umsvif íslenskra fyrirtækja utan EES kalla á að Fjármálaeftirlitið geri samstarfssamninga við eftirlitsstofnanir í viðkomandi ríkjum. Á síðastliðnu starfsári undirritaði Fjármálaeftirlitið samstarfssamninga við fjármálaeftirlit á Mön, í Kína og Dubai. Fjármálaeftirlitið starfar í alþjóðlegu umhverfi og hjá stofnuninni starfar vel menntað fólk með starfsreynslu og menntun erlendis frá. Með erlendu stefnunni er ætlunin að veita þeirri þekkingu og reynslu í skilvirkan farveg og efla eftirlit með starfsemi íslensku fyrirtækjanna erlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

1.2.2 Upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf er orðin veigamikill þáttur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Á liðnu starfsári tók eftirlitið á móti töluverðum fjölda erlendra sérfræðinga, fulltrúum lánshæfismatsfyrirtækja, fjármálafyrirtækja og alþjóðastofnana auk innlendra gesta. Á fundunum hefur Fjármálaeftirlitið kynnt starfsemi stofnunarinnar og stöðuna á íslenskum fjármálamarkaði. Fundirnir eru alls orðnir hátt í fjörutú á árinu 2007 og gestirnir samtals um 85. Þeir aðilar sem heimsótt hafa stofnunina undantekningarlaust

lýst yfir ánægju sinni með þá upplýsingagjöf sem þeir hafa fengið. Þá hefur Fjármálaeftirlitið aukið upplýsingagjöf til fjölmiðla í samræmi við stefnu sína um auknið gegnsæi.

Tafla 1

Lykilmælikvarðar

V 1.	Öruggur fjármálamarkaður
V 1.1.	Meðaleinkunn úr áhættumati FME
V 2.	Áhrifavaldur í þróun fjármálamarkaðar
V 2.1.	Viðhorf markaðar til FME sem áhrifavaldur
V 2.2.	Fjöldi opinbera tilmæla (túlkantar ofl.)
V 3.	Heilbrigðir viðskiptahættir á markaði
V 3.1.	Fjöldi atvika og frávik frá normi
V 4.	Traust og trúverðugt fjármálaeftirlit
V 4.1.	Viðhorf markaðar til FME, traust og trúverðugleiki
I 1.	Markvisst verkefna- og verkabyrgð
I 1.1.	Frávik frá áætlunum
I 1.2.	Hlutfall sérstakra verkefna af heildarfjölda
I 2.	Starfsemi í hæsta gæðaflokki
I 2.1.	Fjöldi verkefna rýnd varðandi gæði og málsmeðferð
I 2.2.	Fjöldi samþykktra / endurskoðaðra lykilverkferla
I 3.	Skilvirkni í meðferð mála
I 3.1.	Meðallíftími verkefna
I 3.2.	Hlutfall mála eldri en eins árs
I 4.	Efla rafræna málsmeðferð
I 4.1.	Hlutfall rafrænnar úrvinnslu
I 5.	Skilvirk upplýsingamiðlun
I 5.1.	Upplýsingaþurðir
S 1.	Öflug þekking starfsmanna
S 1.1.	Hlutfall starfsmanna með meira en 3ja ára starfsreynslu
S 1.2.	Fjöldi starfsmanna sem nýtir sér starfstengda símenntun
S 2.	Fyrirmyndar upplýsingakerfi
S 2.1.	Staða upplýsingakerfa
S 3.	Eftirsóttur vinnustaður
S 3.1.	Viðhorf starfsmanna
S 3.2.	Fjöldi starfsúmsókna
F 1.	Standast fjárhagsáætlun
F 1.1.	Frávik frá áætlunum
F 2.	Hagkvæmni í rekstri
F 2.1.	Umsvif fjármálamarkaðar á hvert stöðugildi FME
F 3.	Verkefnum fylgi tekjur
F 3.1.	Hlutfall nýrra verkefna sem FME kostnaðarmetur

Kynningarfundir fyrir eftirlitsskylda aðila

Fjármálaeftirlitið stóð fyrir nokkrum kynningarfundum fyrir eftirlitsskylda aðila á liðnu starfsári. Á verðbréfasviði voru haldnir fundir um innleiðingu á tilkynningakerfi á verðbréfasviði og tilskipun Evrópusambandsins um viðskipti með fjármálagerninga (MiFID). Vátryggingasvið stóð fyrir fundaröð um QIS 3 þar sem m.a. var fjallað um útreikning gjaldþolskröfu vegna rekstraráhættu og vátryggingaskuld og vátryggingaáhættu. Þá hélt vátryggingasvið kynningarfundum um regluverk á vátryggingamarkaði og skyldur vátryggingafélaga í starfsstöðvum einstakra vátryggingafélaga. Þá var haldinn kynningarfundur með vátryggingafélögum og vátryggingamiðlurum hjá eftirlitinu í nóvember 2006 þar sem fjallað var um upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga nr. 32/2005.

Í lok árs 2006 og upphafi árs 2007 voru haldnir 5 kynningarfundir fyrir eftirlitsskylda aðila um rafræn skýrsluskil, en frá og með 1. janúar 2007 hóf Fjármálaeftirlitið að taka við skýrslum frá eftirlitsskyldum aðilum í rafrænu skýrsluskilakerfi.



Liu Mingkang, formaður kínverska bankaftirlitsins ávarpar fundargesti

Fundur um útrás fjármálfyrirtækja til Kína

Í byrjun júní 2007 stóð Fjármálaeftirlitið fyrir morgunverðarfundum um útrás íslenskra fjármálfyrirtækja til Kína. Tilfnið var heimsókn formanns og sendinefndar kínverska bankaftirlitsins (CBRC) og undirritun samstarfssamnings eftirlitsstofnananna tveggja um samstarf og upplýsingagjöf vegna starfsemi íslenskra fjármálfyrirtækja í Kína. Á fundinum töluðu þeir Lárus Finnbogason, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Liu Mingkang, formaður CBRC og Lárus Welding, forstjóri Glitnis. Um 50 manns sóttu fundinn.

Skýrsla um uppgjör í erlendri mynt

Í febrúar 2007 gaf Fjármálaeftirlitið út skýrslu um reikningskil í erlendri mynt. Skýrslan var sett fram sem faglegt innlegg í umræðuna um málefnið, en skömmu áður hafði Straumur-Burðarás fengið heimild til þess að breyta uppgjörsmýnt sinni. Aðrir bankar höfðu áður lýst yfir svipuðum áformum og þótti Fjármálaeftirlitinu rétt í því ljósi að skoða hvaða áhrif slíkar breytingar kynnu að hafa.

Fjármálaeftirlitið í umræðunni

Töluverð umræða átti sér stað um mikilvægi Fjármálaeftirlitsins fyrir íslenskan fjármálamarkað á liðnu starfsári. Fulltrúar eftirlitsskyldra aðila vöktu m.a. athygli á nauðsyn þess að Fjármálaeftirlitið vaxi í takt við vöxt og útrás fjármálfyrirtækjanna. Þetta sjónarmið kom skýrt fram í máli formanns Samtaka fjármálfyrirtækja (SFF) á aðalfundi samtakanna í apríl 2007 þar sem hann sagði að stórefla ætti Fjármálaeftirlitið og búa þannig að því að það réði vel við stærri og alþjóðlegri verkefni. Samskonar sjónarmið komu fram hjá formanni Landssamtaka Lífeyrissjóða í maí sem sagði að lífeyrissjóðirnir störfuðu undir miklu eftirliti og því væri mikilvægt að Fjármálaeftirlitið gæti áfram sinnt eftirlitsstörfum sínum með skilvirkum hætti.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, sem tók við stjórnartaumum í maí 2007, kemur fram að áhersla verði lögð á að efla Fjármálaeftirlitið til þess að íslenski fjármálamarkaðurinn njóti fyllsta trausts. Þá hafa leiðarahöfundar íslensku blaðanna einnig fjallað nokkuð um mikilvægt hlutverk Fjármálaeftirlitsins og lagt áherslu á að stofnunin nái axla þá auknu ábyrgð sem fylgir alþjóðavæðingu íslenskra fjármálfyrirtækja.

1.2.3 Upplýsingatæknistefna Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið hefur mótað metnaðarfulla upplýsingatæknistefnu þar sem meginmarkmiðið er að auka skilvirkni og einfalda ferla. Helstu atriði þeirrar stefnu eru eftirfarandi:

- Öll samskipti við eftirlitsskylda aðila verði rafræn.
- Úrvinnslukerfi verði fyrir hendi sem vinni frumgreiningu á upplýsingum og geri viðvart um frávik (e. *early warning*).
- Gagnagrunnar og málaskráningarkerfi séu samhæfð og tryggja auðvelda geymslu, úrvinnslu og notkun upplýsinga.
- Öryggi upplýsinga sé tryggt og eftirlitið fái vottun skv. ISO 27001.
- Vefumsjónarbúnaður og heimasíða styðji við öfluga og markvissa upplýsingamiðlun, þess vegna í mismunandi víddum, þ.e. á innra-neti (innan stofnunar), á ytra neti (skilgreind vefsvæði fyrir einstaka eftirlitsskylda aðila eða systurstofnanir) og interneti (almenningur).
- Hugbúnaður og vélbúnaður uppfylli þarfir hvers tíma.
- Eftirlitið geti uppfyllt alþjóðlegar skuldbindingar, s.s. TRS (Transaction Reporting System) og OAM (Officially Appointed Mechanism)

Rafræn skýrsluskil

Í ársbyrjun 2007 tók Fjármálaeftirlitið í notkun rafrænt skýrsluskilakerfi sem tekur við skýrslum sem eftirlitsskyldum aðilum ber að skila reglulega en eftirlitinu berast árlega um 4000 skýrslur. Markmið kerfisins er að bæta yfirsýn eftirlitsins yfir skýrsluskil, auka öryggi gagnaflyttinga, auðvelda úrvinnslu gagna og afnema skýrsluskil á pappír. Þá gerir skýrsluskilakerfið eftirlitsskyldum aðilum auðveldara að skila gögnum og gefur þeim betri yfirsýn yfir þær skýrslur sem sendar eru eftirlitinu. Áætlað er að við notkun þessa kerfis sparist allt að 1100 vinnustundir á ári við það eitt að flokka, skrá og skanna þær skýrslur sem áður bárust eftirlitinu á pappír. Fjármálaeftirlitið vinnur að þróun kerfisins, m.a. villuprófanir á skýrslum og innkeyrslu skjala beint úr gagnagrunnum eftirlitsskyldra aðila. Einnig hefur verið þróað kerfi sem gerir aðilum kleift að skila innherjalistum sjálfvirkir. Þetta kerfi var þróað í samvinnu við eftirlitsskylda aðila.

Sjálfvirkt úrvinnslukerfi - frávikagreining

Fjármálaeftirlitið er að þróa sjálfvirkt úrvinnslukerfi, svokallað frávikagreiningarkerfi (e. *early warning system*), sem greinir frávik og hættumerki og gerir sjálfvirka úrvinnslu gagna mögulega og gefur yfirsýn yfir starfsemi einstakara eftirlitsskyldra aðila og markaðarins í heild.

Nýtt vefsvæði og innri vefur

Á árinu 2007 tók Fjármálaeftirlitið í notkun nýjan vefumsjónar-búnað og í framhaldi af því nýja heimasíðu. Heimsóknir hafa aukist verulega á heimasíðuna, m.a. nýta erlendir aðilar sér hana töluvert til að afla upplýsinga um íslenskan fjármálamarkað. Töluverðar breytingar voru gerðar á síðunni með það að markmiði að gera upplýsingar aðgengilegri. Einnig hefur verið tekin upp sjálfvirk uppfærsla tiltekinna upplýsinga á heimasíðunni. Þar er helst að nefna upplýsingar um innherja en innherjalistar sem eftirlitsskyldir aðilar skila í rafræna skýrsluskilakerfið birtast nú sjálfvirk á heimasíðunni. Þá er stefnt að því að skráningar-lýsingar á verðbréfum, sem Fjármálaeftirlitinu ber að birta opinberlega, verði einnig birtar sjálfkrafa á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Hvortveggja er vinnusparandi og gerir starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins kleift að nýta tímann í önnur mikilvæg verkefni.

Hafinn var undirbúningur að þróun á innri vef Fjármálaeftirlitsins og er stefnt að því að hann verði tekinn í notkun á árinu 2008. Markmiðið með innra vefsvæði er að bæta þekkingarstjórnun og upplýsingaflæði, auka skilvirkni og gæði í vinnubrögðum og styðja fyrirtækjamenningu Fjármálaeftirlitsins.

Tilkynningakerfi vegna MiFID

Mikil undirbúningsvinna var vegna tilkynningakerfisins (Transaction Reporting System - TRS) sem tekið var upp við innleiðingu MiFID tilskipunarinnar í byrjun nóvember 2007. Fjármálaeftirlitið hefur í samstarfi við fjármálaeftirlit á Norðurlöndum og í Litháen unnið að smíði kerfis sem allir þessir aðilar nota til söfnunar upplýsinga um viðskipti með fjármálagerninga. TRS-kerfið er stærsta upplýsingatækni-verkefni sem Fjármálaeftirlitið hefur tekist á hendur. Ávinningur af samstarfinu er sparnaður og að eftirlitsskyldir aðilar fá sama viðmót hvar sem er á Norðurlöndunum og í Litháen en mörg íslensk og norræn fjármálafyrirtæki starfa á þessum mörkuðum.

Eftirlit með upplýsingatækni.

Eftirlit með upplýsingatækni hjá eftirlitsskyldum aðilum verður áfram mikilvægur þáttur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á eftirlit með þessum þætti hjá stærstu fyrirtækjunum. Á fyrri hluta ársins 2005 gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2005, um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Mótun eftirlitsverklags sem byggir á þeim tilmælum hefur farið fram. Mun eftirlitið fara fram um leið og annað eftirlit hjá viðkomandi aðilum og

verður fellt inn í reglulegt eftirlit. Þá munu eftirlitsskyldir aðilar í auknum mæli framkvæma rafrænt sjálfsmat um stöðu upplýsingatæknimála.

Áhersla hefur verið lögð á að aðilar sem sótt hafa um starfsleyfi uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í tilmælunum. Hefur töluverð vinna farið í samstarf við starfsleyfisumsækjendur og aðstoð við að uppfylla tilmælin. Mikilvægt er að eftirlitsskyldir aðilar byggi tölvukerfi sín upp í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins strax frá upphafi.


1.2.4 Skipulag og mannauður

Innra skipulag

Starfsemi Fjármálaeftirlitsins er skipt í fjögur verkefnasvið auk stoðþjónustu undir stjórn forstjóra. Forstjóri ákveður hvaða verkefni falla undir hvert svið eða stoðþjónustu. Forstjóri tilnefnir einn eða fleiri einstaklinga til að hafa yfirsýn yfir verkefni á viðkomandi sviði og stjórnunarlega ábyrgð á tilteknum verkefnum sem hann framselur til þeirra með almennt eða sérstakri ákvörðun.

Mannauður

Fjármálaeftirlitið er þekkingarfyrirtæki þar sem lögð er áhersla á að starfsfólk sé ánægt í starfi og geti nýtt þekkingu og reynslu sína í daglegum verkefnum og þróast í starfi. Í viðhorfskönnun meðal ríkisstarfsmanna sem framkvæmd var af Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og ParX viðskiptaráðgjöfum í nóvember 2006 fyrir fjármálaráðuneytið, kom fram að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru almennt ánægðir í starfi sínu. Starfsánægja mælist, samkvæmt könnuninni, hærrí hjá starfsfólki Fjármálaeftirlitsins en almennt gerist hjá opinberum stofnunum og á almennum vinnumarkaði.



Fjármálaeftirlitið hefur mótað sérstaka símenntunarstefnu sem hefur í för með sér að stofnunin tekur þátt í kostnaði vegna starfstengdrar símenntunar starfsfólks. Um er að ræða námskeið og kynningarfundir auk lengra náms. Á árunum 2006–2007 nýttu um 70% starfsmanna sér slíka menntun.



Starfsmenn FME á Hvannadalshnúk vorið 2007.

Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins voru á miðju ári 2007 alls 54 (þar af 45 í fullu starfi) og eru þá meðtaldir starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið og í sumarstörf. Skiptingin er þessi:

- 18 viðskipta- og hagfræðingar
- 13 lögfræðingar
- 2 tryggingastærðfræðingar
- 4 sérfræðingar í upplýsingatækni
- 4 aðrir sérfræðingar
- 4 skrifstofufólk
- 9 tímabundnar ráðningar og sumarstörf

1.3 Rekstrarupplýsingar

Mála- og tímaskráning

Á skýrslutímabilinu voru 1179 ný mál skráð til meðferðar eða vinnslu hjá Fjármálaeftirlitinu. Hugtakið mál í þessu sambandi nær bæði til hverskonar innkominna erinda sem berast stofnuninni, mikils fjölda úrvinnsluverkefna af ýmsum toga sem verða til við eftirlitsstarfsemina og einnig verkefna sem varða almennt rekstrarutanumhald stofnunarinnar. Málin eru margbreytileg hvað efni, umfang og afgreiðslutíma varðar. Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjölda nýrra skráðra mála samkvæmt framangreindu og ýmsar upplýsingar um fjölda verkefna Fjármálaeftirlitsins úr málaskrá. Til samanburðar eru í fremri dálki sambærilegar fjöldatölur fyrir næsta tólf mánaða tímabil á undan.

Tafla 2

Ýmsar upplýsingar úr málaskrá Fjármálaeftirlitsins

	Tímabil	
	1.07.2005-30.6.2006	1.07.2006-30.6.2007
Mál stofnuð/tekin upp á tímabilinu	1123	1179
Vettvangsathuganir	45	36
Starfsleyfi (<i>ný eða viðbót</i>)	8	5
Staðfestingar verðbréfa- og fjárfestingarsjóða (<i>sjóðsdeildir meðtaldar</i>)	29	22
Umsagnir um samþykktir lífeyrissjóða	21	17
Heimildir fyrir virkum eignarhlutum	14	12
Skráning tilkynninga um veitingu þjónustu yfir landamæri frá erlendum aðilum innan EES	1236	421
Tilkynningar um starfsemi íslenskra eftirlitsskyldra aðila erlendis	43	44
Hæfismat á framkvæmdastjórum eftirlitsskyldra aðila	21	23
Reglur, leiðbeinandi tilmæli og túlkanir	3	8
Athugasemdir, ábendingar, kröfur um úrbætur (<i>fjöldi bréfa</i>)	358	453
Dagsektir	18	26
Stjórnvaldssektir (<i>einungis úrræði á afmörkuðu sviði verðbréfamarkaðar</i>)	15	8
Févíti	1	0
Ríkislögglustjóra greint frá máli skv. 12. gr. laga nr. 87/1998	5	0

Málaskrá Fjármálaeftirlitsins er tengd tímaskráningu og þar er að finna upplýsingar um skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Höfð er hliðsjón af þeim upplýsingum við ákvörðun um hlutfallskskiptingu kostnaðar við rekstur Fjármálaeftirlitsins milli eftirlitsskyldra aðila. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ráðstöfunartímans fyrir árin 2005 og 2006.

Tafla 3

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila	2005 %	2006 %
Lánastofnir	50	50
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	18	18
Lífeyrissjóðir	18	16
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	3	5
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamíðlanir	1	1
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	9	9
Ýmsir aðilar	1	1
	100	100

Rekstur á árinu 2006 og áætlaður rekstur á árinu 2007

Á árinu 2006 námu gjöld Fjármálaeftirlitsins að meðtöldum eignakaupum alls 390,6 m.kr. en tekjur að meðtöldum fjármunatekjum alls 449,7 m.kr. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 435,1 m.kr. Á árinu 2006 varð því 59,1 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Eigið fé í árslok 2006 var 49,0 m.kr. Undanskilið í framangreindu eru gjöld og tekjur vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu.

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2006 var gert ráð fyrir 16,6 m.kr. tekjuafgangi til að jafna áætlað neikvætt eigið fé í ársbyrjun 2006 að sömu fjárhæð. Endanlegur tekjuafgangur ársins 2006 varð hins vegar 59,1 m.kr. Skýringar á þessari hækkun eru í meginatriðum þær að innheimt eftirlitsgjald á árinu 2006 reyndist 11,2 m.kr. hærra en áætlað var, launakostnaður 28,3 m.kr. lægri og vaxtatekjur og aðrar tekjur hærri um 11,6 m.kr. Önnur gjöld stofnunarinnar voru 8,4 m.kr. hærri en áætlað var. Veigamesta frávikid sem tilgreint er hér að framan tengist launakostnaði ársins. Skýrist það fyrst og fremst af tölum við ráðningu starfsmanna og breytingu á samsetningu starfsmannahóps í kjölfar mikillar starfsmannaveltu. Hækkun eftirlitsgjalds umfram áætlun skýrist hins vegar af breytingum á starfsleyfum eftirlitsskyldra aðila sem ekki voru fyrir séðar þegar áætlun var gerð.

Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að gjöld án úrskurðarnefnda á árinu verði alls 607,6 m.kr. Áætlað er að tekjur að meðtöldum vaxtatekjum verði 609,3 m.kr. en þar af verði tekjur af eftirlitsgjaldi 601,9 m.kr. Tekjuafgangur á árinu 2007 er því áætlaður 1,7 m.kr. Að teknu tilliti til 49 m.kr. eiginfé í ársbyrjun 2007 er því gert ráð fyrir að eigið fé stofnunarinnar verði jákvætt um 50,7 m.kr. í árslok 2007.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er gert ráð fyrir sérstökum varasjóði sem í árslok 2007 er áætlaður 30 m.kr. Eigið fé að frádregnum þessum sérstaka varasjóði er því áætlað 20,7 m.kr. í árslok 2007 sem kemur til frádráttar við álagningu eftirlitsgjalds 2008.

Helstu atriði úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006 eru sýnd í 6. kafla skýrslunnar en ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Rekstraráætlanir Fjármálaeftirlitsins og öll fylgigögn eru fylgiskjöl með árlegum frumvörpum viðskiptaráðherra til breytinga á lögum nr. 99/1999 vegna álagningar eftirlitsgjalds.



2.1 Framkvæmd og skipulag eftirlits

2.1.1 Eftirlitsheimsóknir (on-site)

Svokallað vettvangseftirlit fer fram með eftirlitsheimsóknum (e. *on-site*) þar sem farið er á starfsstöðvar eftirlitsskyldra aðila og gerðar kannanir á starfsemi þeirra. Eftirlitsheimsóknir til einstakra aðila eru bæði ákveðnar fyrirfram í verkáætlunum Fjármálaeftirlitsins og einnig er farið í slíkar heimsóknir vegna tilfallandi atvika eða aðstæðna sem kalla á viðbrögð af hálfu eftirlitsins. Eftirlitsheimsókn lýkur með gerð skýrslu með athugasemdum, ábendingum og kröfum um úrbætur eftir atvikum í hverju tilviki. Niðurstöðum eftirlitsskýrslu er fylgt eftir við viðkomandi aðila.

Lánamarkaður

Á verkáætlun ársins 2007 fyrir lánamarkað var úttekt á útlánaá-hættu stærstu fjármálafyrirtækja sem framkvæmd var með eftirlitsheimsóknum í 6 fyrirtæki í september. Markmið verkefnisins var að fá góða yfirsýn yfir útlánaá-hættu banka og stærstu sparisjóða. Hluti af verkefninu var að leggja mat á áhættustýringu og innra eftirlit á þessu sviði. Athugun Fjármálaeftirlitsins fólst í því að afla gagna á staðnum um helstu þætti varðandi framkvæmd útlána til að meta hvort umgjörð og innra eftirlit væri fullnægjandi. Stefnit er að birtingu á megin niðurstöðum athugunarinnar þegar hún liggur fyrir.

Á tímabilinu var lokið við athugun á innra eftirliti og áhættustýringu hjá einum viðskiptabankanna. Aðrar eftirlitsheimsóknir á lánamarkaði voru 12 á tímabilinu. Þær fólust m.a. í markmiðsfundum sem haldnir eru reglulega með stjórnendum fjármálafyrirtækja þar sem farið er yfir markmið þeirra í rekstri, ýmsar áhættur í rekstri þeirra og dreifingu áhættu, erlenda starfsemi og önnur mál sem tengjast hverju fyrirtæki sérstaklega.

Gerðar voru úttektir á eftirfylgni og framkvæmd þriggja fjármálafyrirtækja og eins útibús erlends fjármálafyrirtækis á reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Framkvæmd var skoðun á tveimur erlendum útibúum íslenskra banka en um var að ræða fyrstu slíkar vettvangsskoðanir erlendis. Meðal þess sem var athugað var hvort fjármálafyrirtækin hefðu gert ráðstafanir til að bregðast við áföllum á borð við farsóttir, hamfarir o.s.frv., og afleiðingum þeirra. Slík athugun er nýbreytni í eftirliti.

Verðbréfamarkaður

Í samræmi við eftirlitsskyldur sínar framkvæmdi Fjármálaeftirlitið athugun á starfsháttum í verðbréfavíðskiptum hjá einum

viðskiptabankanna. Nánar tiltekið beindist athugunin að Kínámúrur, regluvörslu, og viðskiptaháttum í verðbréfavíðskiptum, einkum viðskiptaháttum við eignastýringu, einkabankaþjónustu, miðlun og eigin fjárfestingar. Um er að ræða ítarlega úttekt sem framkvæmd var með heimsókn og gagnaöflun. Úttektin fellur undir gegnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins og munu niðurstöður hennar verða birtar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Einnig var framkvæmd athugun á starfsháttum hjá einu verðbréfafyrirtæki á tímabilinu. Athugunin beindist að ýmsum þáttum í rekstri félagsins s.s. innra eftirliti, Kínámúrur og regluvörslu. Í kjölfar athugunarinnar var rituð skýrsla þar sem fram komu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekins frests. Þar sem úttektin féll undir gegnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins var niðurstaða hennar birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að umgjörð um regluvörslu hefði verið ófullnægjandi auk þess sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir við að ekki væri farið að lögum og reglum um Kínámúra.

Lífeyrissmarkaður

Á tímabilinu voru framkvæmdar tvær vettvangsathuganir en jafnframt lokið við skýrslur vegna tveggja eldri athugana. Lögð var áhersla á eftirfylgni við ábendingar um úrbætur og athugasemdir sem gerðar hafa verið í fyrri athugunum. Við athuganirnar er farið yfir alla helstu þætti í starfsemi sjóðanna, s.s. fjárfestingar, réttindabókhald, tryggingafræðilegar úttektir, fjárfestingastefnur, ársreikninga og innra eftirlit. Á tímabilinu var lögð áhersla á að fara yfir aðgerðir lífeyrissjóðanna samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Slík athugun mun framvegis verða reglulegur hluti athugananna. Helstu ábendingar og athugasemdir í kjölfar vettvangsathugana beindust að fjárfestingum og flokkun þeirra samkvæmt lífeyrissjóðalögum, fjárfestingarstefnum, ársreikningum, innra eftirliti og innri reglum sjóðanna.

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Stofnun og rekstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða er megin hlutverk rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Rekstrarfélögin eru fjármálafyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og á tímabilinu voru framkvæmdar tvær vettvangsathuganir hjá rekstrarfélögum. Meginþungi úttektanna sneri að sjálfstæði og óhæði félaganna og aðskilnaði starfssviða.

Vátryggingafélög og vátryggingamiðlanir

Á vátryggingasviði voru gerðar sérstakar athuganir á rekstri tveggja skadatryggingafélaga og þriggja vátryggingamiðlara með

eftirlitsheimsóknnum og eftirfylgni. Í heimsóknnum til váttryggingafélaganna var lögð áhersla á athugun á fjárhagslegri stöðu, bókhaldi, endurtryggingavernd, tjónareynslu og tjónaafgreiðslu. Sú nýbreytni varð á tímabilinu að þrjár markmiðsfundir voru haldnir með þremur stærstu váttryggingafélögum. Á þeim fundum var m.a. rætt um helstu áherslur félaganna og áherslur Fjármálaeftirlitsins. Auk þessa voru haldnir þrjár kynningarfundir með váttryggingafélögum. Á þeim fundum var rætt um starfsemi eftirlitsins og skyldur aðila, alþjóðlegt samstarf þess og fyrirkomulag tilkynninga um veitta þjónustu um starfsemi milli landa og notkun upplýsinga við fjárhagslegt eftirlit.

Í eftirlitsheimsóknnum til váttryggingamiðlara var farið yfir alla helstu þætti í starfsemi þeirra s.s. fjárhagslega stöðu, rekstur og framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um miðlun váttrygginga nr. 32/2005 o.fl.

Eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Peningabætti er alþjóðlegt vandamál, en með vaxandi heimsvæðingu viðskipta og frelsi í fjármagnsflæði milli ríkja hefur það orðið mikilvægur þáttur í alþjóðlegri glæpastarfsemi, svo sem fíkniefnaviðskiptum og hryðjuverkum. Fjármálaeftirlitið leggur því mikla áherslu á að viðhaft sé öflugt eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Á árinu 2006 var tekið upp nýtt verklag við eftirlit með peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Hefur nú verið unnið eftir hinu nýja verklagi með góðum árangri. Meðal annars var farið í þrjár heildarúttektir í fjármálaeftirlit á tímabilinu þar sem unnið var samkvæmt hinu nýja verklagi auk þess sem athugun á aðgerðum gegn peningabætti hefur jafnframt verið framkvæmd sem hluti annarra úttekta hjá eftirlitsskyldum aðilum.

Í kjölfar nýrrar löggjafar um peningabætti sem tók gildi í júní 2006 hefur verið unnið að leiðbeinandi tilmælum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilgangur tilmælanna er að skýra ýmis atriði laganna og geta tilmælin orðið grundvöllur krafna Fjármálaeftirlitsins um úrbætur með tilvísun til laga og reglna um efnið. Drög að tilmælunum voru birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins sem umræðuskjal nr. 5/2007 og send eftirlitsskyldum aðilum og öðrum fagaðilum til umsagnar. Hefur verið unnið úr þeim umsögnum sem borist hafa og verða tilmælin gefin út fyrir árslok 2007.

Fjármálaeftirlitið og saksóknari efnahagsbrota undirrituðu á tímabilinu samstarfssamning varðandi samstarf vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Markmið samningsins er að auka samvinnu Fjármálaeftirlitsins og saksóknara efnahagsbrota á sviði upplýsingagjafar, kynninga og fræðslu. Sérstök áhersla er lögð á upplýsingaskipti vegna upplýsinga sem aflað er í alþjóðasamstarfi og upplýsingar um tilkynningar sem berast vegna gruns um peningabætti.

2.1.2 Fjárhagslegt eftirlit (off-site)

Undir fjárhagslegt eftirlit falla úttektir sem framkvæmdar eru hjá Fjármálaeftirlitinu án þess að farið sé á starfsstöð fjármálaeftirlitstækis (e. *off-site*). Þetta felur í sér m.a. yfirferð og greiningu á gögnum sem eftirlitsskyldir aðilar skila til eftirlitsins bæði við regluleg gagnaskil sem og sérstakar kannanir. Fjármálaeftirlitið innheimtir árlega um fjögur þúsund skýrslur af ýmsum toga frá eftirlitsskyldum aðilum á grundvelli reglubundinna gagnaskila. Skilafélag einstakra skýrslna er mismunandi eftir efni þeirra.

Rafrænt úrvinnsluferfi

Fjármálaeftirlitið vinnur að gerð úrvinnsluferfis (e. *early warning system*) sem nýtir reglulega þau gögn sem eftirlitið safnar til að greina með sjálfvirkum hætti hvort hættumerki séu í rekstri eftirlitsskyldra aðila. Fyrir hvern markað eru skilgreindar kennitölur, þ.e. hlutföll, sem eru að mestu samanburðarhæf hjá sambærilegum aðilum. Kennitölurnar eru flokkaðar eftir því hvort um er að ræða lögbundin hlutföll eða ekki. Skilgreind eru gul og rauð frávik fyrir allar kennitölur. Rauð frávik miðast við lögbundin hlutföll þar sem við á. Almennit teljast rauð frávik ógnun við áframhaldandi rekstur eftirlitsskyldra aðila en gul frávik kalla annað hvort á nánari skoðun á tilteknum þáttum eða gefa vísbendingu um að rétt sé að fylgjast betur með rekstri aðilans. Markmiðið með úrvinnsluferfinu er einkum tvíþætt. Annars vegar að auka möguleika Fjármálaeftirlitsins að bregðast fyrir við þegar fyrirsjáanleg eru vandamál í rekstri eftirlitsskyldra aðila og hins vegar gefur kerfið möguleika á að skipuleggja umfang eftirlits þannig að mest áhersla sé lögð á eftirlit með þeim áhættuþáttum og hjá þeim eftirlitsskyldum aðilum þar sem frávik koma fram eða áhætta telst meiri. Unnið er að þróun og verða niðurstöður nokkurra kennitalna prófaðar í lok þessa árs. Frumgerð kerfisins verður tekin í notkun á árinu 2008 og eftirlitsframkvæmd þróuð á árinu.

Lánamarkaður

Fjárhagslegt eftirlit með söfnun og úrvinnslu á gögnum frá fjármálaeftirlitstækjum snýr fyrst og fremst að afkomu og stöðu, s.s. ársreikningum, endurskoðunarskýrslum og skýrslum um eigið fé. Þá er einnig um að ræða greiningu á kröfum og skuldum eftir landssvæðum, greiningu á útlánum eftir tegundum og sundurliðun á stórum áhættuskuldbindingum.

Meðal nýrra skýrslna sem innleiddar voru á tímabilinu er svonefnd COREP skýrsla (e. *Common Reporting*), sem byggir á reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálaeftirlitstækja. Skýrsluformið var unnið af samstarfsnefnd evrópskra bankaeftirlita (Committee of European Banking Supervisors – CEBS). Markmiðið með skýrsluforminu er að samræma skýrsluskil um eiginfjárkröfur fjármálaeftirlitstækja innan EES. Þá er í undirbúningi hjá Fjármálaeftirlitinu útgáfa viðmiða vegna svonefndrar ICAAP skýrslu fjármálaeftirlitstækja (e. *Internal Capital Adequacy Assessment Process*), sem er skýrsla um innra matsferli fyrir eiginfjárbörð.

Með því ferli er fjármálfyrirtækjum ætlað að:

- skilgreina, meta, safna saman og fylgjast með áhættu sinni á fullnægjandi hátt,
- eiga nægilegt eigið fé í samræmi við áhættumat fyrir-tækisins, og
- nota traust áhættumatskerfi og þróa þau frekar.

Ennfremur var innleitt sérstakt skýrsluform um fjármögnunar-þörf fjármálfyrirtækja.

Unnið hefur verið að þróun á áhættumatskerfi fyrir fjármála-fyrirtæki sem felur í sér að fyrirtækin eru flokkuð í áhættuflokka samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

- a) Vægi áhrifa á trúverðuleika fjármálamarkaðs, hagsmuni almennings og viðskiptavina eða eftirlitsmarkmið Fjármála-efirlitsins ef fyrirtæki verður fyrir áföllum.
- b) Líkum á að fjármálfyrirtæki setji eftirlitsmarkmið í hættu m.v. áhættustig þess með hliðsjón af:
 1. viðskiptastefnu fyrirtækisins,
 2. viðskiptaáhættu (t.d. lána-, markaðs-, lausafjár- og rekstraráhættu) sem starfsemin felur í sér,
 3. fjárhagslegri uppbyggingu,
 4. tegundum viðskiptavina og þjónustuþátta,
 5. innri kerfum, innra eftirliti, regluhlýðni og
 6. skipulagi fyrirtækis og innri stjórnunarháttum.

Fjármálfyrirtækjum eru gefnar einkunnir sem endurspeglar áhættustig viðkomandi. Helstu þættir sem einkunn er gefin fyrir eru eiginfjárstaða, gæði eigna, lausafjárahætta, markaðs-áhætta og stjórnun.

Niðurstöður úr áhættumatskerfinu eru m.a. notaðar við ákvörðun um forgangsöröðun verkefna. Ennfremur er niðurstaða einkunnagjafar fyrir stærstu fjármálfyrirtækin notuð sem viðmið varðandi öryggi fjármálamarkaðar sem er einn af mælikvörðunum sem notaður er til að mæla árangur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Framkvæmd álagsprófa er mikilvægur þáttur í eftirliti Fjármálaeftirlitsins með eftirlitsskyldum aðilum. Tilgangurinn er að meta hversu vel viðkomandi aðilar geta mætt áföllum sem tengjast einstökum áhættuþáttum í starfseminni. Dæmi um slíkt eru álagspróf sem Fjármálaeftirlitið framkvæmir reglulega og ná til markaðsáhættu sem tengist hlutabréfum og skuldabréfum, útlánaáhættu og áhrifa af veikingu íslensku krónunnar á fjárhagsstöðu fjármálfyrirtækja. Til viðbótar við framangreint má nefna að Fjármálaeftirlitið framkvæmir frekari álagspróf sem ná t.d. til fastvaxtaáhættu vegna liða í lánabók, viðbótarálags vegna útlánatapa og lausafjárahættu. Niðurstöður framangreindra álagsprófa eru liður í mati Fjármálaeftirlitsins á áhættustöðu viðkomandi eftirlitsskylds aðila og fjárhagslegum styrk. Innleiðing á stoð II (e. *Pillar 2*) nýrra Basel II reglna felur í sér enn frekari

áherslu á álagspróf sem lið í mati Fjármálaeftirlitsins á áhættustigi einstakra fjármálfyrirtækja og eigin mati sömu fyrirtækja á eigin-fjárþörfinni.

Verðbréfamarkaður

Á tímabilinu vann Fjármálaeftirlitið áfram að gerð upplýsinga-kerfis þar sem öll vinnsla og utanumhald útgefenda á innherja-listum er á rafrænu formi. Kerfið var tekið í notkun í lok árs 2006 og skila útgefendur skráðra hlutabréfa og skuldabréfa rafrænum innherjalistum. Kerfið skilar miklum tíma- og vinnusparnaði fyrir útgefendur, auk þess sem allt utanumhald um listana er einfaldara en áður þ.m.t. sjálfvirk birting lista á heimasíðu eftirlitsins yfir fruminnherja útgefenda með verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi.

Á tímabilinu hafði Fjármálaeftirlitið til athugunar nokkur mál þar sem vísbendingar voru um brot á ákvæðum um innherja-viðskipti og markaðsmisnotkun. Nýlegar breytingar á lögum sem snerta verðbréfamarkaðinn hafa lotið að því að styrkja enn frekar eftirlit og auka aðhald á verðbréfamarkaði. Með rafræna eftirlitskerfinu, TRS (e. *Transaction Reporting System*), verður markaðsvakt Fjármálaeftirlitsins á hugsanlegum brotum á verðbréfamarkaði væntanlega öflugri og skilvirkari og gefur færi á að grípa fyrir inn í mál sem upp koma. Þetta krefst þess þó að Fjármálaeftirlitið búi yfir úrvinnslukerfi sem byggir á þeim gögnum sem skilað er í tilkynningaskilakerfið og reglulegri greiningu þeirra.

Lífeyrismarkaður

Á tímabilinu var áfram unnið að gæða- og áhættuflokkunarkerfi fyrir lífeyrissjóði með það að markmiði að beintengja kerfið gagnagrunnum Fjármálaeftirlitsins. Kerfið samanstendur af álagsprófi og gæðaflokkunarkerfi fyrir lífeyrissjóðina og mun einkum verða notað til að forgangsraða sjóðum í eftirliti en það gefur jafnframt aukna yfirsýn yfir áhættur og nauðsynlegt umfang áhættustýringar hjá sjóðunum. Á tímabilinu var kerfið nýtt við vettvangsathuganir hjá einstökum sjóðum.

Gæðaflokkunarkerfið byggir á upplýsingum úr gagnagrunni Fjármálaeftirlitsins auk annarra upplýsinga um starfsemi lífeyris-sjóðanna s.s. gagnaskilum til Fjármálaeftirlitsins, innra eftirliti hjá sjóðunum, stöðu fjárfestinga gagnvart heimildum lífeyris-sjóðalaga, ábendingum og athugasemdum sem beint hefur verið til sjóðanna, langtímaávöxtun og fjárhagsstöðu. Líkt og álagsprófið fyrir lífeyrissjóðina er þessu kerfi einkum ætlað að styðja við og gera markvissari forgangsöröðun sjóðanna í eftirliti. Kerfið mun styðja við álagsprófið með þeim hætti að það tekur til ýmissa þátta sem tengjast rekstraráhættu sjóðanna ólíkt álags-prófinu sem tekur til fjárhagslegra áhættuþátta. Jafnframt tekur gæðaflokkunarkerfið til allra starfandi lífeyrissjóða en álagsprófið nær eðli máls samkvæmt ekki til lífeyrissjóða með ábyrgð ann-arra á skuldbindingum.

Á tímabilinu var unnið að fjórum athugunum á fjárfestingum lífeyrissjóða. Markmiðið með athugunum er að kanna hvort fjárfestingar lífeyrissjóðanna rúmist innan þess ramma sem kveðið er á um í lífeyrissjóðalögum og hvort þær séu flokkaðar í samræmi við lög. Í athugunum er jafnframt farið yfir fjárfestingastefnur og ársreikninga sjóðanna auk þess sem innra eftirlit sjóðanna er kannað.

Könnun á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðanda var haldið áfram á tímabilinu. Tilgangur athugunnar er einkum sá að kanna hvort fjárfestingastefnur sjóðanna uppfylli lágmarksskilyrði lífeyrissjóðalaga og reglna sem um þær gilda. Fjárfestingarstefnur nánast allra framangreindra sjóða hafa nú verið yfirfarnar og sjóðunum sendar ábendingar og athugasemdir eftir atvikum.

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum ber að skila ársfjórðungslega skýrslum yfir fjárfestingar sínar en samanlagður fjöldi fjárfestingarskýrslna er á fjórða hundrad á ári. Rafræna skýrsluskilakerfinu er ætlað að gera eftirlit með fjárfestingum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða markvissara, auka yfirsýn og gera skýrsluskil rekstrarfélaganna auðveldari og öruggari.

Vátryggingamarkaður

Fjármálaeftirlitið mun á næstu misserum taka skýrsluskil vátryggingafélaga til heildarendurskoðunar. Við það verður meðal annars haft í huga væntanleg upplýsingaþörf vegna Solvency II, aukin áhersla á samstæðueftirlit og aukin áhersla á eftirlit með fjárfestingaráhættu og áhættustýringu.

Meðal nýmæla í fjárhagslegu eftirliti á tímabilinu var aukin upplýsingagjöf um eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar. Upplýsingum er skilað ársfjórðungslega og ná þær til fjárfestinga allra vátryggingafélaga. Með þessari breytingu er aukin áhersla lögð á eftirlit með eignahlið efnahagsreiknings en vátryggingafélög hafa á undanföllum árum reitt sig í auknum mæli á tekjur af fjárfestingum.

Upplýsingagjöf um endurtryggingavernd vátryggingafélaga var aukin og þurfa félögin nú auk tölulegra upplýsinga að skila greinargerð þar sem gerð er grein fyrir verklagi og áherslum í þessum mikilvæga þætti í vátryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið þróaði nýtt eyðublað fyrir upplýsingagjöf vátryggingafélaga um þjónustu erlendis en umfang veittrar þjónustu erlendis hefur farið vaxandi á undanföllum árum. Upplýsingar þessar eru sendar á samandregnu formi til annarra eftirlita á EES. Sambærilegar upplýsingar um starfsemi erlendra félaga hér á landi berast Fjármálaeftirlitinu frá viðkomandi eftirlitum innan EES.

Á tímabilinu athugaði Fjármálaeftirlitið fyrirkomulag vátryggingarskilmála húseigendatryggingar, heimilistryggingar,

ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar og lögboðinna ökutækjetrygginga í samræmi við 1. mgr. 55. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Ekki voru tilefni til alvarlegra athugasemda.

Á tímabilinu lauk Fjármálaeftirlitið athugun sinni á tæknilegum grundvelli líftrygginga í samræmi við 2. mgr. 55. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Niðurstöðurnar voru birtar á heimasíðu eftirlitsins. Fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við fjárhæðir eða útreikning iðgjalda. Í niðurstöðunni voru hins vegar settar fram nokkrar ábendingar um verklag og upplýsingagjöf við breytingu iðgjalda. Fjármálaeftirlitið mun fylgja athuguninni eftir með leiðbeinandi tilmælum um skýrslugjöf tryggingastærðfræðinga líftryggingafélaga til eftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur unnið að því ásamt fulltrúum annarra eftirlitsstofnana innan EES (á vettvangi CEIOPS) að veita Evrópusambandinu ráðgjöf vegna svokallaðrar Solvency II tilskipunar. Framkvæmdastjórn ESB birti 10. júlí sl. drög að tilskipun sem fjallar um nýjar áhættumiðaðar gjaldþolsreglur og nýjar aðferðir í eftirliti með vátryggingafélögum og vátryggingasamstæðum. Tilskipunin setur ramma utan um helstu ákvæði, en nánari reglur þurfa Framkvæmdastjórnin og CEIOPS að útfæra í sérstökum útfærsluáðgerðum (e. *implementing measures*). Fjármálaeftirlitið mun á vettvangi CEIOPS taka þátt í vinnu við ráðgjöf og framkvæmd útfærsluáðgerðanna.

Á tímabilinu fór fram þriðja umferð áhrifskönnunar vegna Solvency II (QIS3), þar sem áhrif nýrra gjaldþolsreglna voru könnuð. Fjármálaeftirlitið stóð fyrir fundaröð þar sem einstök atriði í könnuninni voru kynnt og leiðbeiningar gefnar. Síðustu dagana fyrir lokaskil voru haldnir fundir með nokkrum af þeim félögum sem tóku þátt, þar sem ítarlegri leiðbeiningar voru veittar til viðkomandi félags. Þátttaka í QIS3 var góð, 5 skaðatryggingafélög og 2 líftryggingafélög tóku þátt.

Undirbúningur er þegar hafinn að QIS4 þar sem meðal nýmæla verður að prófaðar verða aðferðir til að reikna besta mat tjónaskuldar með einfaldri nálgun, sem er aðferð sem hentar smærri félögum og þeim sem eru ný á markaði. Fjármálaeftirlitið vinnur að því í samstarfi við tryggingastærðfræðinga vátryggingafélaganna að skoða hvort og hvernig útfæra megi slíkar nálgunaraðferðir hér á landi.

Tvö vátryggingafélög hafa áfram sætt sértæku eftirliti með hliðsjón af 90. gr. laga um vátryggingastarfsemi um lágmarksgjaldþol.

2.1.3 Virkir eignarhlutir

Fjármálaeftirlitinu bárust 18 umsóknir um heimild til þess að fara með virkan eignarhluta í 7 fjármálfyrirtækjum á tímabilinu. Umsókn var samþykkt í 6 tilvikum, hafnað í 1 tilviki en í 7 tilvikum breyttist eignarhald áður en samþykki Fjármálaeftirlitsins lá fyrir. Afgreiðslu 4 umsókna var ekki lokið þann 1. nóvember

2007. Á tímabilinu bárust 7 umsóknir um kaup á virkum eignarhlut í váttryggingafélögum.

Í nær öllum tilvikum hefur samþykki Fjármálaeftirlitsins verið bundið tilteknum skilyrðum. Tilgangur slíkra skilyrða er sá að reyna draga úr hættu á hagsmunaárekstrum sem fylgir stórum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum. Sem dæmi um skilyrði má nefna; fjárhagsleg viðmið í rekstri eigenda, skilyrði sem varða stjórnarsetu, viðskipti eigenda við viðkomandi fyrirtæki, eignarhald á öðrum fjármálafyrirtækjum eða váttryggingafélögum og upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins.

Virkur eignarhlutur í Glitni banka hf.

Í apríl áttu sér stað umfangsmikil viðskipti með hlutafé í Glitni banka hf. Um var að ræða sölu Milestone hf., Einars Sveinssonar, þáverandi formanns bankaráðs Glitnis, og aðila þeim tengdum, á u.þ.b. 20% hlut í bankanum til 5 aðila. Fjármálaeftirlitið taldi ástæðu til þess að taka viðskiptin til frekari skoðunar m.t.t. mögulegra tengsla milli kaupenda og ákvæða laga um virka eignarhluti. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var sú að 3 kaupenda, Jötun Holding ehf., Elliðatindar ehf. og Sund Holding ehf. ásamt stærsta hluthafa bankans, FL Group hf., teldust fara saman með virkan eignarhlut yfir leyfilegum mörkum. Sameiginlegur atkvæðisréttur þessara aðila var takmarkaður við 32,99% á hluthafafundi Glitnis sem fram fór þann 30. apríl 2007. Í kjölfarið seldu 2 kaupenda hlut sinn í bankanum og FL Group hf. ásamt Jötunn Holding ehf. sóttu um heimild til þess að fara sameiginlega með allt að 39,9% hlut í bankanum. Umsóknin er til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu.

Synjun umsóknar um heimild til að fara með virkan eignarhlut

Einni umsókn um heimild til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki var synjað á tímabilinu. Ástæður synjunar voru ítrekuð brot viðkomandi aðila á ákvæðum laga er falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Viðkomandi aðila var gert að selja eignarhlut sinn innan tiltekins frests á grundvelli 45. gr. laga nr. 161/2002, og var atkvæðisréttur viðkomandi takmarkaður þar til sala hefur átt sér stað.

Dómur Hæstaréttar í SPH máli

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu á vormánuðum 2006 að myndast hefði virkur eignarhlutur í Sparisjóði Hafnarfjarðar í andstöðu við lög. Í kjölfarið var sameiginlegur atkvæðisréttur tiltekinn stofnfjáreigenda takmarkaður við 5%. Meirihluti þessara aðila kærðu ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins til sérstakrar kæruneftindar sem felldi þær úr gildi. Þann 30. október 2006 ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að höfða dómsmál til ógildingar á úrskurðum kæruneftindarinnar. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úrskurð sinn þann 23. apríl 2007 um frávisun í ofangreindum málum. Frávisunin byggði á því að eftirlitið hefði þann 8. desember sl. veitt samþykki sitt fyrir samruna Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparsjóðs vélstjóra og því taki ógilding á ákvörðunartöku kæruneftindar til eignar í sjóði sem ekki sé lengur til og ógilding á úrskurði kæruneftindar

myndi því engu breyta um réttarstöðu málsaðila. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms í apríl 2007.

Fjármálaeftirlitið telur óheppilegt að efnislegur dómur fækkst ekki í málinu og að gagnaðilar gátu tafið framgang málsins með ýmsum formkröfum en þær voru alls sex. Fimm þeirra var vísað frá en sú sjötta var tekin til greina. Óskað var eftir flýtimeðferð fyrir héraðsdómi í október 2006 en fimm mánuðum síðar var málinu vísað frá án þess að öll atvik þess hefðu komið fram í dagsljósið.

2.1.4 Hæfi stjórnenda

Fjármálaeftirlitið tók upp sérstakt hæfismat á framkvæmdastjórum hjá fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum í lok árs 2005, en áður hafði um nokkurt skeið verið framkvæmt slíkt mat á váttryggingasviði. Hæfismat á framkvæmdastjórum felst m.a. í athugun á þekkingu þeirra á þeim lagaramma sem fyrirtækin starfa eftir en jafnframt er kannað hvort þeir uppfylli önnur skilyrði viðkomandi löggjafar. Ef Fjármálaeftirlitið telur að viðkomandi aðili hafi ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum er honum gefinn kostur á að endurtaka matið en almennt er ekki gert ráð fyrir fleiri en tveimur tilraunum. U.þ.b. fimmti hver aðili þarf að endurtaka matið. Reynslan af framkvæmd matsins hefur verið góð og almennt hafa þeir framkvæmdastjórar sem farið hafa í gegnum matið, látið í ljós ánægju sína með það. Þá hefur hæfismatið vakið athygli erlendra aðila sem telja það vott um góða eftirlitsframkvæmd eins og m.a. hefur komið fram í skýrslum lánshæfismatsfyrirtækja.

Taflan hér að neðan sýnir fjölda hæfismata á tímabilinu nóvember 2005 til 30. júní 2007.

Svið	Samtals
Fjármálafyrirtæki	18
Váttryggingafélög	13
Váttryggingamiðlarar	10
Lífeyrissjóðir	3
Samtals	44

Fjármálaeftirlitið taldi ástæðu til þess að taka hæfi eins framkvæmdastjóra til sérstakrar skoðunar á tímabilinu í tengslum við viðvarandi eftirlit með starfsemi eftirlitskyldra aðila og hæfi stjórnenda. Athuguninni var ekki lokið þann 1. nóvember 2007.

2.1.5 Starfsleyfi

Í IV. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eru tilgreindar starfsheimildir fjármálafyrirtækja. Í kaflanum er tilgreindur sá rammi sem fyrirtækjunum er settur en hins vegar er ekki gert ráð fyrir að þau hafi sjálfkrafa heimild til allrar þeirrar starfsemi sem þar er talin upp. Þannig gera löggin ráð fyrir að útgefið starfsleyfi taki eingöngu til þeirrar starfsemi sem fyrirtækin sinna í raun. Þegar sótt er um starfsleyfi ætti umsókn eingöngu að taka til starfsemi sem ætlunin er að stunda en ef

fyrirtækin hyggjast síðar bæta við þjónustubáttum sem lögin heimila ber þeim að sækja um viðbótarstarfsleyfi. Starfsleyfi er þá endurútféfið að teknu tilliti til nýrra starfsheimilda. Þetta gildir hins vegar ekki um þau fyrirtæki sem fengu starfsleyfi fyrir gildistöku laganna, en þeim ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það, hyggist þau bæta við þjónustubáttum.

Á tímabilinu var gefið út starfsleyfi til tveggja nýrra fjármála-fyrirtækja. Í öðru tilvikinu var um að ræða lánafyrirtæki en rekstrarfélag verðbréfasjóða í hinu tilvikinu. Auk þess veitti Fjármálaeftirlitið starfandi verðbréfamiðlun starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og starfsleyfi eins verðbréfafyrirtækis var endurútféfið vegna aukinna starfsheimilda.

Í 27. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 er þess getið að váttryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og hyggst taka upp nýjan greinaflokk váttrygginga eða váttryggingagreina eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum skuli sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi. Á tímabilinu var einu váttryggingafélagi veitt viðbótarstarfsleyfi í tilteknum greinaflokkum váttrygginga. Umsókn félagsins var í tengslum við áform þess um að veita þjónustu erlendis á hinu Evrópska efnahagssvæði.

2.1.6 Fjármálasamsteypur

Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu unnið að setningu reglna um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Um er að ræða innleiðingu tilskipunar nr. 2002/87/ESB um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Með fjármálasamsteypum er átt við samstæðu þar sem a.m.k. einn aðili starfar á váttryggingasviði og a.m.k. einn á fjármálasviði (fjármálafyrirtæki). Móðurfélag samstæðunnar getur verið eftirlitsskyldur aðili eða aðili sem fellur ekki beint undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins sem eftirlitsskyldur aðili. Þá eru ítarlegar reglur um mat á því hvenær samstæða telst vera fjármálasamsteypa. Rétt er að taka fram að hugtakið samstæða hefur víðtækari merkingu í þessu sambandi en almennt er og tekur m.a. til hlutdeildar í félögum á váttrygginga- og fjármálasviði. Meginmarkmið með eftirliti með fjármálasamsteypum eru eftirfarandi:

- Koma í veg fyrir að unnt sé að nota sama fjármagnið oftar en einu sinni, hvort sem um er að ræða eigið fjármagn eða annars konar fjármagn, til þess að uppfylla mismunandi eiginfjár- og gjaldþolskröfur innan fjármálasamsteypu.
- Gera kröfu um lágmarkseiginfé/gjaldþol fjármálasamsteypu.
- Gera kröfur um innra eftirlit sem fylgist með, mælir og stýrir viðskiptum innan samstæðunnar annars vegar og áhættusamþjöppun hins vegar.
- Tryggja eftirlit með fjármálasamsteypu í heild og samvinnu eftirlitsaðila.
- Tryggja sambærilegt eftirlit með fjármálasamsteypum sem eru með höfuðstöðvar eða yfirstjórn utan Evrópska efnahagssvæðisins, en starfa engu að síður innan svæðisins.

Fjármálaeftirlitið birti drög að reglum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum í umræðuskjali 4. september 2007. Gert er ráð fyrir að reglurnar verði gefnar út fyrir árslok 2007.

Samhliða hefur farið fram athugun á því hvort tilteknir íslenskir aðilar teljist vera fjármálasamsteypa. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir vegna þeirra tilvika.

2.1.7 Lög nr. 55/2007, um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði

Þann 2. apríl 2007 tóku gildi lög um viðurlög við efnahagsbrotum sem fólu í sér umfangsmiklar breytingar á stjórnvaldsúrræðum Fjármálaeftirlitsins. Lögin voru byggð á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði til þess að endurskoða löggjöf um viðurlög við efnahagsbrotum. Helstu breytingar eru að Fjármálaeftirlitið fékk auknar heimildir til þess að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og einstaklinga vegna brota á lögum sem undir eftirlit þess heyra og getur metið hvort stjórnvaldssektir verði lagðar á eða málum vísað til lögreglu, m.t.t. alvarleika brots. Fyrir breytinguna voru heimildir eftirlitsins að mestu bundnar við að gera athugasemdir eða vísa málum til lögreglu. Tilgangur laganna var að færa Fjármálaeftirlitinu raunhæf úrræði, auka skilvirkni í baráttunni gegn brotum á fjármálamarkaði og styrkja trúverðugleika markaðarins. Lögunum var jafnframt ætlað að skerpa á samskiptum og verkaskiptingu á milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu og ákærvalds, m.a. með því að brot gegn lögum á fjármálamarkaði sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kærðu Fjármálaeftirlitsins til lögreglu. Einnig var lögfest ákvæði um rétt einstaklinga til að fella ekki sök á sjálfa sig við rannsókn á brotum sem geta varðað stjórnvaldssektum eða refsíabyrgð. Loks var Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til þess að ljúka málum með sátt.

Lögin breyta ákvæðum í eftirfarandi lagabálkum:

- Lög nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti
- Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki
- Lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða
- Lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa
- Lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði
- Lög nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi
- Lög nr. 32/2005, um miðlun váttrygginga

Eftir lagabreytingarnar eru valdheimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að framfylgja lögum á fjármálamarkaði sambærilegar við þau úrræði sem tíðkast á þróuðustu fjármálamörkuðum Evrópu. Lögin gera Fjármálaeftirlitinu kleift að sinna starfi sínu á virkan hátt, auka trúverðugleika íslenska fjármálamarkaðarins og stuðla að öflugu eftirliti sem brugðist getur skjótt við brotum.


Á tímabilinu vann Fjármálaeftirlitið að undirbúningi hinna nýju heimilda og útfærslu málsmeðferðarreglna vegna þeirra. Fyrirséð

eru aukin verkefni vegna málsmeðferðar stjórnvaldssekta- og sáttamála. Nokkur mál eru þegar til rannsóknar þar sem reynt getur á hinar nýju heimildir. Má gera ráð fyrir töluverðri aukningu í beitingu stjórnvaldssekta á næstu misserum

2.2 Lánamarkaður

Í lok júní 2007 voru heildareignir viðskiptabankanna og stærstu sparisjóðanna alls 10.643 milljarðar króna á samstæðugrunni og 7.246 milljarðar króna á móðurfélagsgrunni. Þetta samsvarar annars vegar tæplega nífaldrí og hins vegar sexfaldrí vergri þjóðarframléiðslu.

Mynd 1 Heildareignir viðskiptabanka og sem hlutfall af vergri landsframléiðslu (VLF)



Mynd 1. Þróun heildareigna viðskiptabankanna, bæði í fjárhæðum og í hlutfalli af vergri landsframléiðslu.


Aukningin stafar bæði af innri vexti (útlánvexti og verðbréfa-fjárfestingum) og ytri vexti með yfirtökum.

Afkoma

Afkoma íslenskra lánastofnanna var góð á fyrri helmingi ársins 2007. Grunntekjur bankanna halda áfram að aukast milli tímabila og hreinar vaxtatekjur hafa aukist um 18% í krónum talið frá árinu 2006.

Á árinu 2006 var arðsemi svipuð og á árinu á undan og sama þróun hélt áfram á fyrri hluta ársins 2007. Meðalardsemi eigin fjár fimm viðskiptabanka og fimm stærstu sparisjóða fyrir skatta var 36,1% á fyrri hluta ársins 2007 samanborið við 37,6% árið 2006 og 36,6% árið 2005. Séu allir afkomuliðir aðrir en vaxtamunur og þjónustutekjur undanskildir var hagnaður fyrir skatta í hlutfalli af eigin fé á fyrri hluta ársins 2007 12,9% samanborið við liðlega 12,2% á árinu 2006 og tæplega 11,3% árið 2005. Arðsemi af kjarnastarfsemi bankanna (þ.e. vaxta- og þóknatekjur) hefur því verið nokkuð stöðug undanfarin misseri.


Mynd 2 Hagnaður viðskiptabankanna og stærstu sparisjóðanna fyrir skatta sem hlutfall af meðalstöðu eigin fjár



Mynd 2. Hagnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigin fjár á ársgrundvelli fyrir viðskiptabanka og 5 stærstu sparisjóði. Hagnaður I miðast við hagnað samkvæmt reikningsskilum, hagnaður II miðast við hagnað fyrir skatta af hreinum vaxtatekjum og þóknatekjum og hagnaður III miðast við hagnað fyrir skatta án hagnaðar af veltufjáreignum og öðrum fjáreignum á gangvirði. Í útreikningi á hagnaði II og III hefur ekki verið tekið tillit til áhrifa af lægri vaxtakostnaði vegna forsendunnar um lægri tekjur og er hagnaður II og III því vanmetinn að einhverju leyti. Í öllum tilvikum er miðað við hagnað fyrir skatta.

Á undanförunum árum hafa rekstrargjöld banka og sparisjóða farið lækkanði í hlutfalli af heildareignum. Á árinu 2004 nam þetta hlutfall um 2,5%, árið 2005 og 2006 var hlutfallið 1,8%. Á fyrri helmingi 2007 hefur hlutfallið hækkað miðað við síðustu tvö ár og er komið í 2%.


Mynd 3 Helstu rekstrarliðir í hlutfalli af meðalstöðu efnahagsreiknings hjá bönkum og sparisjóðum



Mynd 3. Þróun helstu rekstrarliða hjá viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum í hlutfalli af meðalstöðu efnahagsreiknings. Tölur fyrir fyrri hluta árs 2007 eru umreiknaðar m.v. heilt ár.

Hreinar vaxtatekjur halda áfram að minnka í hlutfalli af heildareignum eins og undanfarin ár og eru nú 1,7% en voru 2,3% árið 2004. Afskriftarframlög sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings hafa farið stöðugt lækkanði og eru nú minna en 0,2% samanborið við 0,6- 0,9% á árunum 2003 og 2004.

Mynd 4 Hlutfall erlendra tekna hjá 3 stærstu viðskiptabönkunum



Mynd 4. Hlutfall erlendra tekna þriggja stærstu viðskiptabankanna.


Erlendar tekjur viðskiptabankanna hafa aukist lítillega sem hlutfall af heildartekjum bankanna frá fyrra ári, hlutfallið er nú 54% samanborið við 51% árið 2006. Ef litnið er á einstaka banka þá er skiptingin: Kaupþing 63%, Landsbankinn 47% og Glitnir 41%. Gera má ráð fyrir að þetta hlutfall muni enn aukast.

Útlánaþróun

Útlán innlánsstofnana héldu áfram að aukast þó verulega hafi dregið úr aukningunni. Þannig var aukning útlána m.v. móðurfélög viðskiptabanka og sparisjóða 18,6% á tímabilinu júní 2006 til júní 2007 (úr 2.909 mö. kr. í 3.449 ma. kr.) samanborið við 64,4% næstu 12 mánuði þar á undan.

Talsverður hluti af framangreindri útlánaaukningu er vegna útlána til erlendra aðila en vægi þeirra hefur rúmlega þrefaldast síðan í júní 2003 eða aukist úr 7% af heildarútlánunum innlánsstofnana (m.v. móðurfélög) í 23% í júní 2007.

Mynd 5 Skipting útlána innlánsstofnana á móðurfélagsgrunni




Mynd 5. Þróun hlutfallslegrar skiptingar útlána til innlendra og erlendra aðila.

Vanskilaþróun

Vanskilahlutfall hefur farið lakkandi á undanförunum árum og það jafnvel þótt reiknað sé með 2ja ára tímátöf, þ.e. vanskilin eru reiknuð sem hlutfall af stöðu útlána tveimur árum fyrr til að einangra áhrif mikils útlánavaxtar.

Mynd 6 Vanskil hjá innlánsstofnunum



Mynd 6. Vanskil (>30 daga) sem hlutfall af útlánunum hjá innlánsstofnunum (móðurfélögum eingöngu) í lok hvers ársfjórðungs.

Um mitt ár 2007 voru vanskil fyrirtækja 0,5% og vanskil einstaklinga 0,8%. Ári fyrr var hlutfall vanskila fyrirtækja hið sama en var 0,9% hjá einstaklingum.

Búist var við því að vanskil myndu aukast á þessu ári vegna minnkandi umsvifa innanlands sem efnahagsspár gerðu ráð fyrir. Það hefur þó ekki gengið eftir. Innlánsstofnanir eru misjafnlega háðar breytingum á innlendu efnahagslífi og eru til að mynda stærstu innlánsstofnanirnar með vel dreift útlánasafn hvað varðar landaáhættu. Öðru gegnir um minni innlánsstofnanir og verða þær sérstaklega að gæta að framvindu mála næstu misseri.

Útlán með veði í íbúðarhúsnæði


Frá því að bankar og sparisjóðir komu inn á húsnæðislánamarkaðinn hefur umfang útlána með veði í íbúðarhúsnæði vaxið hratt. Lán með veði í íbúðarhúsnæði hafa aukist um 15% hjá viðskiptabönkunum eða úr 289 mö.kr. í 330 ma.kr. og um 18% hjá stærstu sparisjóðunum eða úr 92 mö.kr. í 108 ma.kr. frá miðju ári 2006 og fram á mitt ár 2007. Miklar breytingar á eiginfjárgrunni sparisjóða, m.a. vegna samruna, gera það að verkum að hlutfall þessara lána af eiginfjárgrunnum lækkar frá sama tíma á fyrra ári.

Lán með veði í íbúðarhúsnæði

	Viðskiptabankar		Stærstu sparisjóðir	
	1H2006	1H2007	1H2006	1H2007
Hlutfall af eigin fé	36.4%	37.1%	306.9%	296.7%
Hlutfall af lánnum til viðskiptavina	10.9%	9.8%	31.4%	35.9%

Um helmingur af heildarútlánnum viðskiptabanka og stærstu sparisjóða með veði í íbúðarhúsnæði hafa veðhlutfall undir 70% og er það töluverð breyting frá fyrra ári þegar sama hlutfall var tæpur þriðjungur útlánanna. Þannig virðist vera jafnari dreifing veðhlutfalla en fyrir ári eins og sést á mynd 7.

Mynd 7 Veðhlutföll íbúðalána



Mynd 7. Veðhlutfall (útlán deilt með virði eignar sem er að veði) lána með veði í íbúðarhúsnæði.

Lán til verðbréfaþakaupa

Hlutfall útlána til verðbréfaþakaupa, þ.e. heildarfjárhæð beinna lána og framvirkra samninga, af eiginfjárgrunni jókst umtalsvert hjá viðskiptabönkunum m.v. sama tíma fyrir ári, eða úr 77,8% af eiginfjárgrunni í 125,9%. Nokkur aukning hefur einnig orðið á þessu hlutfalli hjá stærstu sparisjóðunum á sama tímabili, eða úr 33% í 42,1%. Heildarútlán með veði í verðbréfum hafa aukist töluvert bæði hjá viðskiptabönkunum og sparisjóðunum. Hlutfallslega er aukningin meiri hjá sparisjóðunum eða tæp 90%, en var 43,4% hjá bönkunum. Markaðsvirði þeirra hlutabréfa sem skráð eru á OMX og sem veðsett eru í þessum útlánnum námu 26,1% af heildarmarkaðsvirði þeirra félaga sem skráð eru á OMX á Íslandi á miðju ári 2007, en 28,7% á miðju ári 2006. Heildar tryggingarþekja beinna útlána með veði í verðbréfum, að framvirkum samningum undanskildum, hjá viðskiptabönkunum og stærstu sparisjóðunum hefur aukist úr 188% á miðju ári 2006 í 268% á miðju þessu ári, eða veðsetningarhlutfall hefur lækkað úr 53% í 37%.

Lán með veði í verðbréfum og framvirkir samningar um verðbréf

	Viðskiptabankarnir		Stærstu sparisjóðirnir	
	2. ársfj. '06	2. ársfj. '07	2. ársfj. '06	2. ársfj. '07
Hlutfall af eigin fé	77,8%	125,9%	33,0%	42,1%
Hlutfall af lánnum til viðskiptavina	21,9%	18,4%	4,1%	5,0%

Vægi þessara tegunda útlána sem hlutfall af heildarútlánnum fjármálafyrirtækjanna til viðskiptavina hefur ekki breyst mikið milli ára, lækkað úr 21,9% af heildarútlánnum í 18,4% hjá viðskiptabönkunum en hækkað úr 4,1% í 5% hjá sparisjóðunum.

Við mat á umfangi lána til verðbréfaþakaupa hefur Fjármálaeftirlitið tekið saman bæði bein útlán með veði í verðbréfum og svonefnda framvirka samninga sem fjármálafyrirtækin gera við viðskiptavinum sína um sölu á verðbréfum til þeirra síðarnefndu. Undirliggjandi fjárhæð framvirkra samninga nemur um þriðjung af heildarupphæð lána til verðbréfaþakaupa á miðju ári 2007 hjá viðskiptabönkunum þremur og er það hlutfall lítið breytt frá sama tíma fyrir ári. Hjá stærstu sparisjóðunum hefur hlutfall framvirkra samninga hins vegar lækkað úr 13,3% á miðju ári 2006 í 4,2% á miðju þessu ári.


Lán með veði í verðbréfum - hlutfallsleg skipting

	Viðskiptabankarnir		Stærstu sparisjóðirnir	
	2. ársfj. '06	2. ársfj. '07	2. ársfj. '06	2. ársfj. '07
Lán með veði í verðbréfum	68,2%	67,7%	86,7%	95,8%
Framvirkir samningar um verðbréf	31,8%	32,3%	13,3%	4,2%

Stórar áhættuskuldbindingar

Til að takmarka áhrif taps einstakra viðskiptamanna eða hóps tengdra viðskiptamanna fjármálafyrirtækja mega samanlagðar kröfur á slíka aðila ekki fara yfir 25% af eiginfjárgrunni (CAD eigin fé) viðkomandi fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitið fylgist sérstaklega með öllum stórum áhættuskuldbindingum (e. *large exposures*) en um er að ræða samanlagðar kröfur fjármálafyrirtækis á einstakan útgefanda eða tengda aðila sem nema meiru en 10% af eiginfjárgrunni (CAD eigin fé) þess.

Mynd 8 Stórar áhættuskuldbindingar þriggja stærstu viðskiptabankanna á samstæðugrunni



Mynd 8. Þróun eiginfjárgrunns í fjárhæðum og hlutfall stórra áhættuskuldbindinga af eiginfjárgrunni þriggja stærstu viðskiptabankanna á samstæðugrunni.

Vægi stórra áhættuskuldbindinga hefur farið minnkandi hjá íslenskum fjármálfyrirtækjum eins og ofangreind mynd ber með sér. Jafnframt hafa æ fleiri fjármálfyrirtæki sett sér eigin vinnureglur sem takmarka frekar hámarksstærð áhættuskuldbindinga. Fjármálaeftirlitið telur þetta æskilega þróun og hafa mikið að segja fyrir mat erlendra aðila á íslenskum fjármálamarkaði. Það er skoðun Fjármálaeftirlitsins að gæta eigi ytrustu varfærni varðandi stórar áhættuskuldbindingar og ef vafi leikur á tengslum aðila skuli þeir frekar tengdir en ekki.

Lán til venslaðra aðila

Í desember 2006 gerði Fjármálaeftirlitið breytingar á leiðbeinandi tilmælum um efni starfsreglna stjórna fjármálfyrirtækja. Meginbreytingin felst í að Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um að fjármálfyrirtæki leggi fyrir ytri endurskoðanda að fara yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina og gefa rökstutt álit meðal annars m.t.t. kjara, endursamninga og stöðu viðkomandi (armslengdarsjónarmið). Gerðar eru kröfur um að skýrslur ytri endurskoðanda verði sendar árlega fyrir fjármálfyrirtæki þar sem niðurstaða efnahagsreiknings samstæðu er yfir 50 milljarða króna en annað hvert ár fyrir önnur fjármálfyrirtæki. Tilgangur þessa er sá að stuðla að auknum trúverðugleika í starfsemi fjármálfyrirtækja með því að staðreyna að eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir séu viðhafðir í viðskiptum þeirra við tengda aðila.

Fjármálfyrirtæki verða að skilgreina í starfsreglum þá viðskiptamenn sem flokkast undir að vera venslaðir aðilar. Fjármálaeftirlitið telur að stjórnarmenn (aðal- og varamenn), stjórnendur og lykilstarfsmenn sem teljast til innherja falli undir að vera venslaðir aðilar sem og nánir fjölskyldumedlimir þessara aðila. Einnig falla hliðstæðir aðilar í dótturfélögum og tengdum félögum undir að vera venslaðir aðilar sem og hluthafar sem eiga 5% eignarhlut eða stærra í fjármálfyrirtækinu. Ennfremur falla fyrirtæki sem framangreindir aðilar eiga a.m.k. 10% hlut í, starfa hjá eða gegna stjórnarformennsku fyrir, undir að vera venslaðir aðilar.

Fjármálaeftirlitið hefur kallað eftir upplýsingum frá fjármálfyrirtækjum um fyrirgreiðslu til ofangreindra aðila. Á miðju ári 2007 námu heildarútlán til venslaðra aðila hjá viðskiptabönkunum og stærstu sparisjóðum 7,2% af heildarútlánunum þeirra til viðskiptavina en sambærilegt hlutfall var 6,5% á sama tíma á árinu 2006. Þá námu heildarútlán til venslaðra aðila 43% af samtölu eiginfjárgrunna þessara sömu félaga á miðju ári 2007 á móti 38,6% á sama tíma á síðasta ári. Athygli vekur að hlutföllin hafa lækkað hjá viðskiptabönkunum en hækkað hjá sparisjóðunum.

Útlán til venslaðra aðila sem hlutfall af heildarútlánunum til viðskiptavina

	30.06.2006	30.06.2007
Viðskiptabankarnir	7,5%	6,8%
5 stærstu sparisjóðir	1,5%	2,4%

Útlán til venslaðra aðila sem hlutfall af eiginfjárgrunni

	30.06.2006	30.06.2007
Viðskiptabankarnir	43,8%	39,3%
5 stærstu sparisjóðir	14,9%	20,1%


Verðbréfaeign

Markaðsverðbréfaeign viðskiptabanka og sparisjóða byrjaði að vaxa á árinu 2007 eftir að hafa dregist nokkuð saman á síðasta ári.

Markaðsskuldabréf í eigin áhættu námu 35,3% af eiginfjárgrunni í lok júní 2007 en var 25,9% í árslok 2006. Sambærilegar tölur fyrir hlutabréfaeign í eigin áhættu voru 36,3% í júní 2007 og 29,9% í árslok 2006.

Að einhverju leyti má skýra þessa hækkun með breytingum á eiginfjárgrunni sem hefur lækkað frá árslokum 2006 á sama tíma og staða í markaðsverðbréfum er að hækka um 22%.

Mynd 9 Markaðsskuldabréf og hlutabréf í eigin áhættu hjá viðskiptabönkunum og stærstu sparisjóðum




Mynd 9. Þróun markaðsverðbréfaeignar viðskiptabanka og stærstu sparisjóða (samstæðuuppgjör) í fjárhæðum og í hlutfalli af eiginfjárgrunni. Markaðsverðbréfaeign er metin sem stöðuhætta samkvæmt útreikningi á áhættugrunni í eiginfjárskýrslu.

Fjármögnun

Á árinu 2006 glímdu viðskiptabankarnir við gagnrýni ýmissa erlendra aðila á fjármögnun þeirra. Þetta olli nokkrum þrýstingi á bankana varðandi endurfjármögnun en bankarnir brugðust við þessu með því m.a. að auka upplýsingar til markaðarins, dreifa fjármögnun og bæta lausafjárstöðu sína.

Mynd 10 Skipting lántöku bankanna eftir landssvæðum



Mynd 10. Skipting lántöku bankanna eftir staðsetningu lánveitanda.

Á miðju ári 2007 skapaðist óvissa og lausafjárþrengingar á alþjóðlegum fjármálamarkaði sem átti rætur í undirmálslánunum á fasteignamarkaði í Bandaríkjunum. Áhrif þessa eru enn sem komið er ekki mikil fyrir íslensku bankana m.a. vegna ráðstafana sem þeir gripu til á árinu 2006 sem getið er hér að framan.


Gagnrýni sem bankarnir fengu í umræðum síðasta árs beindist m.a. að því að hve litlu leyti þeir fjármögnuðu sig með innlánum. Hlutfall innlána af útlánunum var lágt samanborið við aðra sambærilega banka en þetta hlutfall hefur nú farið hækkandi vegna aukinnar áherslu á söfnun innlána. Eins og fram kemur á mynd 11 hefur hlutfall innlána af útlánunum hækkað úr u.þ.b. 31% árið 2005 í 52% um mitt ár 2007.

Athyglisvert er að skoða þróun innlána innlánsstofnana (móðurfélög og útibú) frá því í desember 2005 til loka ágúst 2007, sbr. töflu hér á eftir. Sú jákvæða þróun hefur átt sér stað að á tímabilinu hafa innlán nær þrefaldast, um 73% vegna erlendra aðila og 27% vegna innlendra aðila. Sé litið á aukningu innlána alls með 6 mánaða millibili, nam aukningin um 33% að meðaltali Þá hefur hlutfall innlána erlendra aðila aukist mjög hratt undanfarið. Er nú svo komið að hlutfall erlendra aðila í innlánum alls er hærra en innlendra, og hefur það ekki gerst áður. Ljóst er að með auknum innlánum er fjármögnun bankanna fjölbreyttari en áður. Slík fjármögnun er þó ekki áhættalaus með öllu.

Greining á innlánum innlánsstofnana

Í ma.kr.	des. 05	jún. 06	des. 06	jún. 07	ágú. 07
Innlán alls	709	899	1.151	1.952	2.126
Hlutdeild innlendra aðila, alls	657	742	787	981	1.046
Hlutfall (%) af innlánum, alls	93%	83%	68%	50%	49%
Hlutdeild erlendra aðila, alls	52	157	364	971	1.080
Hlutfall (%) af innlánum, alls	7%	17%	32%	50%	51%

Mynd 11 3 stærstu viðskiptabankarnir, innlán sem hlutfall af útlánunum til viðskiptavina (ma.kr.)




Mynd 11. Þróun innlána og útlána viðskiptavina viðskiptabankanna og hlutfall innlána af útlánunum.

Lausafjárstaða

Lausafjárstaða þriggja stærstu bankanna, eins og hún reiknast samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands, batnaði verulega frá fyrri hluta ársins 2006 til seinni hluta ársins 2007. Í lok september 2007 var 3ja mánaða lausafjárstaða bankanna 1.214 ma.kr. samanborið við tæplega 600 ma.kr. í lok mars 2006, samanber ennfremur mynd 12. Hæst fór lausafjárstaðan á tímabilinu, sem myndin sýnir, í 1.675 ma.kr. í lok júní 2007. Innri viðmið bankanna gera ráð fyrir að hverju sinni sé til staðar laust fé til að standa við skuldbindingar næstu 12 mánuðina. Á árinu 2006 gripu bankarnir til ráðstafana til að bæta lausafjárstöðuna til að koma til móts við gagnrýni vegna óvissu um endurfjármögnun erlendra lána. Vegna ráðstafana sem gripið var til vegna lausafjárstöðunnar á árinu 2006 voru þeir vel í stakk búnir til að mæta erfiðleikum vegna óróa á lánsfjármörkuðum á árinu 2007.

Mynd 12 Lausafjárstaða þriggja viðskiptabankanna í ma.kr. - lausar eignir umfram lausar skuldir til 3ja mánaða -




Mynd 12. Lausafjárstaða þriggja viðskiptabankanna.

Eiginfjárstaða

Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall) viðskiptabanka og stærstu sparisjóða hefur styrkst undanfarin ár. Í lok júní 2007 var hlutfallið 13,9% samanborið við 13,3% um mitt ár 2006. Í lok árs 2006 var hlutfallið 16,2% en á fyrri hluta þessa árs hafa bankarnir fjárfest í erlendum fjármálafyrirtækjum og skýrist lækkingin af hærri áhættugrunni sem hefur hækkað um tæp 10% frá áramótum og lægri eiginfjárgrunni en hann hefur lækkað um 6% á sama tíma m.a. vegna arðgreiðslna. Eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárbætti A (Tier 1 hlutfall) mældist 10,4% um mitt ár 2007 samanborið við 10% um mitt ár 2006 og 12,2% í árslok 2006.

Mynd 13 Lögbundið eiginfjárlutfall með og án vijkandi lána hjá viðskiptabónkunum og stærstu sparisjóðum



Mynd 13. Þróun eiginfjárlutfalla (CAD-hlutfalla).

Allir viðskiptabankarnir og stærstu sparisjóðir standast formlegt álagspróf Fjármálaeftirlitsins sem felur í sér að eftirfarandi áföll dynji yfir samtímis:

- 35% lækking á bókfærðu virði íslenskra hlutabréfa í eigin áhættu
- 25% lækking á bókfærðu virði erlendra hlutabréfa í eigin áhættu
- 7% lækking á virði markaðsskuldabréfa í eigin áhættu
- 20% gengislækking íslensku krónunnar
- 20% lækking á virði vaxtafyrstra lána og fullnustueigna

Á heildina litið virðist eiginfjárstaða viðskiptabanka og sparisjóða vera viðunandi m.v. lok júní 2007 og heldur betri en fyrir ári.

Innleiðing eiginfjárreglna - Basel II

Nýjar eiginfjárreglur fyrir fjármálafyrirtæki (Basel 2 reglur) tóku gildi í ársbyrjun 2007 í samræmi við breytingar á eiginfjárvæðingum laga nr. 161/2002, sem lögfestar voru í lok ársins 2006. Í samræmi við heimild í umræddum lögum setti Fjármálaeftirlitið í mars 2007 nýjar reglur um eiginfjárkröfu og áhættugrunn fjármálafyrirtækja og nýjar reglur um stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja. Heimilt er að fresta útreikningi á eiginfjárkröfu og áhættugrunni samkvæmt nýjum reglum til 1. janúar 2008 og beita þess í stað þeim ákvæðum sem giltu um eigið fé og áhættugrunn í árslok 2006. Um 2/3 af fjölda fjármálafyrirtækja á Íslandi hafa nýtt sér þetta frestunarákvæði. Það eru fyrst og fremst minni fjármálafyrirtæki með minna en 5% af heildareignum fjármálafyrirtækja, sem nýta sér þennan möguleika. Í apríl 2007 gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli um

viðmiðunarreglur til að efla samræmi í eftirlitsaðferðum og leiðbeinandi tilmæli um viðmiðunarreglur vegna álagsprófa fjármálafyrirtækja, viðmiðunarreglur vegna stjórnunar samþjöppunaráhættu hjá fjármálafyrirtækjum og viðmiðunarreglur vegna stjórnunar vaxtaáhættu í liðum utan veltubókar hjá fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið birtir í lok árs 2007 lýsingu á annars vegar: „Verklagi Fjármálaeftirlitsins við úttekt á áhættumati fjármálafyrirtækja (e. *Supervisory Review of Evaluation Process – SREP*)” og hins vegar: „Lágmarkskröfum Fjármálaeftirlitsins um innihald sjálfsmats fjármálafyrirtækja um eiginfjárbörf (e. *Internal Capital Adequacy Assessment Process – ICAAP*)”. Þau tilmæli og kröfur sem lýst er hér á undan eru þættir sem falla undir stoð 2 (Pillar 2) í Basel II reglum.

Tveir viðskiptabankar hafa sótt um leyfi til að nota innramatsaðferðir „Foundation IRB”. Fjármálaeftirlitið hefur unnið að úrvinnslu umsóknanna.

Fjármálaeftirlitið vinnur að undirbúningi að innleiðingu á stoð 3 (Pillar 3) hluta Basel 2 reglnanna. Um er að ræða að gerðar verða lágmarkskröfur um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja til markaðarins (e. *Market Discipline*) um áhættu í starfseminni. Fjármálaeftirlitið stefnir að því að birta nánari lýsingu á slíkum kröfum á fyrsta ársfjórðungi ársins 2008.

Á leið til Basel II

2003	Undirbúningur fyrir Basel II byrjar.
Des. 2006	Breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki með tilliti til breytinga á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB, svonefndum Basel tilskipunum.
Mars 2007	Fjármálaeftirlitið innleiðir reglur sem tilheyra stoð 1, t.d. um eiginfjárkröfur, um staðalaðferðina og innramatsaðferðina (reglur nr. 215/2007) og um stórar áhættuskuldbindingar (reglur 216/2007). FME birtir upplýsingar varðandi eftirlit (e. <i>supervisory disclosure</i>) og upplýsingar varðandi Basel II reglur.
Apríl 2007	Fjármálaeftirlitið setur leiðbeinandi tilmæli vegna eiginfjártilskipana svo sem um viðmiðunarreglur til að efla samræmi í eftirlitsaðferðum og um samþjöppunaráhættu, sem tilheyra stoð 2.
Apríl 2007	Bankar skiluðu inn skýrslum um eiginfjárkröfur og áhættugrunn (COREP) í fyrsta skipti í Q1/2007. Samhliða skil á eiginfjárskýrslu vegna Basel I (eiginfjárskýrsla) og Basel II (COREP) eiga sér stað árið 2007.
Apríl 2007	Tveir bankar hafa sótt um leyfi til að beita innramatsaðferð (Foundation IRB). Innleiðing innramatsaðferðar þessara banka tengist starfsemi þeirra í 7 löndum.
Nóv/Des 2007	Fjármálaeftirlitið birtir lágmarkskröfur um innihald sjálfsmats fjármálafyrirtækja um eiginfjárbörf (ICAAP) og verklag við úttekt á áhættumati fjármálafyrirtækja (SREP).
Des. 2007	Fjármálaeftirlitið innheimtir fyrstu ICAAP skýrslur vegna stoðar 2 í lok 2007.
Vor 2008	Fjármálaeftirlitið birtir lágmarkskröfur um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja til markaðarins (stoð 3, e. <i>market discipline</i>).

Viðbúnaðarhópur og norræn viðlagæfing

Á vegum Fjármálaeftirlitsins er starfandi viðbúnaðarhópur sem hefur unnið að gerð áætlunar um viðbrögð vegna mögulegra vandamála sem upp kunna að koma. Fyrirliggjandi eru upplýsingar um helstu áhættur í starfsemi eftirlitsskyldra aðila og upplýsingar um helstu tengiliði sem unnt er að grípa til. Vinnuhópurinn hefur komið á fót sérstakri starfsaðstöðu í húsnæði eftirlitsins sem hægt er að nota með stuttum fyrirvara ef upp kemur áfall á fjármála markaði eða önnur vandamál sem mikilvægt er að fást við á skjótan og markvissan hátt.

Sameiginleg viðlagæfing fjármálaýfirvalda á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltslöndunum var haldin dagana 20.–25. september 2007. Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands og fjármálaráðuneytið tóku þátt í æfingunni fyrir Íslands hönd.

Viðlagæfingin var til komin vegna eindregins vilja þeirra aðila sem að henni stóðu til að kanna samstarfs- og samhæfingarferla stofnananna. Æfingin var í undirbúningi í meira en ár. Í æfingunni reyndi á samskipti aðila og mögulegar ráðstafanir. Megináhersla var lögð á samhæfingu í ákvörðunartöku á milli ofangreindra stofnana í ríkjunum sem um ræðir.

Sameiningar sparisjóða

Töluvert hefur verið um sameiningar sparisjóða á tímabilinu og stendur sú þróun enn yfir. Um samruna sparisjóða gilda lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög og samningar hlutaðeigandi aðila. Í 106. gr. laga nr. 161/2002 kemur fram að samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki sé háður samþykki Fjármálaeftirlitsins. Beinist athugun Fjármálaeftirlitsins sérstaklega að því að kanna hvort ákvörðun um samruna sé í samræmi við lög, en að auki er kannað hvort um sé að ræða heilbrigða og trausta starfsemi.

Fjármálaeftirlitið veitti samþykki fyrir samruna Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar (sameinaður sparisjóður hefur fengið nafnið Byr sparisjóður) í byrjun þessa árs. Þá veitti Fjármálaeftirlitið samþykki fyrir samruna Sparisjóðs Ólafsvíkur við Sparisjóð Keflavíkur og fyrir samruna Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis við Sparisjóð Vestmannaeyja. Sparisjóðunum hefur því fækkað um 3 á síðustu 12 mánuðum eða úr 24 í 21. Þá eru enn fremur áform um eftirgreinda samruna sem þýða að spar-sjóðunum fækka enn á næstu mánuðum gangi þeir samrunar eftir:

- Sparisjóður Kópavogs og Byr sparisjóður,
- Sparisjóður Norðlendinga og Byr sparisjóður,
- Sparisjóður Skagafjarðar og Sparisjóður Siglufjarðar,
- Sparisjóður Vestfirðinga, Sparisjóður Húnaþings og Stranda og Sparisjóðurinn í Keflavík,
- Sparisjóður Ólafsfjarðar og Sparisjóður Siglufjarðar.

2.3

Verðbréfamarkaður

Yfirlit yfir starfsemina

Tilskipanir á verðbréfamarkaði

Starfsemi Verðbréfasviðs beindist að stórum hluta á árinu að innleiðingarferli vegna tilskipana ESB á verðbréfamarkaði sem lauk með innleiðingu á tilskipun um markaði með fjármála-gerninga (e. *Markets in Financial Instruments Directive - MiFID*) og tilskipun um gegnsæi (e. *Transparency Directive*) með lögum sem tóku gildi 1. nóvember 2007. Undirbúningsvinna vegna MiFID var mjög umfangsmikil sem og undirbúningur og smíði rafræns tilkynningakerfis með fjármálagern-ingum. Tilkynningakerfið tekur á móti og varðveitir upplýs-ingar um viðskipti frá fjármálafyrirtækjum og skiptist jafnframt á upplýsingum við erlend fjármálaeftirlit. Fjármálaeftirlitið tók virkan þátt í norrænu samstarfi við þróun og smíði tilkynninga- og eftirlitskerfisins.

Með MiFID tilskipuninni er leyfisskyld starfsemi fjármálafyrir-tækja útvíkkuð miðað við það sem nú er. Leyfisskyld starfsemi nær nú til fjárfestingarráðgjafar sem ekki er veitt í tengslum við önnur verðbréfavíðskipti og rekstrar markaðstorgs fjármála-gerninga (MTF). Með þessu fjölgar þeim fyrirtækjum sem sækja þurfa um starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki frá því sem var samkvæmt eldri tilskipun. Ítarlegri og nákvæmari reglur um starfshætti fjármálafyrirtækja og fjárfestavernd, kalla á aukið og flókna eftirlit af hálfu Fjármálaeftirlitsins með reglunum og framkvæmd þeirra.

Innleiðingin er lokaáfangi í löggjafarferli vegna tilskipana Evrópusambandsins á fjármála markaði. Á tímabilinu komu fimm tilskipanir til framkvæmdar, en það eru, auk framan-greindra tilskipana, tilskipun um lýsingar (e. *Prospectus Directive*), tilskipun um markaðsmisnotkun (e. *Market Abuse Directive - MAD*) og tilskipun um yfirtökur (e. *Takeover Directive*) ásamt fjölda undirtilskipana og reglugerða. Innleiðing þeirra hefur skipað stóran sess í starfseminni á tímabilinu. Ýmis álitæfni hafa komið upp og við úrlausn þeirra og hefur Fjármálaeftirlitið í nokkrum tilvikum nýtt sér erlent samstarf með góðum árangri. Á vegum Samtaka evrópskra verðbréfaeftirlita (e. *Committee of European Securities Regulators - CESR*), starfa sérfræðingahópar við mótun og túlkun framangreindra tilskipana og kortlagningu álitamála sem upp koma.

Vaxandi umsvif íslenskra fjármálafyrirtækja á erlendum vett-vangi hafa aukið umtalsvert eftirlit yfir landamæri sem lýtur að hugsanlegum innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Á síðustu misserum hefur Fjármálaeftirlitið greint töluverða aukningu í fjölda fyrirspurna er snerta starfsemi íslenskra aðila frá erlend-um eftirlitsstofnunum. Með innleiðingu MiFID og tilkomu eftirlitskerfis með fjármálagerningum (e. *Transaction Reporting System*) mun eftirlit á þessu sviði kalla á aukningu í samstarfi á milli eftirlitsaðila innan EES.

Kauphöll Íslands - OMX samstæðan

Í árslok 2006 varð Kauphöll Íslands hluti af OMX-samstæðunni sem á og rekur stærsta verðbréfamarkað í Norður-Evrópu. Í kjölfar sameiningar er OMX móðurfélag samstæðunnar og íslensk fyrirtæki urðu hluti af Norræna listanum í byrjun apríl 2007. Með inngöngu Kauphallar Íslands í OMX eru valkostir íslenskra fjárfesta auknir og samþættur norrænn markaður eykur viðskipti á milli Norðurlandanna. Sameining félaganna leiðir til meiri seljanleika á íslenskum hlutabréfamarkaði. Fjárfestingarkostum fer sífellt fjölgandi, bæði innanlands og utan og tæknin er sífellt að þróast þannig að markaðir verða opnari. Með auðveldari og fjölbreyttari aðgangi að mörkuðum og auknum fjárfestingarkostum eykst hins vegar hættu á markaðsmisnotkun. Náð samstarf er á milli Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar í eftirlitsmálum sem stuðlar að öflugri markaðsvakt og felst í skilvirkri verkaskiptingu og samræmdri framkvæmd eftirlits á verðbréfamarkaði. Töluverður hluti eftirlitsmála hefst á grundvelli ábendinga frá Kauphöllinni.

Leiðbeiningar og túlkanir á verðbréfamarkaði

Samfara örri þróun í löggjöf á verðbréfamarkaði, sem verður sífellt umfangsmeiri og flóknari, hefur Fjármálaeftirlitið merkt aukna þörf fyrir túlkanir og leiðbeiningar um framkvæmd. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á hlutverk þess sem áhrifavalds á fjármálamarkaði og hefur einsett sér að koma í ríkari mæli fram með túlkanir og leiðsögn í tengslum við álitaefni sem rísa við beitingu laga og reglna á verðbréfamarkaði. Fjármálaeftirlitið birtir slíkar túlkanir á heimasíðu sinni. Fjármálaeftirlitið birtir jafnframt viðvaranir sem berast frá erlendum samstarfsaðilum í gegnum samstarfsnefnd á vegum CESR á heimasíðu sinni.

Fjármálaeftirlitið er í nánú samstarfi við eftirlitsaðila annarra EES ríkja á vettvangi CESR. Afrakstur slíks samstarfs er birtur á heimasíðu CESR í formi túlkana, tilmæla og annarra gagnlegra upplýsinga. Er markmiðið fyrst og fremst að samræma túlkanir og framkvæmd á reglum verðbréfamarkaðsréttar innan EES, til að ná fram einsleitum innri markaði.

Yfirlit yfir mál á verðbréfamarkaði

Eftirfarandi er yfirlit yfir mál sem komið hafa til sérstakrar athugunar á tímabilinu:

- Stjórnvaldssektamál. Á tímabilinu voru fimm mál tekin til athugunar með hliðsjón af flöggunarskyldu, sbr. 32. gr. verðbréfavíðskiptalaga. Í 34 málum var tekið til athugunar hvort brotið hefði verið gegn rannsóknar- og tilkynningarskyldu fruminnherja og útgefenda á grundvelli 62., 63. og 64. gr. laga nr. 33/2003. Í nokkrum tilvikum lauk máli með áminningu eða athugasemdum. Í átta tilvikum leiddi athugun Fjármálaeftirlitsins til stjórnvaldssekta en átján mál eru enn í athugun.
- Markaðsmisnotkun. Á tímabilinu voru fimm mál tekin til athugunar vegna hugsanlegrar markaðsmisnotkunar. Þremur málanna var lokið eftir athugun Fjármálaeftirlitsins án frekari aðgerða. Tvö mál eru enn til meðferðar.

■ Innherjasvik. Sex mál voru tekin til athugunar á tímabilinu vegna hugsanlegra innherjasvika. Fjórum málanna var lokið eftir athugun Fjármálaeftirlitsins. Tvö málanna eru enn til meðferðar.

■ Útboðsmál. Á tímabilinu staðfesti Fjármálaeftirlitið fimm lýsingar. Aukin ábyrgð færðist yfir á Fjármálaeftirlitið með innleiðingu Prospectus tilskipunar (tilskipun um lýsingar) og hefur það komið fram í auknum verkefnum.

■ Yfirtökur. Sex mál komu til athugunar vegna hugsanlegrar yfirtökuskyldu. Eftir athugun var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að ekki væri tilefni til aðgerða.


Þróun á verðbréfamarkaði

Þróun á fjármálamarkaði var fjárfestum hagstæð á árinu 2006 bæði á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði. Neikvæð umræða um íslenska fjármálamarkaðinn á alþjóðavettvangi í byrjun ársins 2006 olli mikilli verðlækkun á hlutabréfamörkuðum en erlendir sérfræðingar gagnrýndu íslenska markaðinn og töldu hann einkennast af of hröðum vexti og þröngu eignarhaldi. Um mitt árið 2006 fór gengi hlutabréfa hækkandi á ný þegar í ljós kom að neikvæðar spár áttu ekki við rök að styðjast, skráð félög skilðu góðri afkomu og var árið á endanum hagfellt. Úrvalsvisitalan hækkaði um 15,8% á árinu til samanburðar við 64,7% árið áður. Metvelta var með viðskipti í Kauphöll árið 2006 og námu þau um 4.484 ma.kr. sem var 77% veltuaukning á milli ára.

Í kjölfar þess að Kauphöll Íslands varð hluti af OMX-samstæðunni breyttist heiti hennar í OMX Nordic Exchange Iceland hf. (Kauphöll). Í tengslum við þessar breytingar breyttust heiti á vísitölum og ber Úrvalsvisitala Kauphallar nú heitið OMXI15.

Úrvalsvisitalan hækkaði stöðugt frá ársbyrjun 2007 þegar hún stóð í 6.410 stigum og fór hæst í 9.016 stig hinn 18. júlí en féll þá töluvert og stóð lægst í 7.223 stigum þann 9. nóvember 2007. Miklar sveiflur urðu á íslenskum hlutabréfamarkaði á þriðja ársfjórðungi 2007 og það sem af er fjórða ársfjórðungi. Þær sveiflur voru í takt við hræringar á erlendum mörkuðum sem stöfuðu af lánsfjárræppu vegna ótryggra húsneðislána í Bandaríkjunum og lausafjárskorti banka í Bretlandi og olli óróa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þessi sterka fylgni sveiflna á íslenska fjármálamarkaðinum við erlenda markaði sýnir glögglega að ekki er lengur hægt að ræða um séríslenskar aðstæður. Íslensk fyrirtæki eru nú með starfsemi á alþjóðavettvangi og tekjur þeirra eru að miklum hluta í erlendri mynt. Einn liður í útrás íslensku fyrirtækjanna er að skrá hlutafé sitt í erlendum myntum, einkum evrum, og hafa all mörg fyrirtæki lýst yfir áhuga á því. Úrvalsvisitala Kauphallar féll um 3,87% á þriðja ársfjórðungi ársins 2007 sem var mikill viðsnúningur frá fyrsta og öðrum ársfjórðungi þegar hún hækkaði annars vegar um 16,9% og hins vegar um 10,8%. Í lok október var Úrvalsvisitalan 8.115 stig og hafði hækkað um 26,6% frá áramótum en 30% miðað við síðustu 12 mánuði.

Mynd 14 Þróun heildarvísitölu aðallista og OMXI15




Mynd 14. Heildarvísitala Aðallista - OMXI15

Mikil veltuaukning hefur orðið á íslenska hlutabréfamarkaðinum á síðustu árum. Árið 2002 nam til dæmis heildarvelta með öll hlutabréf í Kauphöll 321 ma.kr. en í júlí sl. nam hún tæpum 528 ma.kr. sem er metvelta á hlutabréfamarkaði á einum mánuði. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2007 nam heildarvelta á hlutabréfamarkaði 2.485 ma.kr. Enn sem fyrr eru mestu viðskiptin með bréf bankanna fjögurra eða um 73% heildarveltunnar miðað við lok þriðja ársfjórðungs 2007.

Viðskipti með hlutabréf voru um 2.192 ma.kr. á árinu 2006 en voru 1.202 ma.kr. á árinu 2005. Aukning á milli ára var því um 82%. Heildarvelta hlutabréfa fyrstu sex mánuði ársins 2007 var um 2.485 ma.kr. en var um 1.080 ma.kr. miðað við sama tímabil 2006. Hér er því um gífurlega aukningu að ræða eða um 130%.

Ávöxtun á norrænum hlutabréfamörkuðum var misgóð eftir löndum fyrstu níu mánuði ársins en þrátt fyrir viðsnúning á þriðja ársfjórðungi hækkaði Úrvalsvísitalan á Íslandi langmest norrænna vísitalna á tímabilinu.

Mynd 15 Mánaðarlegar breytingar á norrænum vísitölum



Mynd 15. Þróun norrænna vísitalna. (Upphafsviðmið í ársbyrjun 2007 stillt á 100)

Fjöldi skráðra félaga í Kauphöll og markaðsvirði þeirra

Töluverðar breytingar urðu á skráðum félögum árið 2006 og fjölgaði þeim í ársbyrjun úr 26 félögum í 27 í lok árs. Fimm félög voru tekin til viðskipta í Kauphöllina, Hf. Eimskipafélag Íslands (áður Avion Group), Exista, Teymi, OMX AB og Icelandair Group Holding. Tvö félög, Hampiðjan og HB Grandi, fluttust af Aðallista yfir á ISEC markaðinn og fjögur fyrirtæki, Jarðboranir, Kögum, Fiskmarkaður Íslands og Fiskeldi Eyjafjarðar, voru afskráð af markaði.

Þrjú ný félög hafa verið tekin til viðskipta í Kauphöll á fyrstu tíu mánuðum ársins 2007, Føroya Banki P/F, Eik Banki P/F og SPRON hf. Hafa fjárfestar tekið nýjum fjárfestingarkostum vel og var mikill áhugi hér á landi á hlutfjárútboði beggja færeysku bankanna. Actavis hf. var afskráð í ágúst og óskað hefur verið eftir afskráningu bæði Vinnslustöðvarinnar hf. og Mosaic Fashion hf. Á árinu 2007 hefur félögum í Úrvalsvísitölunni, OMXI15, fækkað úr 14 félögum í 12 við brotthvarf Actavis hf. og Mosaic Fashion hf. Í samræmi við reglur Kauphallar munu ekki koma inn ný félög í Úrvalsvísitöluna á núverandi tímabili, jan.- des. 2007, þó að Actavis og Mosaic hverfi á braut.

Í kjölfar þess að Føroya Banki P/F og Eik Banki P/F voru teknir til viðskipta í Kauphöll var stofnuð sérstök færeysk hlutabréfavísitala með tilliti til bankanna tveggja og P/F Atlantic Petroleum, OMXIFO.

Um mitt ár 2007 var First North Iceland markaðinum hleypt af stokkunum. Century Aluminum Company, móðurfélag Norð-uráls, var fyrsta félagið skráð á First North Iceland.


ISEC markaðurinn sem ætlaður er smáum og meðalstórum fyrirtækjum var stofnaður í júlí 2006. Tvö fyrirtæki sem áður voru skráð á Aðallista, Hampiðjan hf. og HB Grandi hf. færðust á milli lista og í ársbyrjun 2007 varð ISEC markaðurinn hluti af First North markaði OMX. Viðskipti á ISEC markaði námu 4,2 ma.kr. árið 2006.

Sé horft til ársloka 2007 hefur ekkert fyrirtæki tilkynnt opinberlega um að það komi til með að sækja um skráningu í Kauphöll. Væntingar eru um að nokkur félög sem sýnt hafa áhuga á skráningu á markað verði tekin til viðskipta á næstu mánuðum. Útlit er því fyrir að skráðum félögum muni fjölga á næstunni og munu þau að öllum líkindum draga úr vægi fjármálfyrirtækja í Kauphöll og auka fjölbreytni fjárfestingarkosta. Eingöngu eitt félag, Tryggingarmiðstöðin hf., hefur tilkynnt um afskráningu á markaði fyrir áramót en þá hafa fjögur félög verið afskráð úr Kauphöll á árinu. Helstu ástæður afskráninga eru samrunar við önnur fyrirtæki sem einnig eru skráð í kauphöll og að ekki eru lengur uppfyllt skilyrði um dreifða eignaraðild.

Markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöll var í lok árs 2006 um 2.596 ma.kr. króna. Í lok september 2007 var markaðsvirði skráðra félaga um 3.172 ma.kr. króna og hefur því hækkað um 22%. Hlutdeild fjármálafyrirtækja í markaðsvirði er um 67%. Aukningu á markaðsvirði skráðra félaga má meðal annars rekja til mikillar og vel heppnaðrar útrásar íslenskra félaga á erlenda markaði. Hefur meginþorri félaga sem tilheyra úrvalsvisítölu staðið að kaupum eða yfirtökum á félögum á erlendri grund.

Fjöldi	2001	2002	2003	2004	2005	2006	30.09.2007
Skráð félög í Kauphöll	71	64	48	34	26	27	29

Mynd 16 Markaðsvirði skráðra hlutabréfa



Mynd 16. Markaðsvirði skráðra hlutabréfa.


Skuldabréfamarkaður

Ávöxtun á skuldabréfamarkaði árið 2006 var góð og var mikil veltuaukning á milli árána 2005 og 2006 eða 72% samanborið við 11,6% samdrátt á milli árána 2004 og 2005. Á síðasta ársfjórðungi 2006 var metvelta á skuldabréfamarkaði eða um 679 ma.kr. sem er mesta velta innan ársfjórðungs frá upphafi mælinga. Viðskipti á skuldabréfamarkaði voru 2.274 ma.kr. á árinu 2006 en voru 1.322 ma.kr. á árinu 2005.

Velta á skuldabréfamarkaði fyrstu sex mánuði ársins 2007 var um 875 ma.kr. en á sama tíma á árinu 2006 var veltan 1.076 ma.kr. eða sem nemur 23% lækkun. Mesta velta á skuldabréfa- og peningamarkaði á einum degi frá upphafi mælinga var 19. september 2007 eða 28,7 ma.kr. Í október 2006 nam velta skuldabréfa og víxla tæpum 270 m.kr. króna en það er mesta velta á skuldabréfamarkaði í einum mánuði frá upphafi. Ólíkt hlutabréfum er lítil veltuaukning á milli ára í veltu skuldabréfa en fyrstu níu mánuði ársins 2007 er velta á milli ára nánast óbreytt eða um 1.590 ma.kr.

Markaðsvirði skuldabréfa og víxla var 1.388 ma.kr. króna í lok september 2007 og hefur hækkað um 7% frá áramótum.

Mynd 17 Markaðsvirði skráðra skuldabréfa




Mynd 17. Markaðsvirði skráðra skuldabréfa.

2.4 Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir

2.4.1 Lífeyrissjóðir

Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2006 var 1.498,8 ma.kr. samanborið við 1.219,5 ma.kr. í árslok 2005. Aukning milli ára var því 22,9% sem samsvarar 14,9% raunaukningu miðað við vísitölu neysluverðs. Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2006 sem hlutfall af landsframleiðslu var 129% samanborið við 120% í árslok 2005. Mynd 18 sýnir þróun hreinnar eignar lífeyrissjóðanna og hlutfalls hennar af landsframleiðslu á árunum 1997 til 2006.

Mynd 18 Þróun hreinnar eignar lífeyrissjóða




Mynd 18. Þróun hreinnar eignar lífeyrissjóða.

Ávöxtun

Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna á árinu 2006 var góð eða 10,2% samanborið við 13,2% á árinu 2005 þegar sjóðirnir skiluðu metávöxtun. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðs er ávöxtun eigna leiðrétt fyrir vísitölu neysluverðs þegar kostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum. Lífeyrissjóðir eru lang-

tímafjárfestar og því mikilvægt að líta til langtímaávöxtunar sjóðanna þegar árangur þeirra er metinn. Eins og sjá má á mynd 19, sem sýnir þróun raunávöxtunar lífeyrissjóðanna allt frá árinu 1991, er fimm og tíu ára meðalávöxtun sjóðanna nú yfir 3,5% raunávöxtun sem gert er ráð fyrir í tryggingafræðilegum úttektum á sjóðunum.

Mynd 19 Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða



Mynd 19. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða.


Allar deildir lífeyrissjóðanna skiluðu jákvæðri raunávöxtun á árinu 2006 en hæsta ávöxtun samtryggingadeildar var 13,3% og lægsta ávöxtun 0,2%. Á árinu 2006 var hæsta ávöxtun séreignardeildar 14,1% og lægsta ávöxtun séreignardeildar 0,9%. Þá var hæsta fimm ára meðalávöxtun samtryggingadeildar 11% og lægsta fimm ára meðalávöxtun 3,5%.

Lífeyrissjóðirnir hafa náð góðum árangri í ávöxtun eigna sinna undanfarin fjögur ár. Ávöxtunin er hins vegar mjög há í sögulegu samhengi sem ber að hafa hugfast við réttindaaukningar. Jafnframt er mikilvægt að sjóðirnir sinni stöðugt uppbyggingu öflugrar áhættustýringar þannig að þeir séu vel í stakk búnir til að mæta breyttum aðstæðum á fjármálamörkuðum.

Fjárhagsstaða

Á árinu 2006 batnaði fjárhagsstaða lífeyrissjóða án ábyrgðar laungreiðenda annað árið í röð á árinu 2006. Í árslok 2006 voru reknar 35 slíkar deildir í 28 sjóðum. Eins og sjá má á mynd 20 var staða 25 deilda jákvæð um allt að 23,9% samanborið við 22 deildir í árslok 2005. Þá voru 10 deildir með halla á bilinu 0,1% til 10% og engin deild með meiri en 10% halla. Lífeyrissjóðalögin kveða á um að lífeyrissjóði beri að breyta samþykktum þannig að jafnvægi náist á milli eigna og skuldbindinga sé mismunur meiri en 10% eða meiri en 5% samfellt fimm ár í röð.

Mynd 20 Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra í árslok 2005 og 2006




Mynd 20. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra í árslok 2005 og 2006.

Fjárfestingar

Á árinu 2006 hélt hlutfall verðbréfa með breytilegar tekjur af eignum lífeyrissjóðanna áfram að vaxa á kostnað hlutfalls verðbréfa með fastar tekjur. Hlutfall verðbréfa með breytilegar tekjur hjá samtryggingadeildum var 52% í árslok 2006 samanborið við 48% í árslok 2005 eins og sést á mynd 21. Hjá séreignardeildum hækkaði hlutfallið úr 65% í 69% á árinu 2006. Hærra hlutfall verðbréfa með breytilegar tekjur hjá séreignardeildum endurspeglar áhættusæknari fjárfestingastefnur séreignardeilda.

Mynd 21 Eignasamsetning samtrygginga- og séreignardeilda í árslok 2005 og 2006




Mynd 21. Eignasamsetning samtrygginga- og séreignardeilda í árslok 2005 og 2006.

Hlutfall hlutabréfa og hluta og hlutdeildarskírteina í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum sem starfa samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði (UCITS) af hreinni eign lífeyrissjóða var 40% í árslok 2006 samanborið við 35% í árslok 2005

eins og fram kemur á mynd 22. Hlutfallið hefur farið hækkandi allt frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna. Samkvæmt lögnum má hlutfallið að hámarki vera 60% af hreinni eign sjóðanna. Hlutfallið var hækkað úr 50% á árinu 2006. Því er enn nokkuð svigrúm fyrir hendi hjá lífeyrissjóðunum til þess að auka fjárfestingar í framangreindum verðbréfum.

Hlutfall hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum sem starfa samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði (UCITS) af hreinni eign samtryggingadeilda var 28% í árslok 2006 eins og má sjá á mynd 22 og hefur farið vaxandi undanfarin ár. Lífeyrissjóðir mega að hámarki eiga 25% af útgefnum hlutdeildarskírteinum einstaks sjóðs samkvæmt lífeyrissjóðalögnum. Við flokkun hlutdeildarskírteina er litið til undirliggjandi eigna verðbréfasjóðsins en engin hámarkseign sem hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóðanna. Samkvæmt framangreindu er nokkur hluti hlutabréfaeignar lífeyrissjóðanna eign í gegnum verðbréfasjóði og kemur jafnframt fram sem slík á myndinni.


Mynd 22 Hlutfall hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða (l. nr. 30/2003) og hlutabréfa af hreinni eign lífeyrissjóða



Mynd 22. Hlutfall hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum (l. nr. 30/2003) og hlutabréfa af hreinni eign lífeyrissjóða í árslok 2004, 2005 og 2006. Hluti hlutabréfaeignar er talinn með í tölum um hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.

Hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign lífeyrissjóðanna var 27% í árslok 2006 samanborið við 24% í árslok 2005. Hlutfallið hefur farið hækkandi allt frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna eins og sést á mynd 23 sem sýnir þróun frá árinu 2000. Hlutfall gengisbundinna eigna er nokkuð herra í séreignadeildum en samtryggingadeildum eins og myndin sýnir og var 29% í árslok 2006. Samkvæmt lífeyrissjóðalögum má hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign að hámarki vera 50%. Því er enn verulegt svigrúm fyrir hendi hjá lífeyrissjóðum til fjárfestinga í erlendum verðbréfum.

Mynd 23 Hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign lífeyrissjóða



Mynd 23. Hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign lífeyrissjóða.

Fjöldi lífeyrissjóða og réttindakerfi

Lífeyrissjóðunum fór áfram fækkandi á tímabilinu. Þann 1. júlí 2007 voru starfandi 40 lífeyrissjóðir en sjóðirnir voru 42 þann 1. júlí 2006. Af 40 lífeyrissjóðum voru 32 fullstarfandi en 8 hættr að taka við iðgjöldum. Frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna hefur sjóðunum fækkað að jafnaði um 3 sjóði á ári. Í árslok 2006 áttu 10 stærstu lífeyrissjóðirnir um 80% af hreinni eign allra sjóðanna.


Sameiningar stórra sjóða hafa verið áberandi tvö síðustu árin og ekki ólíklegt að frekari sameiningar muni einkum eiga sér stað hjá smærri sjóðum. Sameiningar lífeyrissjóða eru jákvæð þróun en færri og stærri lífeyrissjóðum fylgir m.a. aukin hagræðing í rekstri sjóðanna og hlutfallslega minni rekstrarkostnaður, aukin áhættudreifing bæði hvað varðar eignir og skuldbindingar og aukin þekking og fagmennska í starfsemi. Starfsemi stórra sjóða er jafnframt flóknari og kallar á aukið innra eftirlit og áhættustýringu en stærðarhagkvæmni greiðir leiðina fyrir öflugri innri umgjörð hjá sjóðunum.

Fjármunir í sjóðum með aldurstengda réttindaávinnslu hafa aukist hægt og sígandi allt frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna á kostnað jafnrar réttindaávinnslu. Á árinu 2005 tók þróunin kipp þegar sex sjóðir tóku upp aldurstengda réttindaávinnslu í stað jafnar. Á árinu 2006 tóku fimm sjóðir með jafna ávinnslu upp aldurstengda ávinnslu. Mynd 24 sýnir þróunina á árunum 2004, 2005 og 2006.

Mynd 24	Réttindaávinnskukerfi lífeyrissjóða m.v. hreina eign	Mynd 25	Hlutfallsleg skipting séreignarsparnaðar milli tegunda vörsluaðila																																				
<table border="1"> <caption>Data for Mynd 24: Réttindaávinnskukerfi lífeyrissjóða m.v. hreina eign</caption> <thead> <tr> <th>Árslok</th> <th>Jöfn ávinnsla</th> <th>Aldurstengd ávinnsla</th> <th>Hlutfallsleg ávinnsla</th> <th>Blönduð ávinnsla</th> <th>Séreign</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Árslok 2004</td> <td>64%</td> <td>8%</td> <td>20%</td> <td>8%</td> <td>0%</td> </tr> <tr> <td>Árslok 2005</td> <td>41%</td> <td>8%</td> <td>19%</td> <td>23%</td> <td>9%</td> </tr> <tr> <td>Árslok 2006</td> <td>15%</td> <td>8%</td> <td>18%</td> <td>49%</td> <td>10%</td> </tr> </tbody> </table>		Árslok	Jöfn ávinnsla	Aldurstengd ávinnsla	Hlutfallsleg ávinnsla	Blönduð ávinnsla	Séreign	Árslok 2004	64%	8%	20%	8%	0%	Árslok 2005	41%	8%	19%	23%	9%	Árslok 2006	15%	8%	18%	49%	10%	<table border="1"> <caption>Data for Mynd 25: Hlutfallsleg skipting séreignarsparnaðar milli tegunda vörsluaðila</caption> <thead> <tr> <th>Dagsetning</th> <th>Aðrir lífeyrissjóðir</th> <th>Vörsluaðilar aðrir en lífeyrissjóðir</th> <th>Lífeyrissjóðir sem störfuðu sem hreinir séreignasjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>31.12.2000</td> <td>5%</td> <td>5%</td> <td>90%</td> </tr> <tr> <td>31.12.2006</td> <td>12%</td> <td>28%</td> <td>59%</td> </tr> </tbody> </table>		Dagsetning	Aðrir lífeyrissjóðir	Vörsluaðilar aðrir en lífeyrissjóðir	Lífeyrissjóðir sem störfuðu sem hreinir séreignasjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997	31.12.2000	5%	5%	90%	31.12.2006	12%	28%	59%
Árslok	Jöfn ávinnsla	Aldurstengd ávinnsla	Hlutfallsleg ávinnsla	Blönduð ávinnsla	Séreign																																		
Árslok 2004	64%	8%	20%	8%	0%																																		
Árslok 2005	41%	8%	19%	23%	9%																																		
Árslok 2006	15%	8%	18%	49%	10%																																		
Dagsetning	Aðrir lífeyrissjóðir	Vörsluaðilar aðrir en lífeyrissjóðir	Lífeyrissjóðir sem störfuðu sem hreinir séreignasjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997																																				
31.12.2000	5%	5%	90%																																				
31.12.2006	12%	28%	59%																																				
<p>Mynd 24. Réttindaávinnskukerfi lífeyrissjóða m.v. hreina eign.</p> <p>Aldurstengd réttindaávinnsla framangreindra sjóða sem skiptu um réttindaávinnskukerfi á árunum 2005 og 2006 er ekki hrein aldurstengd réttindaávinnsla og flokkast sem blönduð ávinnsla á mynd 24. Ákveðnum hópi sjóðfélaga er heimilt að greiða áfram í jafna ávinnslu tiltekinn hluta iðgjalds með tilliti til þess sem greitt var í jafna ávinnslu fyrir breytinguna. Um er að ræða sjóðfélaga sem yrðu fyrir verulegri skerðingu réttinda væri þeim beint í aldurstengda réttindaávinnslu á síðari hluta starfsævinnar eftir greiðslur í jafna ávinnslu á fyrri hluta starfsævinnar. Með tímanum verður réttindaávinnsla í sjóðunum hrein aldurstengd réttindaávinnsla.</p>		<p>Mynd 25. Hlutfallsleg skipting séreignarsparnaðar milli tegunda vörsluaðila.</p> <p>Á mynd 26 má sjá þróun uppsafnaðs séreignarsparnaðar árin 2004, 2005 og 2006 hjá vörsluaðilum öðrum en þeim lífeyrissjóðum sem störfuðu áður sem hreinir séreignarsjóðir. Uppsafnaður séreignarsparnaður hjá öðrum lífeyrissjóðum var 24,5 ma.kr. í árslok 2006 en sparnaður hjá vörsluaðilum öðrum en lífeyrissjóðum, þ.e. bönkum, verðbréfafyrirtækjum, sparissjóðum og líftryggingafélögum, var samtals 55,7 ma.kr. og skiptist á milli þeirra eins og myndin sýnir.</p>																																					
<p>Viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnaður</p> <p>Lífeyrissjóðum, bönkum, sparissjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum er heimilt að veita viðtöku iðgjöldum til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar umfram lögbundna lágmarkstryggingarvernd samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðalaga. Sparnaðurinn er séreignarsparnaður þar sem hann er séreign sem erfist að fullu við andlát rétthafa.</p> <p>Í árslok 2006 var uppsafnaður séreignarsparnaður hjá lífeyrissjóðum og öðrum vörsluaðilum 197,5 ma.kr. samanborið við 146,2 ma.kr. í árslok 2005. Sparnaðurinn óx því um 35% á milli ára. Að meðaltali hefur sparnaðurinn vaxið um 30% á ári á árunum 1999–2006 eða á bilinu 21% til 41%. Á mynd 25 má sjá hlutfallslega skiptingu séreignarsparnaðar á milli tegunda vörsluaðila í árslok 2000 og árslok 2006. Eins og myndin sýnir er stærstur hluti séreignarsparnaðar enn í vörslu lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku lífeyrissjóðalaganna þótt hlutur þeirra fari minnkandi.</p>		<p>Mynd 26 Uppsafnaður séreignarsparnaður (án lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997)</p> <table border="1"> <caption>Data for Mynd 26: Uppsafnaður séreignarsparnaður (án lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997)</caption> <thead> <tr> <th>Dagsetning</th> <th>Aðrir lífeyrissjóðir</th> <th>Sparissjóðir</th> <th>Líftryggingafélög</th> <th>Bankar og verðbréfafyrirtæki</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>31.12.2004</td> <td>14</td> <td>5,1</td> <td>2</td> <td>21,5</td> </tr> <tr> <td>31.12.2005</td> <td>18,7</td> <td>7,1</td> <td>3</td> <td>30,7</td> </tr> <tr> <td>31.12.2006</td> <td>24,5</td> <td>9,3</td> <td>3,6</td> <td>42,7</td> </tr> </tbody> </table> <p>Mynd 26. Uppsafnaður séreignarsparnaður (án lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997).</p> <p>Lífeyrissjóðum er heimilt samkvæmt lífeyrissjóðalögum að skilgreina þá lágmarkstryggingarvernd sem þeim er skylt að</p>		Dagsetning	Aðrir lífeyrissjóðir	Sparissjóðir	Líftryggingafélög	Bankar og verðbréfafyrirtæki	31.12.2004	14	5,1	2	21,5	31.12.2005	18,7	7,1	3	30,7	31.12.2006	24,5	9,3	3,6	42,7																
Dagsetning	Aðrir lífeyrissjóðir	Sparissjóðir	Líftryggingafélög	Bankar og verðbréfafyrirtæki																																			
31.12.2004	14	5,1	2	21,5																																			
31.12.2005	18,7	7,1	3	30,7																																			
31.12.2006	24,5	9,3	3,6	42,7																																			

veita samkvæmt lögnum með þeim hætti að hluti iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar, sem er 12%, renni til séreignarsparnaðar. Þessi séreignarsparnaður getur annað hvort verið hluti af lágmarkstryggingarverndinni eða viðbótartryggingarvernd. Séreignarsparnaður stafar því ekki einvörðungu frá iðgjöldum til viðbótartryggingarverndar eins og nefnt er hér að framan þó svo að það eigi við um langstærstan hluta sparnaðarins eins og mynd 27 hér að neðan sýnir.

Mynd 27 Tegundir séreignarsparnaðar í árslok 2006



Mynd 27. Tegundir séreignarsparnaðar í árslok 2006.

Myndin sýnir að um 85% uppsafnaðs séreignarsparnaðar, samtals að fjárhæð 197,5 ma.kr., á rætur að rekja til iðgjalda til viðbótartryggingarverndar. Um 15% uppsafnaðs séreignarsparnaðar á hins vegar rætur að rekja til iðgjalda til lágmarkstryggingarverndar. Af framangreindum 15% eru um 7% séreignarsparnaður sem er hluti af viðbótartryggingarvernd en um 8% eru séreignarsparnaður sem er hluti af lágmarkstryggingarvernd.

Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóðanna nam 141,9 ma.kr. í árslok 2006 eða 9,5% af hreinni eign sjóðanna. Sama hlutfall var 8,6% í árslok 2005 og hefur hlutfallið farið hækkandi frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna.

Sé séreignarsparnaði hjá öðrum vörsluáðilum en lífeyrissjóðum í árslok 2006 að fjárhæð 55,7 ma.kr. bætt við hreina eign lífeyrissjóðanna í árslok sama árs að fjárhæð 1.498,8 ma.kr. fæst að heildareignir lífeyriskerfisins voru 1.554,5 ma.kr. í árslok 2006 eða 133,7% af vergri landsframleiðslu. Til samanburðar var sama fjárhæð 1.260 ma.kr. í árslok 2005 eða 124,5% af vergri landsframleiðslu.

Fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða

Í lífeyrissjóðalögnum er að finna ítarleg ákvæði um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða. Sjóðunum ber að móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Sjóðirnir þurfa því ekki síður að líta til áhættu samfara fjárfestingarkostum en væntinga um ávöxtun. Tegundir fjárfestinga sem sjóðunum eru heimilar eru allar tilgreindar í lögnum. Fjárfestingarnar eru allar helstu tegundir framseljanlegra verðbréfa, innlán og afleiður til varnar. Jafnframt eru sett takmörk varðandi einstakar tegundir fjárfestinga, einstaka útgefendur verðbréfa, erlend verðbréf og óskráð verðbréf sem almennt eru hlutfall af hreinni eign sjóðanna.

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðalaganna fela í sér að gætt sé varkárni í fjárfestingum og að ávallt sé fyrir hendi skýr lagaheimild við ráðstöfun fjármuna sjóðanna. Löggjöfin var mótuð með hliðsjón af þeim ríku hagsmunum sem sjóðunum er ætlað að gæta sem er lögboðinn lífeyrissparnaður til lágmarksframfærslu eftir starfslok. Við ákvarðanatöku um fjárfestingar og fjárfestingarheimildir sjóðanna þarf að vera óvæfengjanlegt að einvörðungu hagsmunir sjóðfélaganna séu hafðir að leiðarljósi.

Ör þróun og vöxtur á fjármálamarkaði hefur í för með sér aukna samkeppni og sífellt fjölbreyttari fjárfestingakosti sem sjóðunum standa til boða. Framangreint hefur m.a. kallað á túlkningar af hálfu Fjármálaeftirlitsins á því hvort fjárfestingar sem lífeyrissjóðirnir hafa ráðist í eða hafa áhuga fyrir samræmast fjárfestingarheimildum lífeyrissjóðalaga. Samkvæmt túlkun Fjármálaeftirlitsins sem það birti á heimasíðu sinni á tímabilinu er lífeyrissjóðum til að mynda ekki heimilt að stunda svokölluð verðbréfalán en til stóð nýverið hjá OMX að setja á fót formlegan markað fyrir slíkar lánveitingar. Þá má nefna að Fjármálaeftirlitið áréttaði við lífeyrissjóðina þær takmörkuðu heimildir sem sjóðirnir hafa samkvæmt lögnum til að stunda afleiðuviðskipti sem hafa verið að ryðja sér til rúms í auknum mæli.

Ítarleg löggjöf kallar á að eðlileg þróun hennar eigi sér stað með hliðsjón af gefinni reynslu og breyttum kringumstæðum. Frá gildistöku laganna hafa fjárfestingarheimildir sjóðanna verið rýmkaðar þrisvar sinnum með lagabreytingum. Heimildirnar voru síðast rýmkaðar á árinu 2006 þegar takmörkun til fjárfestinga í hlutabréfum var hækkuð úr 50% í 60% af hreinni eign og hámarksveðhlutfall veðskuldabréfa var hækkað úr 65% í 75%. Reikna má með að löggjöfin muni halda áfram að taka breytingum. Til að mynda hefur því sjónarmiði verið haldið á lofti í opinberri umræðu að rýmka þurfi fjárfestingarheimildir sjóðanna enn frekar. Jafnframt mætti útfæra betur tilteknar heimildir s.s. til afleiðuviðskipta en slík viðskipti geta verið áhættusöm og ættu ekki að vera háð mati í einstökum tilvikum.

Rýmkaðar fjárfestingarheimildir kalla á aukna ábyrgð en í því felst m.a. ríkari krafa um traust innra skipulag, einkum er lýtur að innra eftirliti og áhættustýringu sem og fagmennsku og þekkingu sem lífeyrissjóðirnir þurfa að búa yfir. Stækkun lífeyrissjóðanna vegna sameininga og mikils vaxtar eigna sjóðanna mun gera fleiri sjóðum betur kleift að standa undir slíkum kröfum í framtíðinni.

2.4.2 Verðbréfasjóðir

Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins voru í lok október 2007 sjö talsins, þar af fjögur með starfsleyfi til eignastýringar.

Á tímabilinu fjölgaði sjóðum nokkuð og er það í samræmi við þróun síðustu ára. Í lok júní 2007 voru starfandi 25 verðbréfasjóðir samanborið við 15 á sama tíma árið 2006 og 10 sjóði í lok júní árið 2005. Fjárfestingarsjóðum fjölgaði einnig verulega. Í lok júní 2007 höfðu verið staðfestir 37 fjárfestingarsjóðir samanborið við 24 á sama tíma árið 2006 og 13 í lok júní 2005, sbr. eftirfarandi yfirlit.


Fjöldi:	30.6.2005	30.6.2006	30.6.2007
Verðbréfasjóðir	10	15	25
þar af deildaskiptir	4	4	4
sjóðsdeildir	28	25	16
Fjárfestingarsjóðir	13	24	37
þar af deildaskiptir	3	4	5
sjóðsdeildir	5	17	20

Af fjölda nýlegra umsókna um staðfestingar á nýjum sjóðum verður ráðið að hægt hafi á fjölgun fjárfestingarsjóða. Til lengri tíma litið er þó líklegt að auknum fjölda fjármálafyrirtækja fylgi jafnframt fjölgun rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem samhliða leiðir til aukningar á heildarfjölda íslenskra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.

Á tímabilinu frá 1. júlí 2006 til 30. júní 2007 hafa verið afgreiddar beiðnir 14 staðfesta verðbréfasjóða og sjóðsdeilda um yfirlýsingu Fjármálaeftirlitsins um stöðu sem verðbréfasjóðir (UCITS) vegna markaðssetningar í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar er um verulega aukningu að ræða samanborið við engar slíkar beiðnir árið áður. Má því vænta aukningar á markaðssetningu íslenskra verðbréfasjóða í öðrum ríkjum á grundvelli sameiginlegra reglna innan EES um markaðssetningu verðbréfasjóða. Til samanburðar má nefna að Fjármálaeftirlitinu hafa borist tilkynningar frá rúmlega 30 erlendum verðbréfasjóðum með um 240 sjóðsdeildir vegna fyrirhugaðrar markaðssetningar á Íslandi. Listi yfir sjóðina er aðgengilegur á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði voru 452 ma.kr. í árslok 2006 samanborið við 363 ma.kr. í árslok 2005. Eignir verðbréfasjóða voru 170 ma.kr. og eignir fjárfestingarsjóða 282 ma.kr. í árslok 2006. Á mynd 28 má sjá þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á árunum 2002 til 2006. Á þremur síðastliðnum árum hafa eignir sjóðanna vaxið um 130% eins og sjá má á myndinni.

Mynd 28 | Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða



Mynd 28. Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.

Stærstur hluti eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða eru verðbréf með föstum tekjum. Í árslok 2006 voru 78% af eignum verðbréfasjóða verðbréf með föstum tekjum og 71% af eignum fjárfestingarsjóða. Aðrar eignir eru að mestu leyti hlutabréf, hlutdeildarskírteini og bankainnstæður.

2.5

Vátryggingamarkaður

2.5.1 Afkoma vátryggingafélaga 2006

Hagnaður innlendu skaðatryggingafélaganna (5 talsins) var rúmlega 17,3 ma.kr. árið 2006 samanborið við rúmlega 19 ma.kr. árið 2005. Um 87% af hagnaði félaganna árið 2006 stafar af fjármálaekstri þeirra og er ástæða þess að hagnaður lækkar milli ára m.a. sú að hækkanir á verðbréfamarkaði voru minni á árinu 2006 en árið á undan. Afkoma af vátryggingarekstri félaganna hefur hins vegar batnað frá árinu 2005 vegna hækkunar iðgjalda á árinu 2006.

Afkoma innlendu líftryggingafélaganna (4 talsins) hefur batnað talsvert á milli ára. Samanlagður hagnaður félaganna á árinu 2006 var tæplega 1,5 ma.kr. samanborið við 900 m.kr. hagnað á árinu 2005. Um 86% af hagnaði félaganna árið 2006 stafar af líftryggingarekstri og hefur afkoman af þessum hluta batnað mikið á milli ára. Ástæða þessa er m.a. hækkun á iðgjöldum í sjúkdómatryggingum á árinu 2006. Líftryggingafélögin eru öll í eigu skaðatryggingafélaga eða annarra félaganna á fjármálamarkaði.

Aukinn hagnaður af skaðatryggingastarfsemi og líftryggingastarfsemi¹


Skaðatryggingafélögin hækkuðu umtalsvert iðgjöld í skaðatryggingum á árinu 2006 og leiddi það til hagnaðar af þessari starfsemi á árinu 2006 eins og mynd 29 sýnir. Fjármálastarfsemin hefur síðustu ár verið mikilvæg tekjulind fyrir vátrygg-

1. Viðlagatrygging Íslands er ekki talin með í tölum sem sýna rekstur og afkomu.

ingafélögin þar sem skaðatryggingastarfsemi hefur oft skilað tapi eða litlum hagnaði. Hagnaður af fjármálastarfsemi minnk- aði á milli árunna 2005 og 2006 um rúmlega 35%. Af þessu má ætla að aukin eign váttryggingafélaga í hlutabréfum leiði til auk- inna sveiflna í afkomu félaganna. Þetta kallar á að váttrygginga- félögin verði með virka og góða áhættustýringu og eigna- og skuldastýringu.

Hagnaður af líftryggingastarfsemi var talsverður á árinu 2006 eða um 1,2 m.a. kr. Hagnaðurinn jókst um 386% frá árinu á undan og er ein ástæða þess hækkun á iðgjöldum í sjúkdóma- tryggingum.


Mynd 29 Hagnaður af helstu þáttum í starfi váttryggingafélaga á verðlagi ársins 2006



Mynd 29. Hagnaður af helstu þáttum í starfi váttryggingafélaga á verðlagi ársins 2006.

Hlutur samstæðufélaga í eignum váttryggingafélaga hefur aukist úr 8% á árinu 2005 í 26% á árinu 2006 eins og mynd 30 sýnir. Ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að á árinu 2006 keypti Tryggingamiðstöðin hf. norska váttryggingafélagið Nemi Forsikring ASA, auk þess sem þróunin hefur verið sú að váttrygginga- félög hafa verið að stofna sérstök félög utan um fjárfestingar sínar. Áfram eru hlutabréfatengd verðbréf stór hluti af eignum váttryggingafélaga eða um 36% á árinu 2006. Þessi eignaliður hefur hins vegar lækkað á milli ára og er meginástæðan minni hækkunir á verðbréfamarkaði auk þess sem áður er nefnt að dótturfélög halda í auknum mæli utan um eignir í hlutabréfum.

Mynd 30 Hlutur nokkurra eignaliða váttryggingafélaga í eignum árin 2004-2006




Mynd 30. Hlutur nokkurra eignaliða váttryggingafélaga í eignum árin 2004-2006.

Minnkandi arðsemi af fjármálastarfsemi

Skaðatryggingafélög eiga hlutfallslega meira af eignum í hluta- bréfum heldur en líftryggingafélög og því hefur síðustu ár verið meiri hagnaður af fjármálastarfsemi hjá skaðatryggingafélögum. Á árinu 2006 hafa verðbréfamarkaðir ekki hækkað jafn mikið og á árinu 2005 og það kemur fram í minnkandi hagnaði af fjármálastarfsemi í hlutfalli af eigin fé eins og mynd 31 sýnir. Hjá skaðatryggingafélögunum hefur þetta hlutfall lækkað úr tæplega 47% á árinu 2005 í rúmlega 27% á árinu 2006. Hjá líftryggingafélögunum hefur þetta hlutfall lækkað talsvert meira eða niður í rúmlega 9% á árinu 2006. Með hliðsjón af framan- greindu og að hagnaður af líftryggingastarfsemi hefur aukist talsvert á árinu 2006 má ætla að líftryggingafélög séu ekki eins háð fjármálastarfsemi og skaðatryggingafélögin.

Mynd 31 Hagnaður af fjármálastarfsemi í hlutfalli af eigin fé 2004-2006




Mynd 31. Hagnaður af fjármálastarfsemi í hlutfalli af eigin fé 2004-2006.

Afkoma batnar í skaðatryggingum

Helstu greinar skaðatrygginga voru reknar með hagnaði á árinu 2006, að undanteknum slysa- og sjúkratryggingum. Mynd 32 sýnir þróun iðgjalda og afkomu í einstökum greinum síðustu þrjú árin. Hækkanir urðu á iðgjöldum ökutækjatrygginga sem skilar sér í betri afkomu greinarinnar. Athygli vekur einnig góð afkoma eignatrygginga þrátt fyrir sambærileg iðgjöld á milli ára.

Mynd 32 Iðgjöld og afkoma helstu greinaflokka skaðatrygginga 2004-2006 á verðlagi ársins 2006




Mynd 32. Iðgjöld og afkoma helstu greinaflokka skaðatrygginga 2004-2006 á verðlagi ársins 2006.

Mest aukning iðgjalda varð í flokki ábyrgðartrygginga og greiðslu- og efnðavátrygginga. Umfang sjó-, flug- og farmtrygginga hefur hins vegar dregist saman á undanföllum árum.

Ökutækjatryggingum er hægt að skipta frekar í lögboðnar ökutækjatryggingar annars vegar og frjálssar ökutækjatryggingar hins vegar. Á mynd 33 sést þróun iðgjalda, tjóna og afkomu í þessum undirflokkum. Ekki hefur verið tap á lögboðnum ökutækjatryggingum á undanföllum árum og hafa tjón ekki aukist í þeirri grein. Sömu sögu er ekki að segja af frjálssum ökutækjatryggingum þar sem tjónakostnaður hefur vaxið jafnt og þétt og afkoma farið versnandi. Þetta hefur endurspeglast í að hækkunir vátryggingafélaga á ökutækjatryggingum á undanföllum misserum hafa einkum beinst að frjálssum ökutækjatryggingum.


Mynd 33 Iðgjöld, tjón og hagnaður/tap í lögboðnum og frjálssum ökutækjatryggingum 2004-2006 á verðlagi ársins 2006



Mynd 33. Iðgjöld, tjón og hagnaður/tap í lögboðnum og frjálssum ökutækjatryggingum 2004-2006 á verðlagi ársins 2006.

Markaðshlutdeild þriggja stærstu vátryggingafélaganna (Sjóvá- Almennra trygginga hf., Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Vátryggingafélags Íslands hf.) í ökutækjatryggingum hefur farið minnkandi á undanföllum árum eins og sést á mynd 34. Var hún á síðasta ári rétt undir 91%.

Mynd 34 Markaðshlutdeild 3 stærstu vátryggingafélaganna í ökutækjatryggingum 2004-2006




Mynd 34. Markaðshlutdeild 3 stærstu vátryggingafélaganna í ökutækjatryggingum 2004-2006.

Umsvif í áhættulíftryggingum og heilsutryggingum vaxa en söfnunarlíftryggingar dragast saman

Árið 1998 hófu vátryggingafélög hér á landi að bjóða söfnunarlíftryggingar með fjárfestingaráhættu líftryggingartaka. Næstu ár á eftir varð mikill vöxtur á iðgjöldum í greininni og náðu þau hámarki árið 2002. Síðan þá hefur hlutur söfnunarlíftrygginga farið minnkandi og iðgjöld í greininni hafa einnig farið minnkandi, eins og sést á mynd 35, sem sýnir skiptingu bókfærðra iðgjalda líftryggingafélaga á greinaflokka.

Mynd 35 Skipting bókfærðra iðgjalda á greinaflokka líftrygginga 2004-2006



Mynd 35. Skipting bókfærðra iðgjalda á greinaflokka líftrygginga 2004-2006.


Líftryggingafélög hafa hins vegar aukið starfsemi í áhættulíftryggingum og heilsutryggingum eins og sést einnig á mynd 35. Ekki er lengur mælanleg starfsemi líftryggingafélaganna í viðbótarlífeyrissparnaði.

Þessar tölur benda til þess að líftryggingafélög hafi horfið frá markaðssókn í sparnaði og sækir frekar á markaðssókn í áhættutryggingum vegna lífs og heilsu. Má búast við aukinni sérhæfingu félaganna á því sviði á næstu árum.

Umsvif váttryggingafélaga erlendis fara vaxandi

Á mynd 36 má sjá þróun síðustu þriggja ára í iðgjöldum og tjónum váttryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi í öðrum ríkjum EES. Tekið er á móti iðgjöldum á grundvelli veittrar þjónustu félaganna erlendis. Munar hér mestu um starfsemi European Risk Insurance Company hf. (ERIC) sem er eingöngu með starfsemi í ábyrgðartryggingum í Bretlandi.

Mynd 36 Starfsemi íslenskra váttryggingafélaga í öðrum ríkjum EES 2004-2006 á verðlagi ársins 2006



Mynd 36. Starfsemi íslenskra váttryggingafélaga í frumtryggingum í öðrum ríkjum EES 2004-2006 á verðlagi ársins 2006.


Auk veittrar þjónustu fara tengsl innlendra váttryggingafélaga við erlend váttryggingafélög almennt vaxandi. Tryggingamiðstöðin hf. á dótturfélag í Noregi, Nemi forsikring ASA sem sérhæfir sig í váttryggingum til atvinnurekstrar. Á þessu ári eignaðist Milestone ehf., eigandi Sjóváar-Almennra trygginga hf. sænsku fjármálasamsteypuna Invik & Co AB sem á váttryggingasamtæðuna Moderna Försäkringar, sem starfar bæði í líf- og skaðatryggingum. Exista hf., eigandi Váttryggingafélags Íslands hf. og Líftryggingafélags Íslands hf., seldi á árinu meirihluta sinn í breska váttryggingafélaginu IGI Group Ltd. Exista keypti hins vegar tæplega 20% eignarhlut í finnska váttryggingarfélaginu Sampo.

Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar

Stærstu einstöku eignir váttryggingafélaga til jöfnunar váttryggingaskuldar voru skráð verðbréf á reglulegum markaði en þau námu 36% á árinu 2006 eins og mynd 37 sýnir. Næst á eftir koma innstæður hjá lánastofnunum sem nema 22% og því næst verðbréf með ábyrgð ríkis annars vegar og fasteignir, lönd og lóðir hins vegar sem nema 17%. Samkvæmt reglugerð um eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar nr. 646/1995 eru ákveðin mörk á hverjum eignaflokki fyrir sig sem váttryggingafélagin mega nota til jöfnunar váttryggingaskuldar. Myndin sýnir að félögin eru næstum búin að fullnýta heimildir sínar t.d. í eignafloknum verðbréf skráð á reglulegum markaði og óskráð hlutabréf. Af þessu má ráða að íslensk váttryggingafélög eru frekar áhættusækin og fjárfesta mikið í hlutabréfum.


Með hliðsjón af fyrrgreindu er vert að nefna að nokkur íslensk váttryggingafélög tóku þátt í könnun á miðju ári 2007 (QIS3) á væntanlegum áhrifum Solvency II tilskipunarinnar sem Evrópusambandið vinnur nú að, þar sem markmiðið er að kröfur til gjaldþols taki mið af öllum áhættuþáttum í starfsemi váttryggingafélags. Í þessari könnun var m.a. markaðsáhattan tekin inn í þar sem gert var ráð fyrir gjaldþolskröfu (eiginfjárkröfu) sem svarar til 32% af hlutabréfaeign sem væntanlega verður íþyngjandi fyrir íslensku félögin með hliðsjón af framangreindu. Í eignafloknum verðbréf og kröfur án tryggingar eru félögin yfir leyfilegum mörkum en ástæða þess er m.a. sú að einstaka váttryggingafélög eru að starfa á undanþágu samkvæmt 13. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Mynd 37	Hlutföll eigna til jöfnunar váttryggingaskuldar 2005-2006	Mynd 38	Skipting váttryggingaskuldar og eigna til jöfnunar hennar 2006 eftir gjaldmiðlum
---------	---	---------	--



Mynd 37. Hlutföll eigna til jöfnunar váttryggingaskuldar 2005-2006.

Ef litið er á váttryggingaskuldina og í hvaða gjaldmiðlun hún er þá er hún 99% í ISK og 1% í GBP eins og mynd 38 sýnir. Ef litið er á eignir váttryggingafélaga eftir gjaldmiðlum sést að þær eru dreifðari heldur en váttryggingaskuldin. Eignirnar eru að mestu í ISK eða 86%, 5% í EUR, 4% í GBP, 3% í USD og 2% í NOK. Ástæða þessa er m.a. sú að íslensku váttryggingafélögin hafa verið í útrás og keypt nokkur erlend félög og starfsemi erlendis fylgja óhjákvæmilega eignir í annarri mynt en ISK. Í þessu sambandi er mikilvægt að váttryggingafélögin verji sig gagnvart aukinni gengisáhættu sem myndast hefur í kjölfar þessarar þróunar. Einnig er vert að íhuga það að váttryggingafélög mega ekki ávaxta meira en sem svarar 20% váttryggingaskuldbindinga sem eru í tilteknum gjaldmiðli, í eignum sem eru í öðrum gjaldmiðli samkvæmt 10. gr. fyrrnefndrar reglugerðar. Í ljósi þessa gæti þetta ákvæði orðið íþyngjandi fyrir váttryggingafélögin á næstunni auk þess sem þetta ákvæði er strangara heldur en gildir t.d. um lífeyrissjóði.



Mynd 38. Skipting váttryggingaskuldar og eigna til jöfnunar hennar 2006 eftir gjaldmiðlum.

2.5.2 Váttryggingamiðlun

Innlendum aðilum með starfsleyfi á sviði váttryggingamiðlunar fækkaði um einn á milli ára og eru þeir nú sex. Af þessum sex starfsleyfum er einn váttryggingamiðlari sem miðlar ekki nýjum váttryggingum heldur nýtir hann starfsleyfi sitt til að halda utan um fyrirliggjandi váttryggingastofn.

Fjöldi erlendra váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna með aðalstöðvar á Evrópska efnahagssvæðinu hafa heimild til að starfa hér á landi. Íslenskir váttryggingamiðlarar og váttryggingaumboðsmenn hafa enn sem komið er ekki óskað eftir því að veita þjónustu erlendis á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Umboðslaun vegna váttryggingamiðlara jukust frá því að vera tæpar 285 m.kr. 2005 í rúmlega 400 m.kr. 2006. Rekstur váttryggingamiðlara hefur í heildina batnað á milli ára og þrefaldaðist hagnaður þeirra og var 103 m.kr. árið 2006 í stað 33 m.kr. kr. árið 2005.



3.1 Alþjóðavæðing fjármálakerfisins

Eitt af sérkennum íslensks fjármálamarkaðar er sú staða að meirihluti tekna og eigna íslenskra fjármálafyrirtækja kemur erlendis frá en erlendir aðilar hafa nánast hverfandi starfsemi á Íslandi. Þannig stafar um 54% tekna viðskiptabankanna frá erlendri starfsemi, 60% útlána er til erlendra viðskiptamanna, eignir erlendra dótturfélaga nema um 45% af heildareignum og um helmingur starfsmanna þeirra starfar í erlendum starfsstöðvum. Fullyrða má að þessar tölur muni hækka.

Alþjóðavæðingin er ekki einskorðuð við viðskiptabankana heldur nær einnig til annarra fyrirtækja. Þannig hafa t.d. váttryggingafélögin keypt hluti í erlendum váttryggingafélögum eða hafið nánari samvinnu við erlenda váttryggjendur. Kauphöll Íslands og Verðbréfaskráning Íslands eru dótturfélög erlenda aðilans OMX A.B., auk þess sem íslenskir fjárfestar hafa keypt virka eignarhluti í erlendum váttryggingafélögum.

Þessi þróun hefur verið hröð og má sem dæmi nefna að á árinu 2004 voru erlendar tekjur viðskiptabankanna 29% rekstrartekna þeirra. Hraðinn hefur aukist og á síðustu mánuðum hefur þróunin verið sú að útrásin hefur í vaxandi mæli átt sér stað með stofnun útibúa.

Alþjóðavæðingunni fylgja ýmsir kostir s.s. aukin dreifing áhættu, breiðari tekjugrunnur og væntanlega sterkari efnahagur. Henni fylgja hins vegar einnig áhættur s.s. fjármögnun vaxtar, minni yfirsýn og það að stoðkerfi séu samþætt og vaxi jafnhvatt og samstæðan. Orðsporsáhætta vex einnig eftir því sem fyrirtæki stækka og ryðja sér til rúms á fleiri mörkuðum.

Afleiðingar þessarar þróunar fyrir Fjármálaeftirlitið hafa verið verulegar þar sem starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis byggir á starfsleyfi þeirra á Íslandi og trausti erlendra eftirlitsaðila til þess. Þegar um útibú er að ræða hvílir bein eftirlitsábyrgð á Fjármálaeftirlitinu en það ber ábyrgð á samstæðueftirliti þegar um dótturfélag er að ræða. Eftir því sem umsvif fyrirtækjanna vaxa er nauðsynlegt (og oft krafist) að samskipti „heimaeftirlits“ og „gistieftirlits“ aukist. Þessu til viðbótar kallar starfsemi utan EES á gerð og rekstur samstarfssamninga við erlend eftirlit.

Þannig hefur starfsemi Fjármálaeftirlitsins á stuttum tíma orðið alþjóðleg sem gerir nýjar kröfur til skipulags, vinnubragða og starfsfólks. Ljóst er að eftirlit með starfsemi erlendis og samskipti við erlenda aðila mun krefjast aukins tíma starfsmanna Fjármálaeftirlitsins ekki síður en vöxtur fjármálageirans innanlands. Mikilvægt er að vel takist til því trúverðugleiki íslenskra fyrirtækja og fjármálamarkaðarins er ekki síst metinn með hliðsjón af styrk og gæðum Fjármálaeftirlitsins og frammistöðu þess í erlendu samstarfi.

3.2 Útrásarleiðir fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga

Útrásarleiðir fjármálafyrirtækja

Útrás íslenskra fjármálafyrirtækja innan Evrópska efnahagssvæðisins byggir á þeim starfsleyfum sem Fjármálaeftirlitið gefur út á Íslandi. Evrópskar eftirlitsstofnanir treysta þannig á skilvirkni og sjálfstæði íslenska eftirlitsaðilans. Þegar um útrás til landa utan EES er að ræða þurfa fyrirtækin yfirleitt að sækja um sérstakt leyfi hjá eftirlitsaðila í viðkomandi ríki. Í byrjun október 2007 voru íslensk fjármálafyrirtæki með 56 starfseiningar í 21 landi.

Af tölunum hér fyrir neðan má sjá að fjölgunin hefur verið mjög hröð og ljóst er að töluverð aukning verður til áramóta. Jafnframt má gera ráð fyrir einhverri viðbót á árinu 2008. Það sem einkennir þróunina er mikil fjölgun útibúa sem leggur beina eftirlitsábyrgð á Fjármálaeftirlitið.

Fjöldi og tegundir starfsstöðva

	4. október 2007	Árslok 2005
Dótturfélög	31	21
Útibú	21	4
Umboðsskrifstofur	4	1
Fjöldi stafseininga alls	56	26
Erlend ríki þar sem starfsemi er stunduð	21	12

Erlendar starfsstöðvar íslenskra lánaþyrirtækja

	Dótturfélög	Útibú	Umboðsskrifstofur	Dótturfélög eða útibú dótturfélaga
Bretland	X	X		
Írland	X			
Noregur	X	X		X
Svíþjóð	X	X		
Danmörk	X	X		
Finnland	X	X		
Færeyja		X	X	
Frakkland	X			
Swiss				X
Lúxemborg	X			
Belgía				X
Holland	X	X		X
Býskaland		X		X
Spánn				X
Ítalía				X
Malta				X
Tékkland	X			
Slóvakía				X
Litháen		X		
Rússland				X
Bandaríkin	X			X
Kanada		X	X	
Singapore				X
Kína			X	
Mön	X			
Guernsey	X			
Dubai		X		
Qatar		X		

Gera verður þann fyrirvara að hollenski bankinn NIBC og dótturfélög hans eru meðtalin í tölunni en Fjármálaeftirlitið hefur ekki samþykkt kaupin.

Útrásarleiðir váttryggingafélaga

Fjármálaeftirlitið fylgist með útrás innlendra váttryggingafélaga og innlendra eignarhaldsfélaga erlendis á váttryggingamarkaði. Horfur eru á áframhaldandi útrás íslenskra aðila á váttryggingamarkaði. Tiltekin innlend váttryggingafélög bjóða þjónustu sína á Evrópska efnahagssvæðinu og má vænta þess að slíkt aukist. Þetta hefur, líkt og á lánasviði, í för með sér nýjar áherslur í eftirliti með starfsemi viðkomandi váttryggingafélaga. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með þessari starfsemi félaganna sem heimaeftirlit á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Mikilvægt er að aðilar vandi til undirbúnings váttryggingarsamninga og að hugað sé að þeim réttarreglum sem við eiga hverju sinni þ.á.m. varðandi val á löggjöf um váttryggingarsamninga.

Eitt innlent váttryggingafélag á erlent váttryggingafélag í Noregi sem dótturfélag. Vegna þessa er nán samvinna milli Fjármálaeftirlitsins og norska fjármálaeftirlitsins (Kredittilsynet) um eftirlit með starfsemi umræddra váttryggingafélaga. Fjármálaeftirlitið hefur stöðu svokallaðs „lead supervisor“ í samvinnu eftirlitanna. Sem slíkt hefur Fjármálaeftirlitið aukna ábyrgð með eftirliti með váttryggingafélagunum og samstæðu félaganna í heild sinni þ.á.m. að hafa nauðsynlega yfirsýn yfir rekstur umræddra félaga.

Kaup íslenskra fyrirtækja í fjármálaþjónustu á erlendum félögum á tímabilinu 1.07.2006 til 1.10.2007.

Íslenskt fyrirtæki	Erlent fyrirtæki	Lönd	Efnahagsreikningur í uppgjörsmynt (milljónir) 31.12. 2006	Tegund starfsemi
Tryggingamiðstöðin hf.	Nemi forsikring ASA	Noregur	1.186 m.NOK	Váttryggingafélag
Milestone hf.	Invik & Co AB	Svíþjóð (höfuðstöðvar), Luxemburg, Holland, Noregur	14.489 m.SEK	Fjármálasamsteypa með meginstarfsemi á váttryggingasviði (Moderna Försäkringar) auk banka-starfsemi í Luxemburg (Banque Invik)
Exista hf.	Sampo Group Oyj (19,98%)	Finnland (höfuðstöðvar), Svíþjóð, Eistland, Lettland, Litháen	47.260 m. EUR	Váttryggingasamstæða
Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf.	eQ	Finnland	627 m.EUR	Fjárfestingabanki
Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf.	Wood and Company (50%)	Tékkland Slóvenía Malta Sviss Lúxemburg	51,2 m.EUR	Fjárfestingabanki
Glitnir banki hf.	FIM Group Oy (Glitnir Corporation)	Finnland Svíþjóð Rússland	142,4 m.EUR	Fjárfestingabanki
Glitnir banki hf.	Leimdörfer AB (90%)	Svíþjóð Finnland Noregur	81,3 m.SEK	Fasteignafélag
Glitnir banki hf.	BSA AS	Noregur	32,9 m.NOK	Fasteignafélag
Landsbanki Íslands hf.	Bridgwell (Landsbanki Securities Ltd)	Bretland	48,9 m.GBP	Verðbréfafyrirtæki
Landsbanki Íslands hf.	Cheshire Guernsey Limited	Guernsey	124,6 m.GBP	Viðskiptabanki
Kaupþing banki hf.	NIBC	Holland Bandaríkin Bretland Belgía Þýskaland Singapur	32.636 m.EUR	Viðskiptabanki

3.3

Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda aðila/félaga sem í lok október 2007 hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu:

Erlendir bankar með starfsstöð, þ.e. útibú	1 *)
Erlendir bankar án starfsstöðvar	147
Verðbréfasjóðir (UCITS)	30
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	825
Váttryggingafélög með starfsstöð	2 *)
Váttryggingafélög án starfsstöðvar	316
Váttryggingamiðlarar og váttryggingaumboðsmenn	3.712

*) Eitt erlent fjármálaþjónustufyrirtæki starftekir útibú á Íslandi en um er að ræða útibú frá sænska bankanum Forex Bank Ab. Jafnframt hafa þýsku váttryggingafélögin Allianz Lebensversicherungs AG og Allianz Versicherungs AG útibú á Íslandi.

3.4

Eftirlitsstarfsemi í alþjóðlegu umhverfi

Aukin alþjóðavæðing íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja og aukin Evrópusamstarf eftirlitsaðila hafa kallað á umtalsverða aukningu í erlendum samskiptum Fjármálaeftirlitsins.

Sífelld aukin eftirspurn er eftir upplýsingagjöf um íslenska fjármálamarkaðinn frá ýmsum erlendum aðilum, s.s. alþjóðastofnunum, lánshæfismatsfyrirtækjum og greiningardeildum. Markmið Fjármálaeftirlitsins er að sinna þessu enn frekar með aukinni upplýsingamiðlun á ensku.

Á fyrrihluta ársins 2007 setti Fjármálaeftirlitið sérstaka stefnu um eftirlit með erlendra starfsemi íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja og framkvæmdi greiningu á vinnuálagi vegna þessa. Helstu atriði stefnunnar eru eftirfarandi:

- **Eftirlit með útibúum:** Vettvangsheimsóknir í stærri útibú á tveggja ára fresti en í minni útibú eftir þörfum en þó aldrei sjaldnar en á fjögurra ára fresti.
- **Eftirlit með dótturfélögum:** Þátttaka í vettvangsheimsóknnum gistiríkis ef eignarhlutur nemur 10% af heildareignum samstæðu, auk þess sem slík dótturfélög verða heimsótt á tveggja ára fresti til að fá gott yfirlit yfir starfsemi.
- **Upplýsingagjöf:** Árleg skýrslugjöf vegna útibúa og dótturfélaga á (rafrænu) eyðublaði Fjármálaeftirlitsins, auk efnahags- og rekstrarreiknings allra útibúa og dótturfélaga sem nema 10% af heildareignum samstæðu.
- **Samskipti við erlend eftirlit:** Reglulega farið almennt yfir stöðuna þar sem umfang íslenskra fyrirtækja er mikið.
- **Samstarfssamningar (MoU):** Fylgja eftir „útrás“ til ríkja utan EES með gerð samstarfssamninga.
- **Kostnaður:** Innheimta sérstakt gjald skv. 7 gr. laga nr. 99/1999 vegna nýrrar erlendra starfsemi sem ekki er gert ráð fyrir í rekstraráætlun viðkomandi árs.

Samstarf við erlendar systurstofnanir

Fjármálaeftirlitið á talsverð samskipti og samstarf við erlendar systurstofnanir þar sem íslensk fjármálafyrirtæki eru með starfsemi. Slík samskipti eiga sér m.a. stað við kaup íslenskra fjármálafyrirtækja á erlendum fjármálafyrirtækjum, við stofnsetningu útibúa erlendis og einnig í tengslum við viðvarandi eftirlit með fjármálafyrirtækjunum á samstæðugrundvelli, svo sem fjárhagslegt eftirlit, mat á hæfi stjórnenda og eigenda o.fl.

Fjármálaeftirlitið á reglubundin samskipti við systurstofnanir á öðrum Norðurlöndum. Í fyrsta lagi er um að ræða árlega fundi þar sem stjórnendur eftirlitanna hittast og ræða ýmis málefni er varða þróun á fjármálastarfsemi á Norðurlöndum og samþættingu eftirlits þar sem það á við. Einnig eru starfandi sérfræðingahópar með fulltrúum frá öllum löndunum þar sem t.d. er fjallað um ýmis tæknileg efni er varða eftirlit og innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins.

Samstarfssamningar

Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu átt í auknum samskiptum við eftirlitsaðila utan Evrópska Efnahagssvæðisins í tengslum við starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja í þeim ríkjum. Sérstakur þáttur í þessum samskiptum er gerð samstarfssamninga við erlend eftirlit sem er nauðsynlegt þegar um ríki utan EES er að ræða.


Á tímabilinu voru undirritaðir samstarfssamningar við eftirfarandi eftirlitsaðila:

- Isle of Man Financial Supervisory Commission
- China Banking Regulatory Commission
- Dubai Financial Services Authority

Að auki er í undirbúningi gerð samstarfssamninga við eftirlitsaðila í Kanada, Bandaríkjunum, Qatar, Guernsey, Hong Kong og Færeyjum.

Evrópskar samstarfsnefndir og alþjóðlegt samstarf

Fjármálaeftirlitið er aðili að samstarfsnefndum fjármálaeftirlita í Evrópu. Þessar nefndir eru CEBS, CEIOPS og CESR. Nefndirnar eru hluti af svokölluðu Lamfalussy ferli Evrópusambandsins en tilgangur þess var m.a. sá að auka einsleitni og samræmi í starfsemi verðbréfamarkaða, bæta samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja og fjármagnsmarkaða og stuðla að auknum hagvexti og atvinnu. Ferlið skiptist í fjögur stig og tilheyrir framangreindar nefndir þriðja stigi ferilsins. Meginhlutverk nefndanna er að vinna að samræmingu eftirlits innan svæðisins og styðja þannig við skilvirkan innri markað auk þess að sinna ráðgjöf við framkvæmdastjórnina um mótun samræmdrar löggjafar á fjármála-markaði. Neðangreind mynd lýsir Lamfalussy ferlinu og hlutverki aðila á hverju stigi.



Fjármálaeftirlitið tekur virkan þátt í starfi ofangreindra nefnda og er slík þátttaka nauðsynleg til þess að tryggja að innleiðing reglna og framkvæmd eftirlits sé með sambærilegum hætti innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í starfi þriggja sérfræðinganefnda innan CEBS (Committee of European Banking Supervisors) en þær eru sérfræðinganefnd um samræmingu í eftirlitsframkvæmd (Group de Contact), sérfræðinganefnd um eiginfjárkröfur (Expert Group on Capital Requirement) og sérfræðinganefnd um fjárhagslegar upplýsingar (Expert Group on Financial Information). Starf þessara nefnda hefur undanfarið ár að megin stefnu varðað samræmda innleiðingu á Basel II eiginfjárreglum.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í starfi CEIOPS (Committee of European Insurance and Occupational Pensions Supervisors) og tiltekinna sérfræðinganefnda á vegum CEIOPS en þær eru sérfræðinganefnd um miðlun váttrygginga og sérfræðinganefnd um Solvency II.

Fjármálaeftirlitið er aðili að og tekur þátt í starfi CESR (Committee of European Securities Regulators). CESR hefur veigamiklu hlutverki að gegna við túlkun og samræmingu á þeim reglum sem lúta að verðbréfasviði og því leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að taka þátt í sérfræðingnefndum er þar starfa. Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu m.a. tekið þátt í samræmingarvinnu vegna MiFID tilskipunarinnar, lýsingatilskipunarinnar, yfirtökutilskipunarinnar og gagnseistilskipunarinnar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið haldið áfram þátttöku í CESR Review Panel, CESR-Tech og CESR-Pol. Fjármálaeftirlitið hefur auk þess skipað fulltrúa í undirnefnd CESR-Pol sem nefnist Surveillance & Intelligence group.

Framkvæmdahópur um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Ísland er aðili að FATF (Financial Action Task Force on Money Laundering) sem er alþjóðlegur framkvæmdahópur sem vinnur gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. FATF framkvæmdi úttekt á vörnum Íslands gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á árinu 2006 og verður úttektinni fylgt eftir á árinu 2008 með könnun á úrbótum. Fjármálaeftirlitið sækir reglulega fundi FATF sem eru haldnir þrisvar sinnum á ári.

3.5

Flóknari áhættustýring - aukið flækjustig

Íslenskur fjármálamarkaður hefur tekið miklum breytingum á stuttum tíma. Landfræðilegur vöxtur fjármálafyrirtækjanna hefur haft í för með sér að tekjugrunnur fyrirtækjanna hefur breikkað á sama tíma sem rekstrar- og áhættudreifing hefur aukist til muna. Þessum aukna vexti fylgja fjölmörg viðfangsefni sem tengjast samþættingu rekstrareininga og upplýsingakerfa og lágmörkun samþættingaráhættu sem er fylgífiskur mikils vaxtar. Auknum vexti fylgir einnig aukið flækjustig sem fylgir umfangsmeiri og dreifðari rekstri og auknu framboði af flóknum fjármálaafurðum fyrirtækjanna. Starfsemi fjármálafyrirtækjanna í mörgum löndum fylgja einnig auknar kröfur um utanumhald og áhættustýringu á samstæðugrundvelli og yfirsýn yfir tryggningar og stórar áhættuskuldbindingar.

Í ljósi vaxtar erlendar starfsemi fjármálafyrirtækjanna hefur Fjármálaeftirlitið lagt aukna áherslu á að fylgjast með þróun áhættustýringar hjá fjármálafyrirtækjum. Þá hefur upptaka nýrra eiginfjáreglna, Basel II, leitt til aukinnar kröfu um áhættustýringu fjármálafyrirtækja. Framangreint hefur einnig í för með sér að nauðsynlegt verður að efla starfsemi innri endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja.

Alþjóðavæðing íslenskra fjármálafyrirtækja hefur gert þau ónæmari fyrir sveiflum í íslensku efnahagslífi en aftur á móti eru þau nú orðin mun næmari fyrir sveiflum á alþjóðlegum mörkuðum. Þá eru þau einnig komin undir smásjá erlendra eftirlitsstjórnvalda, greiningaraðila og lánsþæfismatsfyrirtækja.

3.6

Orðspors- og umræðuáhætta

Orðsporsáhætta er hætta á verulega neikvæðu viðhorfi gagnvart aðila í fjármálastarfsemi vegna athafna eða athafnaleysis fyrirtækisins eða annarra. Gildir einu hvort um er að ræða réttmætt viðhorf eða ekki, sem haft getur áhrif á lánstraust og viðskiptavild fjármálafyrirtækis vegna þess að almenn tiltrú þess bíður álitshnekki.

Á árinu 2006 urðu íslensku fjármálafyrirtækin þess rækilega áskynja að framrás þeirra á erlenda markaði vakti athygli og áhuga erlendra aðila á íslensku efnahags- og fjármálakerfi. Umræðan snérist í einu vettvangi gegn íslensku fjármálafyrirtækjunum og í raun að miklu leyti gegn íslensku fjármála- og efnahagskerfi. Íslenskt fjármálakerfi þótti einkennast af þröngu eignarhaldi og ógegnsæi auk þess sem krosseignarhald í íslensku viðskiptalífi var nokkuð gagnrýnt.

Fjármálafyrirtækin, Fjármálaeftirlitið og önnur stjórnvöld brugðust við þeirri gagnrýni sem fram kom og juku gegnsæi með auknu frumkvæði í upplýsingagjöf auk þess sem dregið var nokkuð úr krosseignarhaldi. Fjármálaeftirlitið hélt á árinu 2006 um 60 fundi með erlendum lánsþæfismatsfyrirtækjum, greiningaraðilum og fjölmiðlum og virðist áhuginn vera litlu minni á árinu 2007.

Orðsporsáhætta íslenskra fjármálafyrirtækja

Alþjóðavæðing íslenskra fjármálafyrirtækja hefur haft í för með sér að áhugi erlendra eftirlitsaðila, greinenda, viðskiptafjölmiðla og lánsþæfismatsfyrirtækja hefur aukist til muna. Þetta gerir auknar kröfur til fjármálafyrirtækja um gegnsæi og upplýsingagjöf.

Ein leið til þess að auka gegnsæi á fjármálamarkaði er samræmi í regluverki og eftirlitsframkvæmd. Evrópusambandið hefur á undanföllum árum lagt áherslu á aukið samræmi á þessum sviðum. Slíkt samræmi eykur einsleitni í regluumhverfi og stuðlar að auknu öryggi á evrópskum fjármálamarkaði. Það er m.a. hlutverk samstarfsnefnda evrópskra fjármálaeftirlita að móta og samræma regluverk á evrópskum fjármálamarkaði. Dæmi um slíkt regluverk eru Basel II staðallinn um eiginfjárkröfu og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, Solvency II reglurnar á váttryggingamarkaði og MiFID tilskipunin á verðbréfamarkaði.

Vegna smæðar íslenska hagkerfisins má gera ráð fyrir að eignarhald fyrirtækja sé þrengra og viðskiptatengsl meiri en í stærri ríkjum. Í þessu felst áhætta er snýr m.a. að orðspori íslenskra fjármálafyrirtækja. Til þess að lágmarka áhrifin af þeirri orðsporsáhættu sem þröngt eignarhald hefur í för með sér þurfa íslensku fyrirtækin að vera í fararbroddi hvað varðar góða stjórnarhætti, vandaða og skilvirka upplýsingagjöf og virka eftirfylgni með innri reglum.

Úrræði og hlutverk Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið hefur á undanföllum tveimur árum lagt mikla áherslu í starfi sínu á eftirlit með tiltölulega þröngu eignarhaldi í íslenskum fjármálafyrirtækjum enda orðspor þeirra og íslensks fjármálamarkaðar í heild viðkvæmt að því er þetta varðar. Helstu verkefni Fjármálaeftirlitsins á þessu sviði eru:

- Mat og eftirlit með virkum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum, þ.e. 10% eða meira og hæfi aðila til þess að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

- Viðskipti fjármálafyrirtækja við venslaða aðila séu byggð á armslengdarsjónarmiðum.
- Eftirlit með stórum áhættuskuldbindingum, en reglur kveða á um að enginn einn eða tengdir aðilar séu með meiri fyrirgreiðslu en sem nemur 25% af eigin fé hjá fjármálafyrirtæki.
- Hæfismat framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja

Í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2006 um starfsreglur stjórnna fjármálafyrirtækja er gerð krafa um að fjármálafyrirtæki leggi fyrir ytri endurskoðanda að fara yfir fyrirgreiðslu til venslaðra aðila og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina. Samkvæmt tilmælunum skal ytri endurskoðandi jafnframt gefa rökstutt álit um að armslengdarsjónarmiða hafi verið gætt við meðferð slíkra mála. Í tilmælunum eru einnig ákvæði um að stjórnarmenn víki af fundi þegar mál er þá varða eru til meðferðar.

Sameiginlegir hagsmunir

Orðspor fjármálafyrirtækis er verðmætasta eign þess. Það eru sameiginlegir hagsmunir Fjármálaeftirlitsins og fjármálafyrirtækja að íslensk fjármálafyrirtæki njóti trausts og trúverðugleika á alþjóðlegum mörkuðum. Útrás íslensku fjármálafyrirtækjanna hófst fyrir alvöru um mitt ár 2004. Íslensku fyrirtækin hafa vissulega mátt þola andstreymi og gagnrýni á þessu þriggja ára tímabili. Til þess að yfirvinna andstreymið er lykilatriði að fyrirtæki byggji upp traust með því að leggja áfram aukna áherslu á gegnsæi og heilbrigða viðskiptahætti. Útrás íslenskra fjármálafyrirtækja byggir á þeim starfsleyfum sem Fjármálaeftirlitið veitir þeim. Þau starfsleyfi eru þannig lykill þeirra að erlendum mörkuðum. Í því ljósi er afar brýnt að Fjármálaeftirlitið sé sjálfstætt, hafi nægar og skilvirkar valdheimildir og fjárhagslegt svigrúm til þess að stunda eftirlit í alþjóðlegu umhverfi. Það eru sameiginlegir hagsmunir allra aðila í íslensku fjármálakerfi.



4.1

Fjöldi eftirlitsskyldra aðila

Þann 30. júní 2007 var fjöldi þeirra aðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem hér greinir:

	Fjöldi 30.06.2007	Starfa skv. lögum nr.:
Viðskiptabankar	4	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Sparisjóðir	21	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Lánafyrirtæki	12	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Innlánsdeildir samvinnufélaga	1	l. nr. 22/1991 um samvinnufélög
Verðbréfafyrirtæki	9	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfamiðlanir	2	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	7	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfasjóðir (fjöldi 25 þ.a. 4 deildaskiptir)*		l. nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði
Fjárfestingarsjóðir (fjöldi 37 þ.a. 5 deildaskiptir)*		l. nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði
Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir	1	l. nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða
Verðbréfamiðstöðvar	1	l. nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa
Lífeyrissjóðir	40	l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
Vátryggingafélög	12	l. nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi
Vátryggingamiðlarar	6	l. nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar	3	Ýmis lög
Samtals	119 *)	

*) Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir eru reknir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjóðirnir eru ekki meðtöldir í heildarfjölda eftirlitsskyldra aðila. Nokkrir sjóðanna eru deildaskiptir.

4.2

Breytingar á starfsleyfum, heitum og fjölda eftirlitsskyldra aðila á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.

Fjármálafyrirtæki

Þann 30. nóvember 2006 var nafni Sparisjóðabanka Íslands hf. breytt í Icebank hf.

Þann 8. desember 2006 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar.

Þann 21. júní 2006 hætti innlánsdeild Kaupfélags Austur-Skaftfellinga starfsemi.

Þann 30. desember 2006 tóku gildi lög nr. 150/2006, um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. fékk starfsleyfi lánafyrirtækis þann 14. september 2007.

Þann 18. janúar 2007 var samþykktur samruni Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Hornafjarðar en við samrunann var Sparisjóði Hornafjarðar slitið og er nafn sameinaðs sjóðs Sparisjóður Vestmannaeyja.

Þann 26. janúar 2007 var samþykktur samruni Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Ólafsvíkur en við samrunann var hinum síðarnefnda sparisjóði slitið og er nafn sameinaðs sjóðs Sparisjóðurinn í Keflavík.

Þann 30. janúar 2007 veitti Fjármálaeftirlitið SPRON Verðbréfum hf., aukið starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki.

Þann 6. mars 2007 veitti Fjármálaeftirlitið H.F. Verðbréfum hf.

starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Þann 13. mars 2007 var nafni sameinaðs sparisjóðs Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar breytt í Byr sparisjóður.

Þann 27. des. 2006 var nafni Sjóvá-Fjármögnunar hf. breytt í Askar Capital hf. Þann 11. mars 2007 var nafni Askar Capital hf. breytt í Avant.

Þann 20. apríl 2007 veitti Fjármálaeftirlitið Saga Capital Fjárfestingabanka hf. starfsleyfi sem lánafyrirtæki (fjárfestingarbanki) á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða

Þann 14. júní 2007 veitti Fjármálaeftirlitið Rekstrarfélagi MP Fjárfestingarbanka hf. starfsleyfi til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnun fjármálagerna í sameiginlegri fjárfestingu.

Staðfestingar verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Eftirgreindir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir hlutu staðfestingu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, á skýrslutímabilinu. Sjóðirnir eru tilgreindir undir heiti viðkomandi rekstrarfélags ásamt dagsetningu staðfestingar:

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.	Staðfesting
Alþjóðlegur Hávaxtasjóður ÍV fjárfestingarsjóður	19.12.2006
Landsvaki hf.	
Landsbanki Diversified Yield Fund fjárfestingarsjóður	27.09.2006
Landsbanki Nordic 40 verðbréfasjóður	27.12.2006
Safnbréf blönduð fjárfestingarsjóður	15.02.2007
Safnbréf framsækin “	15.02.2007
Safnbréf varfærin “	15.02.2007
Peningabréf Landsvaka CAD “	17.04.2007
Peningabréf Landsvaka DKK “	17.04.2007
Rekstrarfélag Kaupþings banka hf.	
Kaupthing Liquidity Fund EUR fjárfestingarsjóður	25.08.2006
Kaupthing Liquidity Fund USD “	18.09.2006
Kaupthing Liquidity Fund GBP “	22.11.2006
Kaupthing Nordic Equities verðbréfasjóður	05.03.2007
Kaupthing Scandinavian Fund “	05.03.2007
Kaupthing Global Opportunities fjárfestingarsjóður	07.06.2007
Kaupthing Emerging Leaders Fund verðbréfasjóður	07.06.2007
Kaupþing Erend hlutabréf EUR-deild fjárfestingarsjóður	08.06.2007
Glitnir sjóðir hf.	
Fjárfestingarsjóðir Glitnis	
Peningamarkaðsbréf EUR fjárfestingarsjóður	09.05.2007
Peningamarkaðsbréf NOK	09.05.2007
Peningamarkaðsbréf USD	09.05.2007
Rekstrarfélag SPRON hf.	
Peningamarkaðssjóður SPRON hf. fjárfestingarsjóður	01.09.2006
Stýrður hlutabréfasjóður “	18.09.2006
BRÍK – sjóðurinn verðbréfasjóður	18.12.2006
Rekstrarfélag MP Fjárfestingarbanka hf.	
Verðbréfasjóður MP Fjárfestingarbanka	
MP Eastern European Fund verðbréfasjóður	22.8.2007
MP Baltic growth Fund “	22.8.2007
Fjárfestingarsjóður MP Fjárfestingarbanka	
Fyrirtækjaskuldabréfasjóður MP fjárfestingarsjóður	19.10.2007
Peningamarkaðssjóður MP “	19.10.2007
Nafnbreytingar verðbréfa- og fjárfestingarsjóða	
Markaðsbréf Landsbankans 1 heitir nú	Markaðsbréf Landsbankans - stutt
Markaðsbréf Landsbankans 2 heitir nú	Markaðsbréf Landsbankans - meðallöng
Ís 15 heitir nú	Kaupþing Ís 15
Úrvalsvitölusjóður heitir nú	Kaupþing Úrvalsvitölusjóður
Einingabréf 9 heitir nú	Kaupþing Heildarvitölusjóður
Peningamarkaðssjóður heitir nú	Kaupþing Peningamarkaðssjóður
Skammtímasjóður heitir nú	Kaupþing Skammtímasjóður
Hávaxtasjóður heitir nú	Kaupþing Hávaxtasjóður
Ríkisverðbréfasjóður-millilangur heitir nú	Kaupþing Ríkisverðbréfasjóður - millilangur
Ríkisverðbréfasjóður-langur heitir nú	Kaupþing Ríkisverðbréfasjóður - langur
KB Skuldabréf Stutt heitir nú	Kaupþing Skuldabréf - Stutt
KB Skuldabréf Millilöng heitir nú	Kaupþing Skuldabréf - Millilöng
KB Skuldabréf Löng heitir nú	Kaupþing Skuldabréf - Löng
Eignarstýringarsjóður heitir nú	Kaupþing Eignarstýringarsjóður
Alþjóða sjóðurinn heitir nú	Alþjóða virðissjóðurinn

Sameiningar og slit verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Þann 15. september 2006 var tveimur sjóðsdeildum Verðbréfa-sjóðs Sparisjóðanna, Lyf- og líftækisjóðnum og Hátækisjóðnum, slit. Þann sama dag voru sjóðsdeildirnar Fjármálasjóðurinn og Alþjóða sjóðurinn sameinaðar undir heitinu Alþjóða virðissjóðurinn. Rekstrarfélag Sparisjóðanna hf. er rekstrarfélag sjóðsins.

Þann 29. mars 2007 voru verðbréfasjóðir Landsvaka, Markaðsbréf Landsbankans 3 og Markaðsbréf Landsbankans 4 sameinuð og ber sjóðurinn nú heitið Markaðsbréf Landsbankans – löng.

Þann 29. mars 2007 voru fjárfestingarsjóðir Landsvaka, Safnbréf hlutabréf/skuldabréf sameinuð sjóðnum Safnbréf varfærin.

Þann 29. mars 2007 voru fjárfestingarsjóðir Landsvaka, Safnbréf innlend/erlend sameinuð sjóðnum Safnbréf blönduð.

Þann 31. maí 2007 var verðbréfasjóðnum Markbréf slitið. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. var rekstrarfélag sjóðsins.

Lífeyrissjóðir

Lífeyrissjóður Austurlands og Lífeyrissjóður Norðurlands sameinuðust þann 1. janúar 2007 og var nafni sameinaðs sjóðs breytt í Stapi lífeyrissjóður.

Lífeyrissjóðurinn Lífið og Samvinnulífeyrissjóðurinn sameinuðust þann 1. janúar 2007 og var nafni sameinaðs sjóðs breytt í Stafir lífeyrissjóður.

Lífeyrissjóður Vesturlands sameinaðist Lífeyrissjóði Suðurlands þann 29. desember 2006 og var nafni sameinaðs sjóðs breytt í Festa lífeyrissjóður.

Eftirlaunasjóður starfsmanna Íslandsbanka hf. breytti nafni sínu í Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis hf. með samþykktabreytingum sem tóku gildi þann 25. mars 2007.

Vátryggingamarkaður

Vátryggingafélög

Þann 30. maí 2007 var heiti Varðar Íslandstryggingar hf. breytt í Vörður tryggingar hf.

Vátryggingamiðlanir

Þann 16. janúar 2007 skilaði Tryggingamiðlun Reykjavíkur hf. inn starfsleyfi sínu til miðlunar vátrygginga.

Aðrir eftirlitsskyldir aðilar

Með breytingu á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, frá 17. mars 2007 (l. nr. 53/2007) var felld niður eftirlitsskylda Fjármáleftirlitsins með Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

Höfuðstöðvar

VIÐSKIPTABANKAR

Glitnir banki hf.	Reykjavík
Icebank hf.	Reykjavík
Kaupþing banki hf.	Reykjavík
Landsbanki Íslands hf.	Reykjavík
Straumur – Burðarás Fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík

(starfsleyfi viðskiptabanka 28.08.2007. Áður fjárfestingarbanki)

SPARISJÓÐIR

Byr sparisjóður	Reykjavík
nb.is-sparisjóður hf.	Reykjavík
Sparisjóður Bolungarvíkur	Bolungarvík
Sparisjóður Húnaþings og Stranda	Hvammstangi
Sparisjóður Höfðhverfinga	Grenivík
Sparisjóður Kaupþings hf.	Reykjavík
Sparisjóður Kópavogs	Kópavogur
Sparisjóður Mýrasýslu	Borgarnes
Sparisjóður Norðfjarðar	Neskaupstaður
Sparisjóður Norðlendinga	Akureyri
Sparisjóður Ólafsfjarðar	Ólafsfjörður
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.	Reykjavík

(breytt í hlutafélag 19.09.2007)

Sparisjóður Siglufjarðar	Siglufjörður
Sparisjóður Skagafjarðar	Sauðárkrókur
Sparisjóður Strandamanna	Hólmavík
Sparisjóður Suður-Þingeyinga	Laugar
Sparisjóður Svarfdæla	Dalvík
Sparisjóður Vestfirðinga	Þingeyri
Sparisjóður Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar
Sparisjóður Þórshafnar	Þórshöfn
Sparisjóðurinn í Keflavík	Keflavík

Lánafyrirtæki

Askar Capital hf. (starfsleyfi 29.08.2007)	Reykjavík
Avant hf.	Reykjavík
Borgun hf. (hét Kreditkort hf. til 31.07.2007)	Reykjavík
Byggðastofnun	Reykjavík
Fjálsi Fjárfestingarbankinn hf.	Reykjavík
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	Reykjavík

(starfsleyfi lánafyrirtækis 14.09.2007)

Lýsing hf.	Reykjavík
MP Fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík
Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.	Akureyri
SP-Fjármögnun hf.	Reykjavík
Valitor hf. (hét Greiðslumiðlun hf. til 6.09.2007)	Reykjavík
VSF-fjárfestingarbanki hf.	Reykjavík

INNLÁNSDEILDIR SAMVINNUFÉLAGA

Kaupfélag Skagfirðinga	Skagafjörður
------------------------	--------------

Höfuðstöðvar

VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Arev verðbréfafyrirtæki hf.	Reykjavík
Arion verðbréfavarslan hf.	Reykjavík
Íslensk verðbréf hf.	Akureyri
H.F. Verðbréf hf.	Reykjavík
Jökklar – Verðbréf hf.	Reykjavík
NordVest Verðbréf hf.	Reykjavík
SPRON Verðbréf hf.	Reykjavík
Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf.	Reykjavík
Virðing hf.	Reykjavík

VERÐBRÉFAMIÐLANIR

A Verbréf hf. (starfsleyfi 13.09.2007)	Reykjavík
Íslenskir fjárfestar hf.	Reykjavík
Vaxta hf. – verðbréfamíðlun	Kópavogur

REKSTRARFÉLÖG VERÐBRÉFASJÓÐA

og verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir reknir af heim.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.	Akureyri
Verðbréfasjóður ÍV	(deildaskiptur verðbréfasjóður)
Ríkisskuldabréfasjóður ÍV	deild í Verðbréfasjóði ÍV)
Skuldabréfasjóður ÍV	“
Heimssjóður ÍV	“
Fjárfestingarsjóður ÍV	(deildaskiptur fjárfestingarsjóður)
Peningamarkaðssjóður ÍV	(deild í Fjárfestingarsjóði ÍV)
Hlutabréfasjóður ÍV	“
Alþjóðlegur skuldabréfasjóður ÍV	“
Alþjóðlegur hávaxtasjóður ÍV	“

Landsvaki hf.

Reykjavík

Verðbréfasjóðir Landsvaka	(deildaskiptur verðbréfasjóður)
Markaðsbréf stutt	“
Markaðsbréf millilöng	“
Markaðsbréf löng	“
Sparibréf	(verðbréfasjóður)
Skuldabréfasjóður	(verðbréfasjóður)
Vísitölubréf	(verðbréfasjóður)
Landsbanki Global Equity Fund	(verðbréfasjóður)
Reiðubréf	(verðbréfasjóður)
Landsbanki Nordic 40	(verðbréfasjóður)
Fjárfestingarsjóðir Landsvaka	(deildaskiptur fjárfestingarsjóður)
Peningabréf ISK	(deild í Fjárfestingarsjóðir Landsvaka)
Fyrirtækjabréf	“
Úrvalsbréf	“
Peningabréf EUR	“
Peningabréf GBP	“
Peningabréf USD	“

Höfuðstöðvar

Landsbanki Global Opportunity Fund	<i>(fjárfestingarsjóður)</i>
Safnbréf blönduð	“
Safnbréf framsækin	“
Safnbréf varferin	“
Landsbanki Diversified Yield Fund	“
Peningabréf L. CAD	“
Peningabréf L.DKK	“

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Reykjavík

Kaupþing Úrvalsvisitölusjóður	<i>(verðbréfasjóður)</i>
IceQ	“
Kjarabréf	“
Ríkisverðbréfasjóður langur	“
Ríkisverðbréfasjóður millilangur	“
Kaupþing Emerging Leaders Fund	“
Kaupþing Scandinavian Fund	“
Kaupþing Nordic Equities	“
Kaupþing Skammtímasjóður	<i>(fjárfestingarsjóður)</i>
Kaupþing Hávaxtasjóður	“
Kaupþing IS 15	“
KB erlend hlutabréf	<i>(deildaskiptur fjárfestingarsjóður)</i>
EUR-deild	<i>(deild í KB erlend hlutabréf)</i>
ISK-deild	“
Kaupþing Samval	<i>(fjárfestingarsjóður)</i>
Ævileið 1	“
Ævileið 2	“
Kaupþing Eignastýringarsjóður	“
Kaupþing Peningamarkaðssjóður	“
Kaupþing Heildarvisitölusjóður	“
KB Langtímasjóður	“
KB erlend skuldabréf	“
KB skuldabréf stutt	“
KB skuldabréf löng	“
KB skuldabréf millilöng	“
KB verðbréfavall 1	“
KB verðbréfavall 2	“
KB verðbréfavall 3	“
KB verðbréfavall 4	“
KB verðbréfavall 5	“
Kaupthing Liquidity Fund EUR	“
Kaupthing Global Opportunities Fund	“
Kaupthing Liquidity Fund USD	“
Kaupthing Liquidity Fund GPD	“

Glitnir sjóðir hf. Reykjavík

Verðbréfasjóðir Glitnis	<i>(deildaskiptur verðbréfasjóður)</i>
GLB Sjóður 1 – skuldabréf	<i>(deild í Verðbréfasjóðir Glitnis)</i>
GLB Sjóður 5 – íslensk ríkisskuldabréf	“
GLB Sjóður 6 – aðallistinn	“
GLB Sjóður 7 – löng ríkisskuldabréf	“
GLB Sjóður 11 – fyrirtækjabréf	“
GLB Sjóður 12 – heimssafn	“

Höfuðstöðvar

Fjárfestingarsjóðir Glitnis	<i>(deildaskiptur fjárfestingarsjóður)</i>
GLB Sjóður 9 – peningamarkaðsbréf	<i>(deild í Fjárfestingarsjóðir Glitnis)</i>
GLB Sjóður 9.1 – peningamarkaðsbréf E	“
GLB Sjóður 9.2 – peningamarkaðsbréf N	“
GLB Sjóður 9.3 – peningamarkaðsbréf U	“
GLB Sjóður 10 – úrval innlendra hlutabréfa	“
GLB Sjóður 15 – úrval erlendra ríkisskuldabréfa	“

Rekstrarfélag Sparisjóðsins hf. Reykjavík

Verðbréfasjóðir Sparisjóðanna	<i>(deildaskiptur verðbréfasjóður)</i>
Úrvalssjóðurinn	<i>(deild í Verðbréfasjóðir Sparisjóðanna)</i>
Skuldabréfasjóðurinn	“
Alþjóða virðissjóðurinn	“
Alþjóða vaxtasjóðurinn	“
Fjárfestingarsjóður Sparisjóðanna	<i>(deildaskiptur fjárfestingarsjóður)</i>
Fyrirtækjasjóðurinn	<i>(deild í Fjárfestingarsjóði Sparisjóðanna)</i>
Peningamarkaðssjóðurinn	“

Rekstrarfélag SPRON hf. Reykjavík

Skuldabréfasjóðurinn-Stuttur	<i>(verðbréfasjóður)</i>
Skuldabréfasjóðurinn-Langur	“
Úrvals hlutabréfasjóðurinn	“
Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa	“
Alþjóða hlutabréfasjóðurinn	“
BRÍK- hlutabréfasjóðurinn	“
Peningamarkaðssjóður SPRON	<i>(fjárfestingarsjóður)</i>
Stýrður hlutabréfasjóður	“

Rekstrarfélag MP Fjárfestingarbanka hf.

Verðbréfasjóður MP Fjárfestingarbanka	<i>(deildaskiptur verðbréfasjóður)</i>
MP Baltic Growth Fund	<i>(deild í Verðbréfasjóði MP Fjárfestingarbanka)</i>
MP Eastern European Fund	„
Fjárfestingarsjóður MP Fjárfestingarbanka	<i>(deildaskiptur fjárfestingarsjóður)</i>
MP Baltic Growth Fund	<i>(deild í Fjárfestingarsjóði MP Fjárfestingarbanka)</i>
MP Eastern European Fund	„

KAUPHALLIR OG AÐRIR TILBOÐSMARKAÐIR

Kauphöll Íslands hf.	Reykjavík
----------------------	-----------

VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR

Verðbréfaskráning Íslands hf.	Reykjavík
-------------------------------	-----------

LÍFEYRISSJÓÐIR

Almenni lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Eftirlaunasjóður F.Í.A.	Reykjavík
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	Keflavík

Höfuðstöðvar

Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	Reykjavík
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	Hafnarfjörður
Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis banka hf.	Reykjavík
Eftirlaunasjóður starfsmanna Ólíuverslunar Íslands	Reykjavík
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	Reykjavík
Festa - lífeyrissjóður	Reykjanesbær
Fjálsi lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Gildi-lífeyrissjóður	Reykjavík
Íslenski lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	Akranes
Lífeyrissjóður bankamanna	Reykjavík
Lífeyrissjóður bænda	Reykjavík
Lífeyrissjóður Hf. Eimskipafélags Íslands	Reykjavík
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	Reykjavík
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	Reykjavík
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunar	Reykjavík
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	Reykjavík
Lífeyrissjóður Rangæinga	Hella
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	Akureyri
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	Kópavogur
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	Reykjavík
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	Vestmannaeyjar
Lífeyrissjóður Tanmlæknafélags Íslands	Reykjavík
Lífeyrissjóður verkfræðinga	Reykjavík
Lífeyrissjóður verslunarmanna	Reykjavík
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	Ísafjörður
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	Reykjavík
Stafir lífeyrissjóður	Reykjavík
Stapi lífeyrissjóður	Akureyri
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Reykjavík
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Reykjavík

VÁTRYGGINGAFÉLÖG

European Risk Insurance Company hf.	Reykjavík
Íslensk endurtrygging hf.	Reykjavík
Kaupþing líftryggingar hf.	Reykjavík
Líftryggingafélag Íslands hf.	Reykjavík
Líftryggingamiðstöðin hf.	Reykjavík
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.	Reykjavík
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	Reykjavík
Trygging hf.	Reykjavík
Tryggingamiðstöðin hf.	Reykjavík
Vátryggingafélag Íslands hf.	Reykjavík
Viðlagatrygging Íslands	Reykjavík
Vörður trygging hf.	Reykjavík

Höfuðstöðvar**VÁTRYGGINGAMIÐLANIR**

Árni Reynisson ehf.	Reykjavík
Fjárfestingarmiðlun Íslands ehf.	Kópavogur
Nýja vátryggingaþjónustan hf.	Reykjavík
Olaf Forberg	Kópavogur
Tryggingamiðlun Íslands ehf.	Reykjavík
Tryggingar og ráðgjöf ehf.	Reykjavík

Vátryggingamiðlarar sem falla undir starfsábyrgðartryggingu vátryggingamiðlana

Árni Reynisson	- Árni Reynisson ehf.
Guðmundur Þór Magnússon	- Tryggingar og ráðgjöf ehf.
Karl Jónsson	- Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Ómar Einarsson	- Nýja vátryggingaþjónustan hf.
Þorlákur Pétursson	- Fjárfestingarmiðlun Íslands ehf.

AÐRIR EFTIRLITSSKYLDIR AÐILAR

Íbúðalánasjóður	Reykjavík
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta	Reykjavík
Tryggingasjóður sparisjóða	Reykjavík

5.1

Almennt

Lög nr. 55/2007**Breytingar:**

Með lögnum urðu breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Með lögnum voru gerðar breytingar á lögum; nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, lögum nr. 60/1994 um váttrygginga-starfsemi. Lögin kveða á um auknar heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að beita stjórnvaldssektum vegna brota. Lögin hafa það að markmiði að samræma viðurlagaákvæði í þeim lagabálkum sem varða fjármálamarkaðinn auk þess að auka skilvirkni og hagræði. Þá var bætt við ákvæðum í lög á fjármálamarkaði sem stuðla að fyllri samvinnu lögreglu og Fjármálaeftirlitsins við rannsókn mála. Lögin fela í sér víðtæka breytingu sem gerir það að verkum að nú getur Fjármálaeftirlitið beitt stjórnvaldssektum vegna nánast allra brota sem heyra undir löggjöf á fjármálamarkaði. Loks er með lögnum lögfest heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að ljúka málum með sátt. Sektir fyrir brot á lögnum geta numið allt frá 25.000 kr. til 25.000.000 kr. fyrir einstaklinga og 50.000 kr. til 50.000.000 kr. fyrir fyrirtæki.

5.2

Lánamarkaður

Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki**Breytingar:**

Lög nr. 170/2006: Með lögnum voru innleiddar Basel II reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja. Farin var sú leið að einungis meginatriði eru tekin upp í lögin sjálf, en varðandi nánari útfærslur og tækniatriði er vísað í reglur sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu. Markmið breytinganna er að ákvörðun um lágmark eigin fjár fjármálafyrirtækja verði byggð á nákvæmari viðmiðum en hingað til hefur verið stuðst við, þannig að fyrirtæki sem hafa góða stjórn á áhættum sínum geti notið þess við útreikning á eiginfjárkröfunni

Lög nr. 111/2007: Í júní sl. voru gerðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki í tengslum við innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um markaði fyrir fjármálagerninga (e. *Markets in Financial Instruments Directive* eða *MiFID-tilskipunin*). Felst breytingin aðallega í því að lögin ná nú til allrar starfsemi sem tengist fjárfestum, þ.m.t. fjárfestingarráðgjafar. Þá er rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) starfsleyfis skyld starfsemi. Breytingarnar fela einnig í sér að þeim fjármálagerningum sem

falla undir gildissvið tilskipunarinnar fjölgar og má þar nefna hrávörufleiður og afleiðugerninga til yfirfærslu lánaáhættu. Lögin tóku gildi 1. nóvember sl.

Reglur um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja nr. 215/2007.

Í byrjun árs 2007 setti Fjármálaeftirlitið nýjar reglur um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja en þær leystu af hólmi eldri reglur nr. 530/2003. Reglur Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á nýjum alþjóðlegum reglum um eigið fé fjármálafyrirtækja sem gengu í gildi í ársbyrjun 2007 en þær reglur eru byggðar á staðli frá Basel-nefndinni um bankaefirlit, svo nefndum Basel II staðli. Markmið breytinganna er einkum að ákvörðun um lágmark eigin fjár fjármálafyrirtækja verði byggð á nákvæmari viðmiðunum en hingað til hefur verið stuðst við, þannig að fjármálafyrirtæki sem hafa góða stjórn á áhættum sínum geti notið þess við útreikning á eiginfjárkröfunni.

Reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum nr. 216/2007.

Fjármálaeftirlitið setti í byrjun árs 2007 nýjar reglur um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum. Reglurnar komu í stað eldri reglna nr. 531/2003. Nýju reglurnar innleiddu ákvæði 106. til 119. gr. tilskipunar 2006/48/EB (áður 2000/12/EB) sem breytt var í tengslum við innleiðingu á Basel II reglum í tilskipanir Evrópusambandsins. Fyrirgreind ákvæði tilskipunarinnar kveða á um áhættuskuldbindingar vegna einstaks viðskiptamanns eða tengdra aðila, sem nema 10% eða meira af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis (stórar áhættuskuldbindingar) og tilgreiningu á þeim liðum sem koma til frádráttar við útreikning á stórum áhættuskuldbindingum. Hámarkshlutfallið er 25% af eiginfjárgrunni fyrir áhættuskuldbindingar eins viðskiptamanns eða tengdra aðila.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2006 um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Með tilmælunum er ætlunin að kveða á um efni reglna um framkvæmd starfa stjórnar í fjármálafyrirtæki. Tilmælin miða að því að innri starfsreglum sé ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála og vandaða og óháða málsmeðferð. Tilgangur þeirra er að tryggja skýrleika í málsmeðferð, styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og tengdra aðila og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn. Helstu nýmæli

tilmælanna er að gerð er krafa um að fjármálafyrirtæki leggi fyrir ytri endurskoðanda að fara yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina og gefa rökstutt álit, meðal annars m.t.t. kjara, endursamminga og stöðu viðkomandi (armslengdarsjónarmið). Fjármálaeftirlitið fer fram á að skýrslur ytri endurskoðanda vegna slíkra úttekta verði sendar eftirlitinu árlega fyrir fjármálafyrirtæki þar sem niðurstaða efnahagsreiknings samstæðu er yfir 50 milljarðar króna en annað hvert ár fyrir önnur fjármálafyrirtæki.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2007 um viðmiðunarreglur til að efla samræmi í aðferðum í eftirliti með fjármálafyrirtækjum.

Í tilmælunum eru lagðar til grundvallar Basel II reglurnar um eigið fé fjármálafyrirtækja, sem byggðar eru á staðli frá Basel-nefndinni.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2007 um viðmiðunarreglur vegna álagsprófa, samþjöppunar- og vaxtaáhættu hjá fjármálafyrirtækjum.

Með tilmælunum eru innleiddar viðmiðunarreglur Samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á lánamarkaði (Committee of European Banking Supervisors (CEBS)) til að efla samræmi í aðferðum í eftirliti með fjármálafyrirtækjum (Guidelines on the Application of the Supervisory Review Process under Pillar 2 (GL 03)). Í reglunum kemur fram að við mat á eiginfjárbörf (ICAAP) eigi fjármálafyrirtæki að taka með í reikninginn áhrif vegna efnahagssveiflna auk næmni fyrir utanaðkomandi áhættu, s.s. landaáhættu, áhættu tengdri því lagaumhverfi sem þau starfa í og áhættu vegna aðgerða samkeppnisaðila. Álagspróf eru notuð til að meta þessi áhrif. Fjármálaeftirlitið getur notað álagspróf til að kanna hvort þörf er á afskiptum þess af starfsemi fjármálafyrirtækisins.

Túlkun á 3. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, varðandi atkvæðisrétt í sparisjóðum.

Þann 8. ágúst 2007 birti Fjármálaeftirlitið eftirfarandi túlkun um atkvæðisrétt í sparisjóðum varðandi til hvaða sjónarmiða skuli líta við mat á tengslum aðila:

„Í 3. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki kemur fram að engum sé heimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í sparisjóði. Við mat á óbeinni hlutdeild í framangreindum ákvæðum gilda sömu sjónarmið og um sama hugtak í 40. gr. og 40. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.“

5.3

Verðbréfamarkaður

Lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og lög nr.

110/2007 um kauphallir, 13. júní 2007. Með lögunum var innleidd MiFID tilskipun Evrópusambandsins nr. 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga. Einnig var innleidd með verðbréfalögunum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem skráð eru á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (e. *transparency directive* eða *gagnsæistilskipunin*).

Reglugerð 169/2007, 1. mars 2007. Í henni fólst breyting á reglugerð 243/2006 sem hafði verið sett um gildistöku á reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004. Sú reglugerð var sett um framkvæmd Prospectus tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2003/71/EB, að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Reglugerðin var sett vegna gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1787/2006 frá 4. desember 2006 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004. Reglugerðin var sett á grundvelli 73. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 987/2006 frá 21. nóvember 2006. Reglurnar fjalla um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja.

Reglur Kauphallar fyrir útgefendur verðbréfa, 2. apríl 2007.

Reglurnar eru gefnar út í samræmi við lög nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Reglurnar kveða á um skráningu og upplýsingaskyldu fyrir útgefendur hlutabréfa, skuldabréfa og hlutdeildarskírteina. Reglur þessar, sem eru settar til viðbótar og árettingar ákvæðum laga og reglugerða um kauphallir og skipulega verðbréfamarkaði annars vegar og um verðbréfavíðskipti hins vegar, s.s. um skráningu, lýsingar og upplýsingaskyldu.

Túlkun á 2. mgr. 40 gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, um verð í yfirtökutilboði.

Þann 4. október sl. birti Fjármálaeftirlitið eftirfarandi túlkun:

„Fjármálaeftirlitið telur að í 2. mgr. 40. gr. felist þrjár mismunandi aðferðir við að komast að niðurstöðu um verð, en tilboðsverð skuli ávallt byggja á þeirri aðferð sem gefur hæsta verð. Leiðir þetta af orðum laganna um að verðið skuli nema a.m.k. hæsta verði á ákveðnu tímabili en þó vera að lágmarki jafnhátt síðasta viðskiptaverði á ákveðnum tíma. Einnig samræmist þessi skýring vel þeim almennum sjónarmiðum um þann tilgang yfirtökureglna að vernda minni hluta hluthafa í félögum sem eru yfirtekin á þann hátt að hluthafar geti selt hluti sína á sanngjörnu verði.“

Fjármálaeftirlitið telur að skilja verði orð 2. mál. 2. mgr. 40. gr. um viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndast eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð, þannig að átt sé við öll viðskipti með viðkomandi hluti en ekki einungis verð í viðskiptum tilboðsgjafa eða samstarfsaðila.”

5.4 Lífeyrissjóðir

Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Breytingar

Lög nr. 65/2006: Með lögnum er gerð breyting á 3. mgr. 16. gr. þannig að óvígð sambúð samkynhneigðra er lögð að jöfnu við óvígða sambúð gagnkynhneigðra.

Lög nr. 108/2006: Með lögnum er gerð breyting á 4. og 5. mgr. 8. gr. vegna framkvæmdar Hoyvíkur-samningsins. Líftryggingafélögum sem hafa staðfestu og starfsleyfi í Færeyjum er þannig heimilt að taka við iðgjaldi með samningi um viðbót-artryggingaværingu.

Lög nr. 140/2006: Með lögnum er gerð sú breyting að þegar bakábyrgðaraðili lífeyrissjóðs, sem nýtur bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka, greiðir inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr., sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, þá skuli sjóðnum heimilt að taka við og eiga slík verðbréf óháð 10% takmörkun á fjárfestingu í óskráðum verðbréfum, skv. 1. másl. 3. mgr. 36. gr.

Lög nr. 167/2006: Með lögnum er lágmarksíðgjald til lífeyrissjóða hækkað úr 10% í 12%. Þá er lífeyrissjóðum sem njóta, eða nutu, bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka gert kleift að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr.

Lög nr. 78/2007 um starfstengda eftirlaunasjóði.

Með lögnum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun. Ákvæði laganna taka til eftirlaunasjóða sem eru starfstengdir og valkvæðir. Þá er lögaðilum gert kleift að bjóða skilgreinda þjónustu yfir landamæri innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Túlkun á 2. mgr. 48. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, um tilkynningaskyldu til Fjármálaeftirlitsins vegna sameininga lífeyrissjóða.

Þann 15. febrúar 2007 birti Fjármálaeftirlitið eftirfarandi túlkun: „Samkvæmt 2. mgr. 48. gr. laga nr. 129/1997 ber lífeyrissjóðum að tilkynna fjármálaráðuneytinu og Fjármálaeftirlitinu þegar í stað um

ákvörðun um slit lífeyrissjóðs skv. 1. mgr. 48. gr. hvort heldur sem er með sameiningu eða öðrum hætti. Að mati Fjármálaeftirlitsins ber lífeyrissjóðum samkvæmt framangreindu að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slit lífeyrissjóðs með sameiningu við annan sjóð um leið og slík ákvörðun hefur verið tekin af stjórn sjóðsins eða öðrum ákvörðunaradila ef því er að skipta. Í slíkri tilkynningu er ennfremur nauðsynlegt samkvæmt nefndu ákvæði að fram komi sú dagsetning sem sameiningin mun miðast við.”

Túlkun vegna aukningar eða skerðingu réttinda skv. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Þann 20. febrúar 2007 birti Fjármálaeftirlitið eftirfarandi túlkun: „Með tilliti til efnis 2. mgr. 39. gr. og 8. tl. 2. mgr. 27. gr. er nauðsynlegt að allar breytingar á réttindum sjóðfélaga, þ.á.m. hlutfallsleg aukning eða skerðing áunninna réttinda, komi fram í samþykktum lífeyrissjóða og hljóti sem slíkar staðfestingu fjármálaráðuneytis í samræmi við 28. gr. laganna.”

Túlkun á 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða; heimildir lífeyrissjóða til að stunda verðbréfalán.

Þann 13. júlí 2007 birti Fjármálaeftirlitið eftirfarandi túlkun: „Í 36. gr. laga nr. 129/1997 eru fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða skýrt skilgreindar og tæmandi upp talið með hvaða hætti lífeyrissjóðum er heimilt að ráðstafa fjármunum sínum, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Þar er ekki að finna heimild til að stunda verðbréfalán og lífeyrissjóðum því ekki heimil slík viðskipti að mati Fjármálaeftirlitsins.”

5.5 Vátryggingarmarkaður

Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar nr. 108/2006.

Lögin fela m.a. í sér breytingu á lögum um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994. Þau gera vátryggingendum á Íslandi og Færeyjum heimilt að stunda vátryggingastarfsemi á grundvelli starfsleyfis heima fyrir enda sé fullnægt skilyrðum til stofnunar útibús eða til að veita þjónustu án starfsstöðvar.

Í tengslum við lögin er Fjármálaeftirlitið að vinna að gerð samstarfssamnings (MoU) við vátryggingaefirlitið í Færeyjum.

Reglugerð um próf í vátryggingamiðlun nr. 972/2006.

Í samvinnu við prófnefnd vátryggingamiðlara stendur Fjármálaeftirlitið fyrir prófi í vátryggingamiðlun fyrir þá sem hyggjast hafa umsjón með daglegri starfsemi vátryggingamiðlunar skv. 17. gr. laga um miðlun vátrygginga. Umsækjandi um próf þarf

að standast þær prófkröfur sem fram koma í reglugerðinni. Fyrsti hluti prófsins er munnlegur sem miðast við að sannreyna að umsækjandi búi yfir nauðsynlegri þekkingu á lagaumhverfi váttryggingamiðlunar og váttryggingastarfsemi. Annar hluti prófsins er skriflegur og miðast við að sannreyna hæfni viðkomandi til úrlausnar verkefna.

Fyrsta prófið var haldið hjá Fjármálaeftirlitinu í nóvember 2007.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2007 um starfshætti váttryggingasölumanna váttryggingamiðlara, váttryggingaumboðsmanna og váttryggingafélaga.

Tilmælunum er ætlað að stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum m.a. við sölu váttrygginga að teknu tilliti til laga um miðlun váttrygginga nr. 32/2005, laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 og laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Lögin um miðlun váttrygginga kveða á um upplýsingaskyldu váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna og váttryg-

ingasölumanna. Váttryggingasöluumaður samkvæmt tilmælunum er einstaklingur sem starfar á vegum eða í umboði tiltekins váttryggingafélags, váttryggingaumboðsmanns eða váttryggingamiðlara á grundvelli ráðningar- eða verksamnings sbr. til hliðsjónar 4. tl. 3. gr. laga um miðlun váttrygginga. Umrædd lög kveða á um skyldur aðila m.a. við sölu váttrygginga. Lögin um váttryggingastarfsemi fjalla að mörgu leyti um starfshætti váttryggingafélaga en einungis að litlu leyti um starfshætti sölufélks váttryggingafélaga. Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að samskonar reglugildi um starfsemi váttryggingasölumanna hvort heldur sem þeir starfi á vegum váttryggingamiðlara, váttryggingaumboðsmanna eða váttryggingafélaga. Lögin um váttryggingarsamninga hafa og ákvæði um upplýsingaskyldu aðila við sölu váttrygginga. Í tilmælunum eru ákvæði um nauðsynlega þekkingu og ábyrgð aðila, starfshætti þeirra og upplýsingaskyldu. Áður en váttryggingarsamningur er gerður skal váttryggingasöluumaður t.d. skýra væntanlegum váttryggingartaka frá þeim ástæðum sem liggja að baki ráðleggingum hans. Rökstuðningurinn skal taka mið af eðli þess váttryggingarsamnings sem mælt er með.



HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR ÁRSREIKNINGI FME FYRIR ÁRIÐ 2006

Hér eru sýndar helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn Fjármálaeftirlitsins þann 29. maí 2007 og áritaður af Ríkisendurskoðun þann 30. maí 2007. Ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: www.fme.is.

Rekstrarreikningur árið 2006

Tekjur	2006	2005
Tekjur af eftirlitsgjaldi	435.054.000	299.903.000
Aðrar tekjur	9.545.027	5.511.780
	444.599.027	305.414.780
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	279.180.727	239.455.520
Úrskurðarnefndir	5.604.387	4.624.091
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	17.030.236	16.393.805
Ferða- og starfstengdur kostnaður	26.778.625	22.722.068
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	22.531.678	7.587.568
Rekstur tækja og áhaldar	6.977.200	6.034.916
Annar rekstrarkostnaður	4.549.912	3.909.044
Húsnæðiskostnaður	25.023.942	24.893.895
Tilfærslur	1.068.500	604.900
	388.745.207	326.225.807
Eignakaup	7.433.995	2.995.713
	396.179.202	329.221.520
Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur	48.419.828	(23.806.740)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	10.678.588	4.783.300
Tekjuafgangur ársins / (Tekjuhalli)	59.098.416	(19.023.440)

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	2006	2005
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	550.466	0
Viðskiptakröfur	5.061.145	1.832.521
Aðrar skammtímakröfur	2.490.938	760.201
Handbært fé	50.016.597	6.128.009
	58.119.146	8.720.731
Eignir alls	58.119.146	8.720.731
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(10.145.835)	8.877.605
Tekjuafgangur ársins / (tekjuhalli)	59.098.413	(19.023.440)
Eigið fé	48.952.578	(10.145.835)
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	0	14.006.004
Viðskiptaskuldir	375.200	998.200
Aðrar skammtímaskuldir	8.791.368	3.862.362
Skuldir	9.166.568	18.866.566
Eigið fé og skuldir	58.119.146	8.720.731

